

skoðun 14



SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu

Allt
Háskólanám






Hönnun innblásin af gosinu
*Verið er að hanna flíkur fyrir E-label sem eru innblásnar af eldgosinu í Eyjafjallajökli.*
fólk 30





# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

ÞRIÐJUDAGUR

20. apríl 2010 — 91. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



## Bíða eftir 17 milljónum



*Garðar Gunnlaugsson og Ásdís Rán bíða eftir ógreiddum launum Garðars frá CSKA Sofia.*
fólk 30

## Útbjuggu spil fyrir yngstu kynslóðina

*Höfundar Spurt að leikslokum gefa út fjögur ný spurningaspil.*



tímamót 20



## Öruggt hjá Keflavík

*Keflavík hefur tekið forystuna í úrslitarimmunni gegn Snæfelli um Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta.*
íþróttir 26


**veðrið í dag**




**ÚRKOMA VESTAN TIL** Í dag verða suðaustan 8-13 m/s með slyddu eða snjókomu norðvestan til, annars hægari og úrkomulítið en slydda eða rigning suðvestan til síðdegis.

veður 4



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**GRJÓTFLUG OG GOSMÖKKUR** Horft til suðausturs yfir gíginn í Eyjafjallajökli í gær. Grjótflugið úr gígnum sést vel; björg á stærð við bíla þyrlast upp og lenda sum hver á gígbarminum vinstra megin á myndinni. Fremst á myndinni hægra megin er Goðasteinn, litla fjallið fjærst er Drangshlíðarfjall og sést handan við það niður á Skógasand.

# Slátruðu nautgripunum

**Bændur undir Eyjafjöllum hafa yfirgefið heimilið en sinna skepnum eftir getu. Hafa þurft að slátra nautgripum og vita ekki hvort þeir heyja í sumar. „Jökullinn hefur alltaf bara verið fallegur og skýlt okkur.“**

**ELDGOS** Bændur á Raufarfelli I undir Eyjafjöllum hafa yfirgefið bæinn en fara tvisvar á dag að sinna skepnunum. Þeir hafa þurft að keyra fjórtán nautgripi, sem gengu úti, til slátrunar.

„Við tókum þá ákvörðun á laugardag að fara. Þá var allt í svartamyrkri og við ósofin vegna hávaða,“ segir Anna Björk Ólafsdóttir, bóndi á Raufarfelli.

Hún segir síðustu daga hafa reynt mikið á og vont að vita ekki um áhrif öskunnar á skepnurnar né hvort heyjað verði í sumar. Börnin skilji ekki til fullnustu hvað gangi á. „Jökullinn hefur alltaf bara verið fallegur og skýlt okkur fyrir norðanáttinni,“ segir Anna Björk.

Í dag má búast við að gosaska berist ekki langt frá gosstöðinni, að mati Veðurstofunnar, en talsverð eldvirkni var enn í þremur gígum í gær. Hraunkleprar náðu allt að þriggja kílómetra hæð í sprengingum úr gígunum en hraun rann ekki. Flugfélög hafa orðið fyrir um 130 milljarða króna tjóni vegna gossins og Icelandair Group telur sig hafa tapað hundrað milljónum á degi hverjum frá því að það hófst.

- kóþ, sbt, jab / sjá síður 6 og 8

Ferskir innfluttir ávextir og grænmeti liggja undir skemmdum í Hollandi:

# „Verðum að bíta í það súra epli“

**NEYTENDUR** Fersk jarðarber, kryddjurtir og viðkvæmar káltegundir með stuttan líftíma mun skorta hér á landi til skamms tíma vegna röskunar á millilandaflugi til meginlands Evrópu. Ávextir og grænmeti með lengri líftíma eru yfirleitt flutt hingað sjóleiðina.

Kjartan Már Friðsteinsson, framkvæmdastjóri Banana, segir viðbúið að fersk jarðarber muni vanta í veislur. Hverja sendingu þarf að panta með tveggja daga fyrirvara.

Eggert Árni Gíslason, framkvæmdastjóri Mötu, segir ferskar vörur fluttar inn frá Hollandi tvisvar til þrisvar í viku. Ein sending hefur fallið niður hjá fyrirtækinu. Vörurnar bíða enn á flugvellinum úti og reiknar Eggert með því að þær fari ekki lengra en í ruslið. Ekki er um verulegt magn að ræða. Vonast er til að flug komist nú í samt lag að hluta eftir röskun í tæpa viku. Frestist flug frá meginlandinu frekar er hægt að flytja inn ávexti og grænmeti frá Bandaríkjunum. Verð þar er hins vegar mun hærra en í Evrópu.

Eggert segir ekki liggja fyrir hversu mikið röskun á flugi kostar Mötu. Hann reiknar með að málin skýrist fljótlega og verður þá kannað hvort fyrirtækið sé tryggt fyrir skakkaföllum sem þessum. „Við verðum líklega bara að bíta í það súra epli,“ segir hann. - jab










## SPURNING DAGSINS



*Ari, verður þarna starfsemi í öllum regnbogans litum?*

„Þetta verður í öllum litum og líka í Cinema Scope.“

Samtök íslenskra kvikmyndagerðarmanna vilja breyta Regnboganum í menningarmiðstöð fyrir kvikmyndaáhugafólk. Ari Kristinsson er formaður SÍK.

Maður liggur þungt haldinn á gjörgæslu eftir að hafa drukkið baneitrað efni:

# Einn í haldi vegna eiturbyrlunar

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður um fertugt var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald grunaður um að hafa orðið valdur að því að annar maður innbyrti stíflueyði í samkvæmi í Eskihlíð aðfaranótt laugardagsins síðasta. Sá sem innbyrti hið ætandi efni liggur þungt haldinn á gjörgæsludeild Landspítalans. Honum er haldið sofandi í öndunarvél.

Tveir menn voru upphaflega handteknir vegna málsins – húsráðandinn í samkvæminu og gestur. Gestinum var sleppt að loknum yfirheyrslum en húsráðandinn úrskurðaður í tveggja daga gæsluvarðhald til miðvikudags.



**LANDSPÍTALINN Í FOSSVOGI** Manninum er haldið sofandi í öndunarvél á gjörgæsludeild Landspítalans. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Maðurinn sem innbyrti efnið komst af sjálfsdáðum til síns heima. Þar sá kona hans að ekki var allt með felldu og kom honum umsvifalaust á spítala. Þegar hann kom þangað var hann afar illa haldinn, með brunasár í munni, í vélinda, skeifugörn og maga.

Ekki liggur fyrir hvað varð til þess að maðurinn innbyrti stíflueyðinn, en þó bendir ekkert til þess að hann hafi beinlínis verið neyddur til þess. Lögregla reyndi í gær að ná tali af fleiri gestum úr samkvæminu til að afla frekari upplýsinga um málavexti. **- sh**

Björgólfur Thor Björgólfsson:

# Ætlar að greiða lán sín að fullu

**VIÐSKIPTI** Björgólfur Thor Björgólfsson athafnamaður segist ætla að greiða öll sín lán að fullu. Björgólfur skuldar 128 milljarða að eigin sögn en í skýrslu rannsóknarnefndarinnar segir að hann skuldi 170 milljarða.

Björgólfur baðst afsökunar á aðkomu sinni að viðskiptalífinu í síðustu viku og á því sem betur hefði mátt fara. Í yfirlýsingu sinni sem hann sendi fjölmiðlum segist hann vilja ljúka skuldauppgjöri með sóma. Yfirlýsingu Björgólfs má lesa í heild sinni á Vísi.

Lög um nektardans:

# Ungir karlar andvígir banni

**KÖNNUN Ungir karlmenn undir þrítugu eru andvígir lögum um bann við nektardansi samkvæmt könnun MMR. Alls voru 70 prósent svarenda í þeim hópi andvíg lögunum.**

**Af þeim sem tóku afstöðu sögðust 54,1 prósent vera fylgjandi lögunum og 45,9 prósent sögðust andvíg lögunum. Töluverður munur var á afstöðu svarenda eftir kyni og aldri. Þannig voru 76 prósent kvenna fylgjandi lögunum en eingöngu 33 prósent karla. Þá voru 44 prósent svarenda undir þrítugu fylgjandi lögunum borið saman við 53 prósent hjá aldurshópnum 30-49 ára og 64 prósent meðal 50 ára og eldri.**

**Lögin taka gildi 1. júlí.**

Prófessor í lögfræði við HR:

# Landsdómur þarf ekki að vera ónothæfur

**STJÓRNSÝSLA** Ekki þarf alltaf að vera hægt að áfrýja ákvörðunum dómstóla svo þær standist Mannréttindasáttmála Evrópu. Því er ofsagt að landsdómur sé ónothæfur eins og Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra, sagði hér í blaðinu á laugardag.



RAGNHILDUR HELGADÓTTIR

Þetta segir Ragnhildur Helgadóttir, lagaprófessor við Háskólann í Reykjavík.

„Í sáttmálanum er undanþáguheimild fyrir þessu og því er þetta ekki skilyrðislaus krafa,“ segir hún. Árið 1999 hafi danskt landsdómsmál farið fyrir mannréttindadómstólinn án athugasemda. **- kóþ**

# Höfuðpaurs í kókaínsmygli leitað á Spáni

**Átta sitja í gæsluvarðhaldi grunaðir um innflutning á rúmlega þremur kílóum af mjög sterku kókaíni til Íslands. Þeirra á meðal er margdæmdur fyrrverandi flóttamaður. Höfuðpaursins hefur verið leitað á Spáni síðan málið kom upp.**

**LÖGREGLUMÁL** Átta manns, sjö karlar og ein kona, sitja nú í gæsluvarðhaldi grunuð um að tengjast innflutningi á rúmlega þremur kílóum af mjög sterku kókaíni til Íslands fyrr í mánuðinum. Kókaínið kom í tveimur sendingum frá Alicante á Spáni, og vó hvor sending um 1.600 grömm.

Fyrri sendingin kom til landsins laugardaginn 10. apríl í farangri Jóhannesar Mýrdal, rúmlega fimmtugs Reykvíkings. Efnin voru vandlega falin í ferðatösku sem hann hafði meðferðis. Pétur Jökull Jónasson, 31 árs, sótti töskuna á heimili Jóhannesar, kom henni fyrir í bíl og fór með að heimili Orra Freys Gíslasonar, 30 ára. Þar fóru Orri og Davíð Garðarsson, 40 ára, að bílnum og opnuðu töskuna. Þeir voru þá handteknir. Í töskunni reyndust vera 1.600 grömm af kókaíni sem fyrstu mælingar benda til að sé mjög sterkt. Fimmti maðurinn var einnig handtekinn vegna fyrri sendingarinnar.

Um klukkan fimm morguninn eftir kom ungt par með flugi frá Alicante. Það reyndist vera með svipað magn af kókaíni í fórum sínum, falið á sama hátt í eins tösku. Talið er víst að málin tengist. Á fimmtudaginn síðasta var svo áttundi maðurinn handtekinn við komuna frá útlöndum.

Davíð Garðarsson er talinn eiga mestan hlut að máli af þeim sem handteknir hafa verið. Hann hefur margoft verið dæmdur. Hann hlaut meðal annars tveggja og hálfs árs fangelsisdóm árið 2005 fyrir nauðgun og var síðan á flótta undan réttvísinni í tvö ár þar til hann var sóttur til Indlands í mars 2007.





**Á FLÓTTA** Þessi mynd af Davíð Garðarssyni var tekin þegar hann var á flótta undan réttvísinni í útlöndum. Hann hefur áður verið bendlaður við stór fíkniefnamál.

Í janúar 2007 var hópur fólks dæmdur í langa fangavist fyrir kókaínsmygl og kom fram við málflutning að Davíð væri grunaður um skipulagningu þess. Hann var þá á flótta. „Ég er löngu hættur í glæpum og er bara fyrrverandi glæpamaður,“ sagði Davíð í viðtali við Fréttablaðið árið 2007.

Davíð er þó ekki talinn höfuðpaurinn í málinu sem upp er komið nú, heldur Íslendingur sem búsettur er á Spáni. Hans hefur verið leitað ytra með aðstoð Europol frá því að málið kom upp en er ófundinn. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins heitir hann Sverrir Þór Gunnarsson.

Sverrir Þór var einn höfuðpauranna í stóra fíkniefnamálinu sem upp kom um aldamót og hefur, síðan hann losnaði úr fangelsi, dvalið erlendis, bæði á Spáni og í Brasilíu. Hann hefur verið talinn ábyrgur fyrir fjölda stórra fíkniefnamála sem upp hafa komið hérlendis og erlendis undanfarin ár.

Einungis einu sinni hefur stærra kókaínmál komið upp á Íslandi. Þá fundust tæp fjögur kíló falin í Mercedez Benz Sprinter-bifreið.

stigur@frettabladid.is



**MÓTMÆLI Í AÞENU** Aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var mótmælt í Aþenu, höfuðborg Grikklands, í gær. MYND / AFP

Gos tefur fyrir Grikkjum:

# Milljarðalán fast í öskunni

**GRIKKKLAND, AP Gosið í Eyjafjallajökli olli því að fundi vegna alþjóðlegrar fjárhagsaðstoðar við Grikki sem halda átti í Aþenu í dag hefur verið frestað fram á miðvikudag. Hluti sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er kominn til Aþenu og er beðið þeirra sem upp á vantar auk fulltrúa evrópska seðlabankans.**

**Evrópusambandið hefur samþykkt að veita Grikkjum þrjátíu milljarða evra lán til að standa við skuldbindingar sínar á árinu. Dugi það ekki til er AGS reiðubúið til að bæta fimmtán milljörðum evra við upphæðina.** **- jab**

Forseti Króatíu:

# Biður Bosníubúa afsökunar

**KRÓATÍA, AP** Ivo Josipovic Króatíuforseti ávarpaði þjóðþing Bosníu á sunnudag og baðst þar afsökunar fyrir hönd þjóðar sinnar á þætti hennar í Bosníustríðinu á tíunda áratug liðinnar aldar.

„Mér þykir mjög leitt að Króatía hafi átt hlut að þjáningu fólks og ágreiningi sem enn í dag plagar okkur,“ sagði hann.

Þetta var skýrasta merki um sáttavilja sem leiðtogi ríkjanna þriggja, Serbíu, Bosníu og Króatíu, sem áttu í stríði, hefur sent frá sér til þessa. **- gb**







Segir borgina fara gegn eigin orðum með því að hefja tiltekt í gær:

# Hrafn fer fram á stærri lóð

**REYKJAVÍK** Hrafn Gunnlaugsson leikstjóri segir að lausn kunni að vera í sjónmáli í deilu hans og borgaryfirvalda.

Hrafni hefur verið gert að fjarlægja ýmsa muni og mannvirki sem hann hefur komið fyrir fyrir utan lóðarmörk hjá sér á Laugarnestanganum.

„Lausnin væri að stækka lóðina, þannig að þetta yrði innan lóðarmarka,“ segir Hrafn og þakkar frænda sínum Jónasi Kristjánssyni, fyrrverandi ritstjóra, fyrir hugmyndina.

Hrafn ætlar á fund með framkvæmdasviði borgarinnar í dag. „Þannig að ég býst við að ég muni nota tækifærið og sækja um að lóðin verði stækkuð,“ segir hann.

Borgin hafði áður framlengt tiltektarfrest Hrafns til föstudags en samt komu verktakar á vegum borgarinnar á svæðið í gær.

„Þeir eru á fullu að dæla úr tjörninni. Ég setti seiði þarna fyrir tuttugu árum og þetta verður til þess að silungarnir drepast allir,“ segir Hrafn, sem segist ekki skilja þessar aðgerðir yfirvalda. Þau gangi gegn fyrri orðum sínum með þessu.

Hrafn og borgaryfirvöld hafa rætt þessa hluti um árabil. Þorleifur Gunnlaugsson borgarfulltrúi segir til að mynda að Hrafn hafi þegið tíu milljónir frá Reykjavík fyrir að hætta framkvæmdum á svæðinu árið 2003, en ekki staðið við það samkomulag. **- kóþ**



**HRAFN Á TANGANUM** „Ég er orðinn klökkur og verð bara að fara inn strákar mínir,“ sagði Hrafn við ljósmyndara í gær. Fyrir aftan Hrafn stendur stuðningsmaður með flagg í hendi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# 199 kr. dagurinn



199 kr/pk.

2x80g borgarar & brauð



199 kr/stk.

Ferskt&Gott brauðsalöt



199 kr/stk.

Floridana appelsínusafi



199 kr/stk.

Bugles snakk 3 tegundir



199 kr/stk.

Pop Secret örbylgjupopp



199 kr/stk.

Ferskt&Gott samlokur



199 kr/stk.

Myllu kleinur



199 kr/stk.

Ís 1 líter



199 kr/stk.

Kraftur
Styrkur
Hreysti

Próteinstangir



199 kr/stk.

Brauðskinka 250g



199 kr/stk.

Sippubönd



199 kr/stk.

Champs bílar



199 kr/stk.

Hljóðpípur


24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 22. apríl á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

## GENGIÐ 19.04.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,83 | 127,43 |
| Sterlingspund | 192,77 | 193,71 |
| Evra | 170,26 | 171,22 |
| Dönsk króna | 22,874 | 23,008 |
| Norsk króna | 21,289 | 21,415 |
| Sænsk króna | 17,516 | 17,618 |
| Japanskt jen | 1,3782 | 1,3862 |
| SDR | 192,66 | 193,8 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
226,2444

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Barnamenningarhátíð hófst með pompi og prakt í Hljómskálagarðinum:

# Dagskrá undir merkjum forvitni

**BÖRN** Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri og Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra settu Barnamenningarhátíð Reykjavíkur í Hljómskálagarðinum í gærmorgun. Fjöldi fólks var þeim innanhandar við setningu hátíðarinnar, svo sem Fíasól, lúðrasveit, sirkuslistamenn, götuleikhúsfólk og nemendur í fjórða bekk úr fjölda grunnskóla í Reykjavík. Menningarhátíð barnanna er þetta árið haldin undir merkjum forvitni. Hún fer fram víða um borgina, í sundlaugum, hlíðum Esju og í Viðey. Hún stendur fram á sunnudag, 25. apríl. **- jab**


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**LITRÍKIR KRAKKAR** Rúmlega þúsund nemendur grunnskóla Reykjavíkur aðstoðuðu við setningu Barnamenningarhátíðarinnar.

Breytingar boðaðar hjá Gildi:

# Lækkar réttindi um sjö prósent

**EFNAHAGSMÁL Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs leggur til við ársfund að áunnin réttindi sjóðsfélaga við síðustu áramót verði lækkuð um sjö prósent.**

**Þessi lækkun á að koma til framkvæmda í tvennu lagi. Helmingurinn, 3,5 prósent, þann 1. júní en hinn hlutinn 1. nóvember.**

**Gildi er þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins með um fjórtíu þúsund greiðandi félaga og 178 þúsund einstaklinga sem eiga inni réttindi. Ársfundurinn verður haldinn 28. apríl.** **- kóþ**



**BENZ** Ræsir var rótgróið fyrirtæki og rak umboð fyrir Mercedes Benz áratugum saman. Síðustu árin seldi fyrirtækið einnig Mazda.

Skipti á þrotabúi Ræsis:

# 84 milljónir til upp í kröfur

**GJALDÞROT** Kröfuhafar bílaumboðsins Ræsis töpuðu 334 milljónum króna á gjaldþroti fyrirtækisins. 418 milljóna kröfum var lýst í búið. Skiptum er nú lokið.

Ræsir seldi bíla frá Mercedes Benz og Mazda. Fyrirtækið varð gjaldþrota í nóvember 2008. Ágúst Sindri Karlsson hæstaréttarlögmaður var skiptastjóri búsins. Í tilkynningu hans til Lögbirtingablaðsins kemur fram að alls greiddust tæpar 84 milljónir króna upp í kröfur á hendur þrotabúinu. Af þeim runnu um 4,5 milljónir króna til að greiða skiptakostnað. Þegar veðkröfur og forgangskröfur höfðu verið greiddar að fullu stóðu eftir um 40 milljónir sem var ráðstafað til eigenda almennra krafna. Þeir fengu tæp 11% greidd upp í höfuðstól sinna krafna sem nam samtals um 370 milljónum króna. **- pg**

## LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að Heimir Már Pétursson væri að aðstoða bandarísku sjónvarpsstöðina NBC við útsendingar frá gosinu. Það er ekki rétt, það er að sjálfsögðu framleiðandinn Heimir Jónasson sem sinnir hlutverkinu.

# Mjög sérstakt að hafa engan varaformann

**Kristján Þór Júlíusson telur hægt að velja varaformann utan landsfundar. Sjálfur hefur hann ekki ákveðið hvort hann bjóði sig fram til forystu aftur. Sjálfstæðisflokkurinn skipar hóp til að bregðast við skýrslu rannsóknarnefndar.**

**STJÓRNMÁL** „Það er mjög sérstakt“ að enginn varaformaður sé í Sjálfstæðisflokknum, segir þingmaður hans, Kristján Þór Júlíusson.

Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins ákvað í gær að fara að tillögu formanns, Bjarna Benediktssonar, um að flýta landsfundi flokksins, sem halda átti í september 2011.

Fundurinn er nú ráðgerður öðru hvoru megin við sumarfrí.

Þetta er gert til að velja megi nýjan varaformann, eftir að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sagði af sér á laugardag. Eftir því sem næst verður komist verður flokkurinn því án varaformanns fram að landsfundi. Miðstjórn mun væntanlega ákveða í dag hvenær landsfundur verður.

Kristján Þór telur þó aðra leið færa í þessum efnum, nefnilega að flokksráðsfundur kjósi varaformann. Þetta hafi verið gert áður, þegar Magnús Jónsson var kjörinn varaformaður árið 1973.

„Það eru ýmsir kostir í stöðunni en það verður væntanlega ákveðið á morgun [í dag] hvernig verður farið í þetta,“ segir Kristján Þór.

Miðstjórn flokksins ákvað einnig í gær að skipa viðbragðshóp til að fara yfir skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Spurður hvort hann telji þörf á endurnýjun í forystu flokksins segir Kristján Þór að leitun sé að annarri eins endurnýjun og hafi orðið á síðustu dögum, þar sem bæði þingflokksformaður, Illugi Gunnarsson, og varaformaðurinn hafa farið frá í kjölfar skýrslunnar. „Það er nú töluverður biti,“ segir Kristján Þór.

Hann segist ekki hafa ákveðið hvort hann fari fram í varaformanns- eða formannsembættið. Kristján Þór fékk um fjörutíu prósent atkvæða sem formaður þegar Bjarni Benediktsson náði kjöri.

„Það eru allir aðrir en ég að hugsa um þetta,“ segir hann.

Ekki náðist í Bjarna Benediktsson í gær né í Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra, en hún hefur verið nefnd sem hugsanlegur frambjóðandi til forystu á næsta landsfundi.

klemens@frettabladid.is



**VALHÖLL** Stærsti stjórnmálaflokkur landsins hugar nú að því hvernig brugðist verður við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.
SAMSETT MYND/FRÉTTABLAÐIÐ

Breytingar á makrílveiðum:

# Bannað að veiða í net

**SJÁVARÚTVEGUR** Sjávarútvegsráðherra hefur að áeggjan laxveiðimanna breytt nýrri reglugerð um makrílveiðar á þann veg að þær verða bannaðar í net.

Þrjú þúsund tonna kvóta, sem verður úthlutað til annarra en stóru skipanna, má því aðeins veiða á línu, handfæri og í gildrur.

Þetta er gert eftir að Landssamband veiðifélaga benti ráðherra á að makrílnetin myndu líka veiða lax.

Starfshópur um skaðbætur:

# Þungur róður að sanna tjónið

**DÓMSMÁL Erfitt verður að sanna orsakatengsl milli athafna einstaklinga og tjóns fyrir ríkið, að mati Hafdísar Ólafsdóttur.**

**Hafdís segir að „þungur róður“ verði að sanna þetta, í viðtali við Ríkisútvarpið í gær.**

**Hún er formaður starfshóps fjögurra ráðuneyta, sem kannar hvort grundvöllur sé fyrir því að höfða skaðabótamál á hendur einstaklingunum. Sjálfstætt starfandi lögmenn verða hópnum til ráðgjafar.**

**Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra telur sterk rök vera til þess að einstaklingar hafi valdið slíku tjóni.** **- kóþ**

## MENNTAMÁL

### Verklegt nám í Nesi

Nemendur í fornleifafræði við Háskóla Íslands munu fá aðstöðu til að stunda verklegt nám í Nesi á Seltjarnarnesi, samkvæmt samningi til tíu ára sem undirritaður var á dögunum. Í tengslum við rannsóknirnar verður almenningi boðið upp á leiðsögn um uppgraftarsvæðið og kynningu á niðurstöðum rannsókna.

N1 Deildin
2009 - 2010
HSÍ
LEIKUR 2
KONUR
Þriðjudagur
Framhús Fram - Valur 19:30

## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**KALT Í VEÐRI** Það verða ekki miklar breytingar næstu daga, vindur verður fremur hægur og norðaustanátt ríkjandi. Í dag verður slydda eða snjókoma um vestanvert landið en á morgun og hinn verða él suðaustan og austan til. Hitinn breytist lítið.



Á MORGUN
5-10 m/s.

FIMMTUDAGUR
Víða hægviðri.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 15° |
| Berlín | 16° |
| Billund | 7° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 8° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 13° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 19° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | 8° |
| París | 15° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | 7° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is

# -5kr.

## DÆLULYKILL

# Atlantsolíudagur

Í dag veitir dælulykill Atlantsolíu **5 króna afslátt** fram til miðnættis. Lykillinn er ókeypis. Aukaafsláttur dagsins bætist ekki ofan á önnur afsláttarkjör.



**Fáðu þér dælulykil á www.atlantsolia.is**

ATLANTSOLIA

Atlantsolía - Lónsbraut 2, 220 Hafnarfirði - Sími 591 3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

ÍSLENSKA SIA.IS AOL 49320 02/10

Aska í loftinu yfir Færeyjum:

# Ungabörn sofi ekki í vögnum utandyra

Landlæknirinn í Færeyjum mælist til þess að foreldrar láti ekki ungabörn sofa utandyra. Þá ætti fólk sem allajafna notast við augnlinsur að skipta yfir í gleraugu.

Þá varar landlæknir fólk með öndunarfærasjúkdóma, svo sem astma og bronkítis, við að vera utandyra.

„Eins og flestir hafa tekið eftir er svolítið af ösku í loftinu yfir Færeyjum. Askan kemur frá eldgosinu á Íslandi. Einnig er svolítill brennisteinn í loftinu,“ segir á heimasíðu færeyska dagblaðsins Sósíalsins. Því sé gripið til þessara ráðstafana. **- kóþ**






**ÖSKUSKÝIÐ** Bæirnir undir Eyjafjöllunum virðast litlir og varnarlausir þegar öskuskýið frá Eyjafjallajökli steypir sér yfir þá. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Flúðu svartamyrkur, ösku og gosdrunur

**Anna Björk Ólafsdóttir sem fædd er og uppalin á bænum Raufarfelli undir Eyjafjöllum hefur yfirgefið heimili sitt ásamt börnum sínum. Bóndi hennar fer tvisvar á dag og sinnir skepnunum. Óvissan um framhaldið tekur á.**

„Við tókum þá ákvörðun á laugardag að fara. Þá var allt í svartamyrkri og við ósofin vegna hávaða sem fylgdi gosinu aðfaranótt laugardags þegar þrumur og eldingar voru. Við fórum fyrst til Víkur og gistum þar aðfaranótt sunnudags. Svo komum við við á bænum í gær [sunnudag] og pökkuðum niður. Núna erum við á Hvolsvelli, gistum hjá ættingjum og ætlum að vera hér á meðan enn er öskufall,“ segir Anna Björk, bóndi á Raufarfelli I.

Anna Björk segir undanfarna daga hafa verið erfiða. Mjög óþægilegt sé fyrir bændur að vita ekki nákvæmlega hvaða áhrif askan hafi á skepnurnar. „Það er alveg skelfilegt að þurfa að upplifa þetta, það er svart og þykkt lag yfir öllum túnum. Við vitum ekki hvort við erum að fara að heyja í sumar. Og við óttumst það eðlilega að askan skaði skepnurnar, helst myndi maður vilja koma þeim í burtu,“ segir Anna Björk en hún og maður hennar, Kristinn Stefánsson, eru með 45 mjólkandi kýr og 100 nautgripi. Fjórtán nautgripi keyrðu þau til slátrunar á sunnudag því þeir stóðu úti.

Anna Björk segir mjög óþægilegt að vera á staðnum í öskufalli, hún hafi fundið fyrir ertingu í hálsinum inni, jafnvel þótt gluggar séu lokaðir enda sé sjáanlegt ryklag yfir öllu inni.

„Ég er fædd og uppalin á bænum og hef aldrei séð annað eins. Auðvitað hef ég alla tíð vitað að það er eldstöð í Eyjafjallajökli en það er svo langt síðan hún gaus. Jökullinn hefur alltaf bara verið fallegur og skýlt okkur fyrir norðanáttinni.“

Anna Björk segir dagana síðan gosið og öskufallið hófst hafa verið erfiða.

„Auðvitað er þetta mikið áfall og álag og ofboðslega erfitt,“ segir hún. Hún segir börnin hennar tvö sem enn búa heima, sjö og ellefu ára, lítið hafa tjáð sig um atburðina. „Þau spurðu í gær þegar við vorum að pakka niður: af hverju getum við ekki bara verið heima?“ segir Anna Björk en börnin hennar ganga í skóla á Hvolsvelli og þótti henni og manni hennar minnst rask vera af því að flytja þangað að sinni, fyrst þau geta gist hjá ættingjum.

„Þau voru ekki í skóla í síðustu viku og ég vildi reyna að ná aftur venjulegum degi í stað þess að vera alltaf að koma og fara og flakka milli staða,“ segir Anna Björk.



**BÚA HJÁ ÆTTINGJUM** Anna Björk ásamt sonum sínum Hákoni Erni og Ásgeiri Heiðari. Þau ætla að gista hjá ættingjum á Hvolsvelli á meðan enn er öskufall. MYND/EGILL BJARNASON

Maðurinn hennar fer nú tvisvar á dag og sinnir skepnunum og hjálpar eldri sonur þeirra við búverkin, en þau taka um tvær klukkustundir í senn. Frá Hvolsvelli að Raufarfelli eru um 48 kílómetrar um gömlu Markarfljótsbrúna.

Anna Björk segir fleiri bændur á svæðinu þar sem öskufallið er mest hafa flúið heimili sín tímabundið. „Það er líka mjög óþægilegt að vera þarna núna þegar er rok, jafnvel þó að ekki sé öskufall þá fýkur askan sem er þarna út um allt.“

sigridur@frettabladid.is

## Íbúafundir og áfallahjálp

Haldnir voru fjórir fundir í gær með íbúum á Suður- og Suðausturlandi, skipulagðir af yfirvöldum og almannavarnanefnd í héraði. Á fundinum voru dýralæknar, veðurfræðingur, jarðvísindamaður, fulltrúi Rauða krossins og fleiri sérfræðingar til að veita íbúum upplýsingar. Samkvæmt upplýsingum frá Almannavörnum verður allt brunatryggt tjón bætt, en allur húsakostur er brunatryggður. Ekkert mat hefur verið lagt á annað tjón, til að mynda er ekki ljóst hvernig tún koma undan öskunni, en Bjargráðasjóður kemur þar að bótagreiðslum. Í undirbúningi er opnun upplýsingamiðstöðvar fyrir íbúa. Samkvæmt upplýsingum Almannavarna verður hún á Hvolsvelli með útibú austar í sveitum.

Íbúum hamfarasvæða verður veittur sálrænn stuðningur en Rauði kross Íslands sér um það verk. Sálfræðingur verður í Heimalandi milli 12 og 14 í dag. Einnig verður opið hús fyrir þá sem staddir eru á höfuðborgarsvæðinu í Rauðakrosshúsnæðinu í Borgartúni 25 á milli tvö og fjögur á morgun.

Íbúafundir í dag eru að Laugalandi klukkan 14.00 og Vestmannaeyjum klukkan 18.00, og á morgun á Hellu klukkan 17.00 og Hvolsvelli klukkan 20.00.

Rannsóknarskýrslan

Samfylkingarfélagið í Reykjavík hélt fyrsta félagsfundinn af þremur um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sl. miðvikudag. Fjölmenni var á fundinum og voru góðar umræður meðal félagsmanna að loknum áhugaverðum framsögum þeirra Sigurðar Líndals, lagaprófessors og Jóhanns Haukssonar, blaðamanns.

Næstu tvo miðvikudaga, 21. apríl og 28. apríl, mun umræðan um rannsóknarskýrsluna halda áfram á vettvangi félagsins. Fundirnir verða á Hallveigarstíg 1, hefjast kl. 20.30 og eru öllum opnir.

Miðvikudagur 21. apríl

Hvaða lærdóm má Samfylkingin draga af skýrslunni?

Gestir á öðrum fundinum verða Valgerður Bjarnadóttir, þingkona og Jóhann Ársælsson, fyrrverandi þingmaður. Fundarstjóri verður Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi.





Við hvetjum félagsmenn og aðra sem hafa áhuga á að ræða og kynna sér efni skýrslunnar að fjölmenna á miðvikudagsfundi félagsins og taka þátt í mótun samfélagsins.

Allir velkomnir!

Stjórn Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

# VORTILTEKT!



QUEEN SIZE RÚM
(153x203 cm)
FRÁ 99.000 kr.

## NÚ HREINSUM VIÐ ÚT

# 30-50% AFSLÁTTUR

Við eigum von á nýrri vörulínu frá **King Koil Comfort solution** og ætlum því, ánæstu dögum, að selja eldri gerðir

**með allt að 50% afslætti.**



COMFORT solutions®
By King Koil®

## ÁTTU VON Á GESTUM?



Í Rekkjunni er að finna eitt mesta úrval landsins af svefnsófum í einum stærsta og glæsilegasta svefnsófasýningarsal landsins.

**rekkjan**
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

# Margir orðnir langeygir eftir flugi

**Milljónir manna víða um heim hafa orðið fyrir áhrifum af röskun flugsamgangna vegna gossins í Eyjafjallajökli. Icelandair heldur áætlun betur en keppinautar í Evrópu. Þó tapar félagið hundrað milljónum á dag vegna gossins.**

„Við erum betur sett en mörg flugfélög í Evrópu enda höfum við getað flogið hluta af áætlun okkar,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, um stöðuna í skugga alvarlegrar röskunar á flugi á meginlandi Evrópu og víðar vegna gossins í Eyjafjallajökli.

Flug hefur raskast víða frá því á fimmtudag. Á sama tíma hafa vélar Icelandair getað flogið til Bandaríkjanna og heim auk ferða til Þrándheims í Noregi og Glasgow í Skotlandi. Flugi til Stokkhólms í Svíþjóð í dag hefur verið seinkað um tvo tíma en var á áætlun í gærkvöldi. Síðdegisflug er á dagskrá til stórborga á Norðurlöndunum og til London í Bretlandi.

Iceland Express stefnir sömuleiðis að því að fljúga til Bretlands og Norðurlandanna. Athugað verður með flug til Berlínar, Alicante og Tenerife.

Hluti þeirra hundruð þúsunda strandaglópa sem setið hafa fastir á flugvöllum víða um Evrópu um helgina komst til síns heima í gær. Þegar mest var er talið að fimm milljónir manna hafi fundið fyrir röskun flugsins. Græna ljósið var gefið á nokkrum litlum flugvöllum í Bretlandi, Frakklandi og í Þýskalandi þar sem öskufall var ekki talið ógna flugi. Ekki var þó flogið frá stærstu flugvöllum Norður-Evrópu, að sögn AP-fréttastofunnar. Evrópskir fjölmiðlar vonuðust til þess í gærkvöld að flug frá stærri flugvöllum yrði athugað síðdegis í dag.

Frönsk flugmálayfirvöld sögðu í gær að tilraunaflug á þeim flugvöllum sem fengu græna ljósið, benti ekki til þess að aska í háloftunum ylli tjóni á þotuhreyflum. Undir þetta tók framkvæmdastjóri samgöngumála í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Flugvélarnar sem fóru í loftið í gær flugu með fimmtán þúsund farþega í sjónflugi. Breska ríkisstjórnin flutti hins vegar strandaglópa yfir Ermarsundið með herskipi. Búist er við að flugvélum verði leyft að fara í loftið í Bretlandi í dag.

**jonab@frettabladid.is**

## Milljarðatjón af völdum gossins

Icelandair Group áætlar að tap samstæðunnar vegna röskunar á flugi til Evrópu hafi numið hundrað milljónum króna á hverjum degi frá því á fimmtudag í síðustu viku þegar flug tók að raskast af völdum gossins í Eyjafjallajökli.

Áætlað er að heildartap flugfélaga vegna eldgossins í Eyjafjallajökli nemi nú einum milljarði Bandaríkjadala, jafnvirði tæpra 130 milljarða íslenskra króna. Það jafngildir 26 milljörðum króna á dag frá því á fimmtudag.

Erlend flugfélög ætla að leita eftir að fá tap sitt bætt, að því er AP-fréttastofan hermir.

## Öskufall frá Eyjafjallajökli 14.-19. apríl






**ELDSTÖÐIN ÚR LOFTI** Gosmökkurinn var tignarlegur á að líta úr flugvél Landhelgisgæslunnar þegar hún flaug yfir gosstöðvarnar á Eyjafjallajökli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Enn talsverð eldvirkni í gígunum á Eyjafjallajökli:

# Minni gosmökkur

Talsverð eldvirkni var enn í gangi í þremur gígum á Eyjafjallajökli í gær þegar hópur sérfræðinga flaug yfir gosstöðvarnar með vél Landhelgisgæslunnar. Kleprar úr sprengingum í gígunum náðu í allt að þriggja kílómetra hæð í gærmorgun. Hraun rann hins vegar ekki úr þeim.

Gosmökkurinn reis enn í gær en var lítill og ljós, sem bendir til að gjóska sé ekki mikil. Í tilkynningu frá Almannavörnum kemur fram að gjóskan í eldstöðinni virðist hlaðast upp á brúnina og mynda þar hrygg.

Lítið sem ekkert öskufall var á Heimalandi við vesturenda Eyjafjalla í gær en austur við Ásólfsskála var skyggni komið niður í 70 metra um miðjan dag. Um er að ræða sambland af öskufalli og öskufjúki en talsverður strekkingur var á svæðinu. **- jab**

## Spá um öskufall

**Þriðjudagur:** Fremur hægur norðlægur vindur um morguninn og bjartviðri, en snýst smám saman til suðlægrar áttar síðdegis, þykknar upp og fer að rigna um kvöldið. Búast má við að gosaska berist ekki langt frá gosstöðinni.

**Miðvikudagur:** Hæg norðlæg átt og skýjað með köflum. Búast má helst við öskufalli undir Eyjafjöllum, og þá einkum mjög nærri eldstöðinni.

**Fimmtudagur og föstudagur:** Útlit fyrir fremur hæga austlæga átt og rigningu. Gosmökkur beinist til vesturs, en gosaska berst líklega ekki langt frá eldstöðinni.

HEIMILD: VEÐURSTOFA ÍSLANDS.




Opinn dagur hjá Keili, fimmtudaginn 22. apríl kl. 12-16

Námsmönnum hjá Keili bjóðast glæsilegar íbúðir á hagstæðu verði með frábærri aðstöðu fyrir barnafólk. Sjón er sögu ríkari! Skemmtileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna.

Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

ÁSBRÚ – SÍMI: 578 40 00 – WWW.KEILIR.NET

# VORTILBOÐ!

## 2 GERÐIR ▪ 4 STÆRÐIR ▪ EITT VERÐ!

**31.900** stgr

# STURTUhorn

Sturtubotn og vatnslás fylgja







**RÚNNAÐUR MEÐ BOTNI**
80x80 31.900 90x90 31.900

**KANTAÐUR MEÐ BOTNI**
80x80 31.900 90x90 31.900

INNRÉTTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:

LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR
KRÝSUVÍK
- hjálp til heilbrigðis

www.i-t.is

- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is







# Engar upplýsingar um 3,8 milljarða lán

**Viðskipti Ímons með bréf í Landsbankanum eru til rannsóknar hjá saksóknara. Enn er allt á huldu um hvernig kaup fyrir 3,8 milljarða voru fjármögnuð.**

Rannsóknarnefnd Alþingis tókst ekki að afla sér neinna upplýsinga um það hvernig Ímoni, félagi Magnúsar Ármanns, tókst að fjármagna 3,8 milljarða kaup sín í Landsbankanum þremur dögum fyrir bankahrun.

Alls keypti Ímon bréf í bankanum fyrir níu milljarða síðustu dagana fyrir hrun í tvennum viðskiptum, af bankanum sjálfum.

Í lok september fékk félagið lánsheimild hjá bankanum að fjárhæð 5,2 milljarðar til að kaupa bréfin. Þau kaup gengu í gegn 30. september. Lánið var afgreitt formlega á lánanefndarfundi 8. október. Það gerðu bankastjórarnir Sigurjón Árnason og Halldór J. Kristjánsson, auk Elínar Sigfúsdóttur.

Þriðja október keypti félagið bréf fyrir 3,8 milljarða, en þrátt fyrir eftirgrennslan hefur Landsbankanum ekki tekist að hafa uppi á neinum gögnum sem sýna hvernig þau síðari kaup voru fjármögnuð.



**MAGNÚS ÁRMANN** Keypti hlutabréf í Landsbankanum fyrir samtals níu milljarða örfáum dögum fyrir hrun. Hann segist sjálfur hafa verið blekktur í viðskiptunum. FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er hugsanlegt að lán bankans vegna kaupanna hafi ekki verið formlega frágengið fyrir bankahrunið, og þess vegna sjái þess hvergi stað í bókum bankans.

Viðskiptin eru til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara vegna gruns um markaðsmisnotkun. Rannsóknin er langt komin, að sögn Ólafs Þórs Haukssonar. **- sh**

Útgefandi sem getið er í skýrslu rannsóknarnefndar:

# Tók við 17 milljarða skuld frá Glitni

Fyrirtækjasvið Glitnis kom bankanum undan sautján milljarða afskriftum sumarið 2008 með því að fá bókaútgefanda til að eignast félag í eigu bankans. Stöð 2 greindi frá þessu í gærkvöldi.

Eignir fjárfestingafélagsins Stapa voru hlutabréf í Mosaic fashions og Landic property, verðlausar eignir. Skuldir Stapa námu hins vegar 17 milljörðum. Til að þurfa ekki að afskrifa þetta reyndi Glitnir að finna kaupanda að félaginu.

Tómas Hermannsson bókaútgefandi sendi fréttastofu Stöðvar tvö yfirlýsingu í gær og sagðist hafa tekið viðskiptatækifæri þetta án vandlegrar íhugunar. Hann hafi tekið mark á yfirlýsingum ráðamanna um að viðskiptalífið væri „á leið upp úr öldudalnum“. Seinna hafi hann séð sig um hönd, reynt að rifta viðskiptunum og samið við skilanefnd Glitnis. Engar breytingar hafi verið gerðar á eignasafni félagsins á meðan Tómas átti það.

Málið er nú til rannsóknar hjá skilanefndinni, segir Stöð 2. Líklega hafi reglur bankans verið brotnar. **- kóþ**


Auglýsingasími
512 54 01


Allt sem þú þarft...



ÍSLAND AF STAÐ!

Aðalfundur SA 2010 verður haldinn miðvikudaginn 21. apríl á síðasta degi vetrar. Fundurinn fer fram á Hilton Reykjavík Nordica og hefst opin dagskrá kl. 15.00. Fundarstjóri er **Ingimundur Sigurpálsson**, forstjóri Íslandspósts.



Vilmundur Jósefsson | Jóhanna Sigurðardóttir | Grímur Sæmundsen | Birna Einarsdóttir | Stefán Friðriksson | Svana Helen Björnsdóttir | Ingimundur Sigurpálsson

DAGSKRÁ

15.00 OPIN DAGSKRÁ í aðalsal Nordica:
Ræða **Vilmundar Jósefssonar**, formanns Samtaka atvinnulífsins
Ræða **Jóhönnu Sigurðardóttur**, forsætisráðherra

**ÍSLAND AF STAÐ:**
**Grímur Sæmundsen**, forstjóri Bláa Lónsins og varaformaður SA
**Birna Einarsdóttir**, bankastjóri Íslandsbanka
**Stefán Friðriksson**, framkvæmdastjóri Ísfélags Vestmannaeyja
**Svana Helen Björnsdóttir**, forstjóri Stika og formaður Samtaka sprotafyrirtækja

16:30 Fundarlok - Vetur kvaddur

**Skráning á www.sa.is**

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

GOTT VERÐ Í BÓNUS **GOTT VERÐ Í BÓNUS** GOTT VERÐ Í

998
KR. KG

K.S FROSIÐ LAMBALÆRI

**Hálfur lambaskrokkur 798 kr.kg. Heilt læri, hálfur hryggur, frampartur í bitum og slag í súpukjöt. Fimm máltíðir fyrir 4 manna fjölskyldu á aðeins ca. 5.500 kr. eða 1120 kr. í mál.**

ÍSLANDS LAMB

798
KR. KG

ÍSLANDSLAMB 1/2 LAMBASKROKKUR FROSINN

198
KR.STK
GÆÐA ORKUKUBBUR 600G

185
KR.DS
OS SMJÖRVI 300G

598
KR.KG
K.S FROSNIR SALTFISKBITAR

www.bonus.is
Hefur þú skoðað heimasíðu Bónus ?

FÁÐU ÖLL TILBOÐIN Í *BÓNUS* SEND TIL ÞÍN Í TÖLVUPÓSTI: *SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á* WWW.BONUS.IS

30%
AFSLÁTTUR
K.S FROSIN LAMBASVIÐ
MERKT VERÐ 298 KR. **209 kr.kg.**

79
KR.DS
PEPSI OG PEPSI MAX 500 ML

139
KR.PK
BÓNUS RISASTÓR HAMBORGARABRAUÐ 4 STK.

RISA NAUTABORGARI BRAUÐ OG 120G BORGARI:
*Á AÐEINS 165 KR.*

1298
KR.PK
BÓNUS NAUTABORGARAR
10 x 120g

20.000 kaffipakkar í boði á þessu verði:
398 KR.PK
BKI Classic kaffi mellemrösted 500g

UNNIÐ EINGÖNGU ÚR GRÍSALÆRI
998
KR.KG
BÓNUS BAJONSKINKA *1.FLOKKUR*

998
KR.KG
BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR

598
KR.PK
BÓNUS ÍSPINNAKASSI
24 STK.

398
KR.FL
BÓNUS LÝSI 500 ML

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

RANNSÓKNARSKÝRSLA ALÞINGIS

# Kaupþing hélt veldi Tchenguiz lifandi

**Íraksættaði fjárfestirinn Robert Tchenguiz og félög honum tengd skulduðu Kaupþingi rétt tæpa þrjú hundruð milljarða króna þegar bankinn féll í október 2008.**

Í rannsóknarskýrslu Alþingis kemur fram, að Kaupþing hafi verið helsti fjárhagslegi bakhjarl Roberts Tchenguiz, sem var óbeint einn af helstu eigendum bankans.



ROBERT TCHENGUIZ

Að minnsta kosti sex félög Tchenguiz fengu lán hjá Kaupþingi til nokkurra verkefna. Hæsta lánið var upp á jafnvirði 54 milljarða króna til félagsins Razino Properties. Um var að ræða framvirkan samning um kaup á hlutabréfum í bresku stórversluninni Sainsbury's. Fram kemur í skýrslunni að samningurinn hafi ævinlega verið framlengdur og var hann enn óuppgerður við fall bankans haustið 2008.

Samningar fyrirtækja Tchenguiz gagnvart Kaupþingi voru sameinaðir undir merkjum Oscatello Investments síðla árs 2007. Félagið er skráð í skattaparadís á bresku Jómfrúreyjum. Þegar erlendir lánardrottnar kölluðu eftir auknum tryggingum hjá Tchenguiz vegna viðskipta við hann tóku stjórnendur Kaupþings upp lyklana að sjóðum sínum og bættu við í skuldafen athafnamannsins. Þar á meðal var yfirdráttarheimild, sem stóð í sex hundruð milljónum punda, jafnvirði rúmra áttatíu milljarða íslenskra króna, í lok maí 2008.

Lán frá Kaupþingi hlóðust utan á Oscatello líkt og snjóboltar á ferð niður hlíð og fóru yfir 25 prósenta eiginfjárgrunn Kaupþings snemma árs 2008.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er spurningarmerki sett við þessar lánveitingar og bent á að á sama tíma og aðrir bankar voru að vinna í því að bæta stöðu sína gagnvart félögum Tchenguiz veitti Kaupþing lán til þeirra. Þá var þetta á sama tíma og lausafjárvandræði íslensku bankanna voru að verða mjög mikil.

Lán Tchenguiz voru að mestu fengin hjá banka Kaupþings í Bretlandi. Háar upphæðir runnu sömuleiðis til félaga hans úr hirslum bankans í Lúxemborg.




**SOMERFIELD** Tchenguiz og Kaupþing keyptu saman þriðjung af bresku versluninni Somerfield. Hluturinn var seldur fyrir jafnvirði 243 milljarða króna í júlí 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Tchenguiz tengdist Kaupþingi eigendaböndum en hann var einn af tíu stærstu eigendum Exista. Exista var helsti eigandi Kaupþings. Í rannsóknarskýrslunni segir að af þeim sökum megi færa rök fyrir því að flokka hafi átt Tchenguiz og Exista sem tengda aðila. Það var ekki gert.

jonab@frettabladid.is

## Viðskiptaveldi Roberts Tchenguiz

Fjárfestirinn Robert Tchenguiz er kominn af gyðingum í Írak. Faðir hans bar ættarnafnið Kedorie en tók upp Tchenguiz-endinguna eftir flótta yfir til Írans árið 1948. Þar fæddist sonurinn Robert í byrjun september árið 1960. Eftir byltinguna í Íran árið 1979 fluttist Tchenguiz-fjölskyldan til London í Bretlandi.

Robert menntaðist á Vesturlöndum. Hann hefur um áratuga skeið unnið náið með bróður sínum Vincent og högnuðust þeir á fasteignaviðskiptum. Viðskiptin voru með hefðbundnu sniði; fólust öðru fremur í kaupum á fasteignum sem þeir leigðu út. Í kringum umsvif sín stofnuðu þeir fasteignaþróunarfélagið Rotch Property Group árið 1982. Í seinni tíð hafa þeir bræður fjárfest í verslunarfyrirtækjum, svo sem Sainsbury's auk kráa í Bretlandi og ölgerðum. Þá er ótalinn viskíframleiðandinn Whyte & Mackay.

Erlendum fjölmiðlum er tíðrætt um auga Tchenguiz fyrir viðskiptatækifærum. Síðustu ár gerði Kaupþing Singer & Friedlander í Bretlandi honum kleift að hoppa á þau þegar færi gafst.

Eitt félaga þeirra Tchenguiz-bræðra gerði rúmlega fjögur hundruð milljarða króna kröfu í bú Kaupþings. Henni var hafnað og hófu þeir undirbúning málaferla gegn skilanefnd í byrjun mánaðar.

### Heildarútlán Kaupþings til tengdra aðila




Heimild: Rannsóknarskýrsla Alþingis

## Áhættuskuldbindingar Tchenguiz og tengdra félaga*

| Banki | Janúar 2007 | Október 2008 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Kaupþing | 66,2 | 278,7 | 321% |
| Samtals | 66,2 | 278,7 | 321% |
| (Samtals í evrum) | 699,3 | 1.915,9 | 174% |

* UPPHÆÐIR Í MILLJÖRÐUM KRÓNA.

Tengd félög: Bay Restaurant Holdings, Eliza, ISIS Investment, Oscatello Investments, Plato Company, Pub Bidco, Pub Holdings, Pub Pikco Holding, Pumpster Property Acquisition, Pumpster Property, Pumster Holdco, Razino Properties, Robert Tchenguiz (á eynni Mön), Robert Tchenguiz (í Lúxemborg), Robert Tchenguiz (í Kaupthing Singer & Friedlander í Bretlandi), RT Laurel Pub Equity Holdings, S&L Propco, The Tchenguiz Discretionary Trust, Town and City pub Company, Violet Capital Group, Yates Propco og YS&L Holdco.



# Rýmum fyrir **nýjum vörum** og vörulista



41% afsláttur

## Fagor spanhelluborð 60 cm
5IFT40S

Snertitakkar. Barnalæsing. Heildarafl: 7,1 kw.
„Power booster“ á tveimur hellum. Tímastilling.

Verð áður 169.900

tilboð **99.990**



60% afsláttur

## Gorenje gashelluborð
GCS330C

2 hellur. Heildarafl-gas 4 kW.
Flæðiöryggi. Pott stálgrindur.

Verð áður 99.895

tilboð **39.900**



25% afsláttur

45 l
Carbo tech
33 cm
5,5 kg
A Orkunýtni
A Þvottahæfni
B Þeytivindu-afköst

## Gorenje þvottavél
WA50125

1200 snúningar.
Afkastageta: 5,5 kg.

Verð áður 114.631

tilboð **85.900**



70% afsláttur

90 cm

## Gorenje eyjuháfur
KD830EINSEL

Breidd: 90 cm. Lýsing 2x40 w.
Afkastageta: 650 m³/klst. Aflstillingar: 3.

Verð áður 218.842

tilboð **75.900**



73% afsláttur

90 cm

## Gorenje veggháfur
KD810G

Breidd: 90 cm. Afkastageta: 600 m³/klst.
Lýsing: 2x40 w. Hljóðstig: 50/56 dB(A).

Verð áður 158.842

tilboð **41.900**



15% afsláttur

A Orkunýtni

## Gorenje kæliskápur
R60398DE

Nýtanlegt rými kælis: 388 L
Hljóðstig: 38 dB(A)
Hæð: 180 cm
Breidd: 60 cm
Dýpt: 64 cm

Verð áður 189.368

tilboð **159.900**



33% afsláttur

Total Aqua stop
17 l
12

## Gorenje uppþvottavél
GV61220

Afkastageta: 12 manns
Hljóðstig: 54 dB(A)

Verð áður 172.526

tilboð **114.900**



66% afsláttur

## Pizzaset í bakaraofna
PIZZASET

Pítsusteinn og viðarbakki til að taka pítsu í og úr ofni ásamt handhægum pítsuskera.

Verð áður 17.789

tilboð **5.990**

**Takmarkað magn í boði þar sem um sýningartæki og síðustu vörur er að ræða, þetta er aðeins brot af því sem í boði er.**

Reykjavík · Skútuvogur 1 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020

RÖNNING

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Rannsóknarskýrslan vekur umræðu um ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum maka.

## Á ég að gæta bónda míns?

Skýrsla rannsóknarnefndar er óþrjótandi brunnur upplýsinga. Skýrslan vekur einnig margar spurningar. Ein þeirra snýr að þeirri ábyrgð, meðal annars siðferðilegri, sem hvílir á fólki vegna skuldbindinga sem maki þess hefur stofnað til.

Bent hefur verið á að á lista yfir þá þingmenn sem mest skulda séu nokkrar konur, fyrst og fremst vegna lána sem makar þeirra, sem tengjast viðskiptalífinu, hafa tekið.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is



Þetta hefur vakið upp umræðu hvort eðlilegt sé að fólk sé ábyrgt fyrir skuldum maka síns sem aftur leiðir til vangaveltna um stöðu og ábyrgð fólks í hjónabandi. Sumum hefur þótt ómaklegt að þingkonurnar séu á skuldaralistanum vegna skulda eiginmanna sinna og hafa bent á að það sé umhugsunarefni hvort hjón eigi að huga að því að vera með aðskilinn fjárhag, í það minnsta ef annað hjóna er í viðskiptum sem kalla á stórar lántökur.

Á móti má þá spyrja hvort ekki sé eðlilegur háttur að hjón taki sameiginlega ákvörðun um stórar fjárhagslegar skuldbindingar, jafnvel þótt þær tengist aðeins daglegum störfum annars þeirra.

Velta má fyrir sér til hvers það gæti leitt að hjón hefðu í auknum mæli aðskilinn fjárhag. Hvernig áhrif gæti það haft á heimilisrekstur og daglegt líf, ekki síst fyrir það hjóna sem þá hefði minna umleikis? Að mörgu leyti væri slíkt fyrirkomulag afturhvarf til þeirra tíma þegar karlar öfluðu tekna og konur sinntu búi og börnum. Þá var almennt litið svo á að eignir og þar með einnig skuldir væru á forræði karlmanna. Eiginmaðurinn skammtaði þá konu sinni fé til að reka heimilið og tók oftast einn ákvarðanir um fjárhagslegar skuldbindingar. Með því fyrirkomulagi var eiginkonan fjárhagslega háð manni sínum.

Með auknu jafnrétti, meðal annars á þann veg að til undantekninga heyrir nú að aðeins annað hjóna afli tekna til heimilisins, hefur þróunin orðið sú að flestir líta svo á að ein þeirra skuldbindinga sem felst í því að ganga í hjónaband sé einmitt sú að bera sameiginlega fjárhagslega ábyrgð. Þess vegna eru þingkonurnar á listanum góða í skýrslu rannsóknarnefndar.

Það er afar mikilvægt, raunar sjálfsagt í hjónabandi sem byggt er á jafnrétti, að maki sé ekki bara upplýstur um fjárhagslega gjörninga heldur taki beinan þátt í ákvörðunum, ekki síst þegar um áhættusama lántöku er að ræða.

Traust er ein af stoðum hjónabandsins. Liður í slíku trausti hlýtur að vera að milli hjóna eigi sér stað heiðarleg umræða á jafnréttisgrundvelli um fjárhagslegar skuldbindingar, ekki síst þegar um er að ræða áhættuskuldbindingu sem til er stofnað með það fyrir augum að auðgast á skjótan hátt.

Líklega væri fjármálum sumra heimila í landinu betur komið í dag ef áhættusæknari helmingur hjóna hefði tekið slíka umræðu í jafnræði við maka sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

**Rannsóknarskýrsla Alþingis verður rædd í borgarstjórn í dag kl. 14.00.**

**Fylgist með umræðunni á FM 98,3 og reykjavik.is**

***H-listinn, framboð um Heiðarleika og almannahagsmuni***

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Að hamstra mjólk

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segir frá fundi ríkisstjórnar nokkrum dögum fyrir hrun. Þar var rædd sú alvarlega staða sem upp var komin hjá bönkunum og útlitið var ekki gott. „[Þ]að lá við að maður hringdi heim til þess bara að biðja konuna að fara út og kaupa mjólk, svo það yrði örugglega til mjólk í ísskápnum, það var nú þannig lýsingarnar sem voru á því hvaða ástand mundi skapast,“ sagði Árni Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra.



### Á síðasta söludegi

Það er gott að hafa vaðið fyrir neðan sig. Sérstaklega ef menn þykjast sjá fram á að innflutningur leggist af og það verði vöruskortur. En Árni ætti að vita að mjólk rennur út á nokkrum dögum. Spaklegra hefði verið að biðja frúna að hamstra dósamat. Var hagstjórnin kannski eftir þessu?

### Eldfjöll og flugsamgöngur

Icelandair leggur mikla áherslu á íslensk einkenni í markaðsstarfi sínu. Sem dæmi má nefna var ákveðið að allar flugvélar Icelandair skyldu nefndar eftir íslenskum eldfjöllum. Á heimasíðu flugfélagsins segir að eldfjöll séu enda „hluti af þeirri mynd sem útlendingar gera sér af Íslandi, þessari sívirku eldfjallaeyju norður í höfum“. Það eru orð að sönnu – ekki síst núna þegar milljónir flugfarþega um allan heim komast hvorki lönd né strönd vegna eldgoss á Íslandi.




bergsteinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Berum við ábyrgð á stríðsglæpum?

Stríðsglæpir



Kristján Sturluson
framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands



Þórir Guðmundsson
sviðsstjóri alþjóðasviðs Rauða kross Íslands

Upptakan af drápum bandarískra þyrluflugmanna á almennum borgurum í Írak hefur gefið okkur sjaldgæfa innsýn í raunveruleika stríðs.

Við sjáum líka hvernig átök hafa breyst þannig að í augum sumra minna þau á tölvuleik. Þjáningar þeirra sem verða fyrir byssukúlum og sprengjum eru hins vegar þær sömu. Kvöl ástvina minnkar ekkert þó skotið hafi verið úr fjarlægð með hjálp myndavéla og tölva.

Ef við viljum leggja okkar lóð á vogarskálarnar til að koma í veg fyrir hryllingu af þessu tagi eigum við að gera tvennt: Vinna af öllum mætti til friðsamlegri lausn deilumála og efla og treysta þá samninga sem binda hendur vígamanna.

Þegar svissneski kaupsýslumaðurinn Henri Dunant kom að Heljarslóðaorrustu við Solferino fyrir 150 árum lét hann sér ekki nægja að hrista höfuðið og býsnast yfir forheimsku stríðs. Hann hjúkraði hinum særðu, stofnaði Rauða krossinn og hvatti ráðamenn um allan heim til að semja um friðhelgi stríðssærðra og hjúkrunarfólks.

Fimm árum eftir Heljarslóðarorrustu var fyrsti Genfarsamningurinn orðinn að veruleika.

Enn í dag er verið að styrkja lög um framferði í stríði á ýmsan hátt. Nýlega gekk í gildi samningur sem takmarkar notkun á klasasprengjum. Jarðsprengjur hafa verið bannaðar. Ýmis vopn sem valda miklum skaða bæði á mönnum og umhverfi hafa verið gerð útlæg.

Við Íslendingar getum eins og allir aðrir tekið virkan þátt í að móta þessar hömlur á hroðaverkum. Íslendingar hafa skrifað undir Genfarsamningana og því gilda þeir einnig um okkur eins og aðra. Fyrsta grein Genfarsamninganna er svona:

„Hinir háttvirtu samningsaðilar skuldbinda sig til þess að virða samning þennan og tryggja að hann sé virtur í hvívetna.“

Við erum sumsé ekki áhorfendur. Við berum ábyrgð, meðal annars á því að aðrir fari að lögunum.

Myndirnar úr þyrlunni í Írak hafa fært mörgum sönnur um að Genfarsamningarnir séu ekki alltaf virtir. En viðbrögð við birtingu þeirra sýna okkur líka að samningarnir eru hið alþjóðlega viðmið sem aðgreinir hernaðaraðgerðir sem alþjóðasamfélagið hefur með samningum skilgreint sem réttlætanlegar frá fordæmanlegum fólskuverkum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Iðrun og endurmat

Í DAG
Sverrir Jakobsson
sagnfræðingur



Útgáfa skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið mánudaginn 12. apríl er stórviðburður í íslenskri stjórnmálasögu. Hún er það ekki endilega vegna þess að allt sem stendur í skýrslunni komi fólki á óvart eða sé nýmæli. En skýrslan gefur ómetanlega innsýn í pólitíska menningu og viðskipti á Íslandi undanfarinn áratug. Ekki er lengur hægt að efast um skaðsemi þeirrar stefnu sem rekin var í íslensku viðskiptalífi allt frá einkavæðingu bankanna og fram að hruni. Á hinn bóginn er óvíst að almenn samstaða væri um það ef ekki flokkar gátu kosið að taka ekki þátt í peningavæðingu stjórnmálanna og sumir gerðu það.

Í kjölfar skýrslunnar eru gallar á pólitískri menningu á Íslandi orðnir augljósir og athyglin hefur mjög beinst að einstaklingum; bæði þeim sem báru ábyrgð á pólitískum mistökum en líka þeim sem létu flækja sig í fjárhagslegt net bankanna og krosseignatengdra fyrirtækja þeirra. Öflug krafa er uppi um að þessi og hinn eigi að víkja og sumir vilja helst skipta út öllum stjórnmálamönnum fyrir nýtt og syndlaust fólk. En vandi íslenskra stjórnmála fyrir hrunið var kerfislægur en ekki persónubundinn. Það leysir ekki vandann að kúlulánþegi segi af sér þingmennsku því að næsti varamaður er líklega kúlulánþegi líka. Sumir flokkar aðhylltust einfaldlega ákveðna aðferðafræði í samskiptum við bankanna og rekstur fyrirtækja. Þess vegna er t.d. sá sjálfstæðismaður vandfundinn sem ekki hefur

> En vandi íslenskra stjórnmála fyrir hrunið var kerfislægur en ekki persónubundinn. Það leysir ekki vandann að kúlulánþegi segi af sér þingmennsku því að næsti varamaður er líklega kúlulánþegi líka.

hefði verið fyrir hrunið. Efnahagshrunið veldur því að nú blasir við að kerfið var rotið og að tilraunin með fyrirmyndarsamfélag frjálshyggjunnar á Íslandi bar feigðina í sér frá upphafi.

Jafnframt er skýrslan áfellisdómur yfir pólitískri menningu á Íslandi á veltiárunum eftir einkavæðingu bankanna. Fljótlega eftir einkavæðingu bankanna árið 2002 hafði myndast breið samstaða um ýmsar pólitískar kreddur. Fyrir alþingiskosningar 2003 kepptust stærstu flokkarnir, Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur og Samfylking, til dæmis við að lofa sem mestum skattahækkunum.

Í skýrslunni viðurkennir Geir H. Haarde fv. forsætisráðherra að það hafi verið meðal afdrifaríkustu hagstjórnarmistaka áratugarins að efna þetta loforð. En þessi málflutningur féll bönkunum vel í geð. Þeir veittu peningum óspart til þessara flokka og styrktu frambjóðendur þeirra í prófkjörum. Fjórði flokkurinn, Vinstrihreyfingin-grænt framboð, fór hins vegar aðra leið. Í fyrsta lagi gagnrýndi hann bæði einkavæðinguna og framkvæmd hennar og hafnaði frjálshyggjukreddum hinna flokkanna.

Í öðru lagi setti VG sér þær reglur að hvorki flokkurinn né frambjóðendur hans gátu tekið við milljónastyrkjum frá bönkunum og öðrum stórfyrirtækjum. Þess vegna eru engir vinstrigrænir á listanum yfir styrkþega bankanna. Munurinn felst í ólíkri, pólitískri menningu innan flokkanna þar sem einungis einn viðhafði þá siði sem tíðkast í nágrannalöndum okkar. Þess vegna voru íslensk stjórnmál ekki spillt í gegn; stjórnmálaeinhver tengsl við þau fyrirtæki sem koma fyrir í skýrslunni. Þó að sextán sjálfstæðismenn segi af sér þingsæti koma aðrir sextán í staðinn sem hafa til þess umboð frá þjóðinni.

Þess vegna er lausnin ekki endilega mannaskipti heldur nýtt hugarfar. Það er einmitt það sem vantar hjá Sjálfstæðisflokknum; að hann hafi gert markvissa tilraun til að sýna fram á sú stefna sem hann boðar núna sé eitthvað annað en sá hrunadans sem lýst er í rannsóknarskýrslu alþingis. Að segja að fólk hafi brugðist en ekki stefnan dugar ekki því að rannsóknarskýrslan er samfelldur áfellisdómur yfir hugmyndafræði flokksins og stefnu hans í framkvæmd undanfarinn áratug.

Á hinn bóginn örlar á slíku endurmati hjá Samfylkingunni. Það kom að einhverju leyti fram í iðrunarræðu Ingibjargar Sólrúnar á flokksráðsfundinum á laugardaginn en þó enn frekar í grein hennar í seinasta hefti Tímarits Máls og menningar. Það hefur líka komið fram í ummælum Jóhönnu Sigurðardóttur og Össurar Skarphéðinssonar að undanförnu, þar sem Blair-ismanum er hafnað. Það verða að teljast tíðindi þar sem „hin nútímalega jafnaðarstefna“ sem fellst í meginatriðum á allar helstu kreddur frjálshyggjunnar hefur verið ein af grunnstoðum Samfylkingarinnar allt frá stofnun flokksins. Að vísu dugar hér ekki Samfylkingunni að skipta um slagorð; gera verður þá kröfu að stefnubreytingarinnar sjái líka stað í landsfundarsamþykktum flokksins og verkum hans í ríkisstjórn. Raunveruleg stefnubreyting af því tagi væri töluvert meira virði en afsagnir fjölmargra þingmanna.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“




512 54 01
Auglýsingasími
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...



# Þjóðarspegill

Íslenskt samfélag

Njörður P. Njarðvík
rithöfundur og prófessor emeritus við Háskóla Íslands



Þegar ég horfði á blaðamannafund rannsóknarnefndar Alþingis og hlustaði á útskýringar nefndarmanna, sagði ég upphátt við sjálfan mig: Loksins er eitthvað gert af viti, hæfni, menningarlegri reisn og djörfung. Og var sannarlega ekki vanþörf á eftir alla þá ruglingslegu – og ég leyfi mér að segja fáránlegu umræðu um hrunið sem við höfum mátt sitja undir. Að vísu heldur bullið áfram, og dapurlegt hefur verið að fylgjast með umræðum um skýrsluna á Alþingi – á köflum svo dapurlegt að ég hef fundið til einhvers konar angistar af skömm.

Ég leyfði mér einu sinni að ljúka bók með þessum orðum: „Sérhver manneskja verður að horfast svo fast í augu við sjálfa sig að hún neyðist til að líta undan. Og horfa svo aftur. Án þess að líta undan“ (Ekkert mál). Nú hefur rannsóknarnefndin rétt okkur spegil til að horfast þannig í augu við okkur sjálf. Þjóðin er nú á ögurstundu. Allt veltur á því hvernig hún bregst við. Hvort hún horfist einarðlega í augu við sjálfa sig eða sér ekki annað en sjálfsblekkinguna sem hefur blindað okkur og afvegaleitt. Við höfum sem þjóð látið reka á reiðanum og umborið spillingu allt of lengi. Við höfum kosið og endurkosið vanhæfa og gjörspillta stjórnmálamenn. Þessu verðum við að hætta og krefjast umbóta og hreinsunar þegar í stað. Þegar stjórnmálamenn bregðast þjóð sinni svo gersamlega sem nú ber raun vitni, verður þjóðin að hafa vit fyrir þeim. Alþingi bar ábyrgð á þeirri ríkisstjórn sem brást í aðdraganda hrunsins – og við sem þjóð bárum ábyrgð á þingmönnum.

Um ábyrgð virðist tilgangslítið að ræða eins og skýrslan sýnir berlega. En það er líka hægt að taka öðru vísi til orða. Við getum í staðinn sagt, að menn skuli taka afleiðingum gerða sinna – og þar með aðgerðaleysi. Við erum stödd í ógöngum og „hnípin þjóð í vanda“. Til þess að losna úr þeim ógöngum og endurreisa okkur sjálf þarf fyrst undanbragðalausa hreinsun. Og sú hreinsun þarf að hefjast í grundvallarstofnun íslensks samfélags, þeirri stofnun sem eitt sinn var kölluð „Hið háa Alþingi“. Þeir sem þar brugðust, verða að víkja. Allt annað er markleysa. Þegar þetta er ritað, hafa tveir þingmenn vikið tímabundið, þeir Björgvin G. Sigurðsson og Illugi Gunnarsson. Þeim ber að þakka nokkurt raunsæi. En það er ekki nóg. Þótt ég beri persónulegan hlýhug til sumra einstaklinga sem sitja nú á þingi, þá verður hann að víkja fyrir nauðsyn. Kunningjatengsl eru einmitt hluti af vandanum.

Af þessum sökum verð ég að segja, að allir þeir þingmenn sem koma með vafasömum hætti við sögu í rannsóknarskýrslunni, eiga að segja af sér þingmennsku í þágu þjóðarinnar og framtíðarhorfa hennar. Allir ráðherrar í fyrrverandi hrunstjórn Geirs Haarde og Ingibjargar Sólrúnar ættu að víkja af þingi og úr ríkisstjórn. Þeir báru með stjórnarsetu sinni samábyrgð með stjórninni í heild, þótt ráðherrasvið þeirra krefðist ekki beinnar, persónulegrar ábyrgðar. Og allir þingmenn sem nutu óeðlilegrar lánafyrirgreiðslu óheiðarlegra banka og vafasamra styrkja frá vafasömum fyrirtækjum (svo að ekki sé kveðið fastar að orði), ættu þegar í stað að segja af sér þingmennsku. Það er nefnilega ekki þannig, eins og formaður Sjálfstæðisflokksins komst að orði í klaufalegri sjálfsvörn, að eðlilegt sé að þingmenn „taki þátt í atvinnulífinu“. Þvert á móti er nauðsyn, að seta á löggjafarþingi krefjist þess, að þingmenn séu algerlega óháðir þeim sem þeir eiga að setja lög um. Ef menn skilja það ekki, eru þeir ekki hæfir til þingsetu. Ef vanhæfir þingmenn skynja ekki alvöru málsins, verður þjóðin að sýna þeim fram á hana.

# Styrkjum stoðir Alþingis

Staða Alþingis

Vigdís Hauksdóttir
lögfræðingur og þingmaður Framsóknarflokksins.



Þann 1. janúar árið 1994 tóku gildi lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið. Megin uppistaða EES samningsins er hið svokallaða fjórfrelsi – sem gengur út á frjálsan flutnings vöru, fólks, þjónustu og fjármagns án landamæra innan Evrópusambandsins. Þarna var lagður grunnur að því gerræðislega og taumlausa fjármálakerfi sem þróaðist hér og í Evrópu sem varð okkur að lokum að falli.

Vorið 2001 setti Alþingi tvenn lög sem mörkuðu rammann um sölu bankanna og framtíðarskipan varðandi starfsumhverfi banka á Íslandi. Lög nr. 70/2001 kváðu á um heimild til sölu á hlutafé ríkisins í bönkunum. Samhliða gerði Alþingi með lögum nr. 69/2001 breytingar á þágildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Þær breytingar endurspegluðu m.a. stefnumörkun um að ekki væri rétt að leiða í lög hér á landi beinar takmarkanir á stærð eignarhluta einstakra aðila í fjármálafyrirtækjum. Bankarnir fengu að vaxa óáreittir á grundvelli laga sem Alþingi setti og á grundvelli Evrópusambandsreglna.

Í 15. kafla skýrslu Rannsóknarnefndarinnar kemur fram að nefndin hafi sérstaklega tekið til athugunar hvernig starfsheimildir lánastofnana varðandi sjö tiltekin atriði hefðu breyst í kjölfar aðildar Íslands að EES-samningnum. Veittar voru auknar heimildir til heimila lánastofnunum að fjárfesta í ótengdum atvinnurekstri, lánafyrirgreiðslu til stjórnenda, til að fjárfesta í fasteignum og félögum um fasteignir, til að veita lán til kaupa á eigin hlutum og til að reka vátryggingafélög. Minni kröfur voru síðan gerðar um rekstrarfyrirkomulag verðbréfafyrirtækja.

Þarna sést svart á hvítu hvað EES -samningurinn hafði í för með sér. Taumlaus eftirgjöf á fjármálasviðinu sem íslenskir bankamenn nýttu í topp. Síðan segir í skýrslunni „Í öllum þessum tilvikum voru reglurnar rýmkaðar og athafnafrelsi lánastofnana aukið verulega. Lágmarkskröfur tilskipana Evrópusambandsins um starfsemi lánastofnana fjölluðu ekki beinlínis um þessar auknu starfsheimildir. Íslandi var því ekki skylt vegna EES-samningsins að auka starfsheimildir innlendra lánastofnana á þennan hátt, heldur var af samkeppnisástæðum talið nauðsynlegt að löggjöfin yrði sambærileg um þessi atriði og í helstu nágrannalöndunum.“ Alþingi samþykkti lög samkvæmt ýtrustu reglum Evrópusambandsins án þess að þurfa að gera það.

Því spyr ég: hví létu stjórnmálamenn undan hótunum auðvaldsins að ekki mætti þrengja þessar reglur hér á landi vegna samkeppnishæfni bankanna á alþjóðamarkaði? Hvers vegna mátti ekki setja stærðarmörk á bankana? Reglulega var ríkinu hótað málsókn á grunni samkeppnisreglna EES samningsins. Reglulega var því hótað að bankarnir færu úr landi. Löggjafinn er einn hluti þrígreiningar ríkisvaldsins og skal vera sjálfstæður. Það er alvarlegt ef löggjafinn lætur undan þrýstingi frá utanaðkomandi aðilum. Færa má rök fyrir því að slök lagasetning undanfarin ár eigi þátt í því hvernig komið er fyrir okkur. Til að koma í veg fyrir endurtekningu þessara hörmunga verður að styrkja stoðir Alþingis bæði fjárhagslega og faglega.

Frumvarp til laga um lagaskrifstofu Alþingis, sem ég hef lagt fram ásamt flestum þingmönnum Framsóknarflokksins og Hreyfingarinnar, er fyrsta skrefið, auk ráðgjafar frá þjóðþingum hinna Norðurlandanna.

GILDI lífeyrissjóður

ÁRSFUNDUR 2010

Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs verður haldinn á Grand Hótel, Reykjavík miðvikudaginn 28. apríl kl. 17.00.

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Tillaga til breytinga á samþykktum sjóðsins.
3. Tillaga um lækkun réttinda.
4. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins munu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins og birtar á heimasíðunni, www.gildi.is

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Reykjavík 12. apríl 2010,

*Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.*

GILDI
Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is

# Siðareglur blaðamanna

Fjölmiðlar

Jakob Bjarnar Grétarsson
blaðamaður



Á undanförnum árum hafa fallið meiðyrðamálsdómar yfir blaðamönnum sem eru móðgun við heilbrigða skynsemi. Þetta helgast meðal annars af því að dómstólar hafa lítið vit á blaðamennsku og fáránlegt að þeir skuli hafa með höndum ritstjórnar- og dagskrárvald. En, því miður getur sjálft fagfélagið, Blaðamannafélag Íslands, sér sjálfu um kennt.

Í tæpa hálfa öld hefur félagið verið að burðast með hégómlegar og skaðlegar siðareglur. Í ár og áratugi hafa þessar siðareglur verið gagnrýndar innan félagsins en menn hafa einhverra hluta vegna dregið lappirnar við endurskoðun þeirra. Nú er komin fram tillaga hóps undir forystu Birgis Guðmundssonar lektors á Akureyri að nýjum siðareglum þar sem í sjálfu sér er litlu sem engu breytt. Þetta er þrátt fyrir að ýmsir hafi sett fram rökstudda gagnrýni á reglurnar án þess að komið hafi fram mótrök utan: En svona er þetta í löndunum í kringum okkur – eins og það séu einhver rök í sjálfu sér. Óskiljanlegt er af hverju menn þumbast við að mæta réttmætum athugasemdum.

„Ég drap ekki mávinn með hamri,“ sagði drengurinn uppúr eins manns hljóði. Í fyrstu grein tillagna segir meðal annars: „Blaðamaður leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir fagstétt hans, hlutverk stéttarinnar og þau gildi sem hún stendur fyrir. Blaðamaður skal jafnan sýna drengskap í störfum sínum og skiptum við starfsfélaga.“ En ekki hvað? má spyrja á móti. Eitt er að templarar og ungmennafélagsfrömuðir séu að dunda sér við að skrá einhverjar reglur um ákjósanlega hegðan, einhver svona sjálfsögðheit, en annað er að fagfélag, þar sem helsta verkfærið er sjálft tungumálið og merking þess, fari fram með svona skvaldur í siðareglum sínum. Ekki síst þegar um er að ræða bein skilaboð til dómsstóla landsins.

Hjá þessu mætti hugsanlega skauta ef það væri ekki svo að merking nærist á andstæðu sinni; þetta gefur hreinlega til kynna að blaðamenn séu upp til hópa slúbbertar sem þurfa einhverjar svona barnaskólareglur sem stiku í lífinu og tilverunni umfram aðrar stéttir. Mætti jafnvel spyrja hvort ekki sé allt eins rétt að sett sé ákvæði í siðareglur þess efnis að blaðamenn bursti í sér tennurnar að morgni dags og á kvöldin.

Í tillögunum skortir ekki móraliseringar og þar er reynt að vernda viðurkenndar skoðanir [sic]. Eins og sjá má í 5. grein: „Hann reynir því að draga úr hættunni á að fyrir tilverknað fjölmiðla aukist mismunun á grundvelli kynþáttar, kyns, kynhneigðar, tungumáls, trúarskoðana eða sannfæringar.“ Þetta lítur svo sem nógu vel út á yfirborðinu. Hver er ekki á móti rasisma? En hver er hin raunverulega merking. Jú, í stað þess að greina frá atburðum eins og þeir koma fyrir af kúnni þá eiga blaðamenn jafnframt að hafa mannbætandi áhrif á samfélagið. Og hvernig gera þeir það? Jú, með því að halda tilteknum staðreyndum utan frétta. Væntanlega af ótta við að heimskur múgurinn gæti farið að oftúlka staðreyndirnar. Þetta brýtur í bága við sjálfan kjarna blaðamennskunnar.

Sjálfsagt er að blaðamenn setji sér siðareglur sem kveða á um að þeim sé óheimilt að fjalla um mál þar sem þeir sjálfir eru hagsmunatengdir, að það sé bannað að þiggja mútur og jafnvel að setja þar inn háleit markmið eins og að standa eigi vörð um hagsmuni almennings og tjáningarfrelsið. Og hugsanlega væri hægt að setja kíkinn á blinda augað gagnvart ofansögðu og vera ekki með þetta vesen ef ekki kæmi til hin alræmda 3. regla – svokölluð tillitssemiregla – sem nú er komin númer fjögur í tillögur að nýjum siðareglum: „Blaðamaður sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.“ Enn má spyrja: En ekki hvað?

Reyndin er sú að mikill meirihluti mála sem koma fyrir siðanefnd Blaðamannafélagsins er vegna þessarar reglu og það ekki af ástæðulausu. Því þó þetta hljómi nógu vel á yfirborðinu, sýnist háleitt og fagurt, er merkingin kolbrengluð. Þarna er innbyggð meinloka. Það er einfaldlega svo að ef einhver kýs að móðgast, burtséð frá aðstæðum, burtséð frá því hversu blaðamaður hefur vandað til verka, þá er fyrirliggjandi að blaðamaður hefur ekki sýnt nægilega tillitssemi móðgist sá sem um er rætt.

Þessi dæmi eru fjarri því að vera það eina sem setja má út á í tillögunum. Aðalfundur Blaðamannafélags Íslands verður haldinn 29. þessa mánaðar og þar verða þessar tillögur ræddar. Ég skora á félaga mína í BÍ að mæta og koma í veg fyrir að þeir eigi yfir höfði sér aðra eins skaðlega merkingarleysu næstu áratugina – eftir sem áður.



**VINNUSKÓLI REYKJAVÍKUR** starfar í sumar líkt og áður. Opnað hefur verið fyrir skráningu nemenda en sú nýbreytni hefur verið tekin upp að foreldrar skrá nú unglingana sína í skólann með því að fara inn í Rafræna Reykjavík á heimasíðu borgarinnar, www.rafraen.reykjavik.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447












„Karfan er alfarið liðsíþrótt þar sem er mikill hraði og hamagangur en golfið er einstaklingsíþrótt þar sem reynir mikið á einbeitingu og þolinmæði," segir Erla.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Í golf þegar ferlinum lauk

**Erla Þorsteinsóttir lék með körfuboltaliði Keflavíkur en varð að hætta vegna meiðsla. Í kjölfarið hellti hún sér út í golfnám og mun að ári útskrifast í fyrsta íslenska hópnum með alþjóðleg réttindi í golfi.**

„Ég byrjaði í körfu þegar ég var tólf ára og ári síðar fór ég að æfa golf og var í raun mjög efnileg í báðum greinum. Hins vegar gekk illa upp að stunda hvort tveggja, þar sem golfið bitnaði til dæmis á landsliðsleikjum í körfunni á sumrin. Ég valdi því á endanum körfuboltann en var alltaf ákveðin í að snúa aftur í golfið um leið og færi gæfist," segir Erla Þorsteinsdóttir, sem varð að hætta í körfubolta fyrir nokkrum árum vegna meiðsla eftir farsælan feril og hefur nú snúið sér að golfi.

„Ég var reyndar ekki tilbúin til að hætta þarna í körfuboltanum en skrokkurinn gat einfaldlega ekki meira. Eftir það tók við tímabil þar sem mér fannst ég svolítið týnd og ákvað því að fara þá leið að finna mig í golfinu," segir Erla, sem skellti sér í PGA-nám í golfi í Hraunkoti í fyrra og mun útskrifast haustið 2011 í fyrsta íslenska hópnum með alþjóðleg réttindi í golfi.

Námið veitir Erlu réttindi til golfkennslu en hún segir það henta sér vel þar sem hún sé kennari að mennt og finnist mjög gaman að vinna með bæði börnum og fullorðnum. Þess utan eigi kennarastarfið og golfkennslan vel saman þar sem nú standi ekkert í vegi fyrir að hún geti sinnt hinu síðarnefnda á sumrin. „Þannig ætla ég að kenna við nýstofnaðan golfskóla Magnúsar Birgissonar og Phills Hunter í Golfklúbbnum Oddi núna í sumar og finnst alveg frábært að fá þarna tækifæri til að vinna með þessum reynsluboltum."

Spurð hvort hún stefni sjálf á atvinnumennsku í golfi segist Erla vera allt of gömul til þess. „Nei, ætli ég haldi mig ekki bara við kennsluna," segir hún og hlær og bætir við að auk þess stefni hún á að bæta sig frekar í golfkennslunni.

*roald@frettabladid.is*



**GOSASKA** getur haft bráð áhrif á fólk. Helstu einkenni frá öndunarfærum eru nefrennsli og erting í nefi, særindi í hálsi og hósti. Fólk sem þjáist af hjarta- og lungnasjúkdómum getur fengið versnandi einkenni frá undirliggjandi sjúkdómum. www.landlaeknir.is




**Skráning hafin á**
**4 vikna lífsstílsnámskeið**
Leiðbeinandi Ingibjörg Stefánsdóttir
**Námskeiðið hefst 4. maí**
Sjá nánar á heimasíðu okkar www.madurlifandi.is

maður lifandi
Borgartúni 24, 105 Reykjavík | Hæðasmára 6, 201 Kópavogi | Hafnarborg, 220 Hafnarfjörður
Opið virka daga kl. 10-20 | Laugardaga kl. 10-17 | www.madurlifandi.is



25 mín. partanudd verð: 3.200 kr.
25 mín. kínverskt fótanudd verð 3.200 kr.
DONG FANG SALON
Gildir á mán/þri/mið til 1.maí 2010




Sundknattleiksþjálfarar víðs vegar um heim hafa fylgst með frammistöðu Kristínu, sem á framtíðina fyrir sér.



Kristína hefur tvisvar verið kosin besta upprennandi sundknattleikskona Grikklands. Hún var aðeins fimmtán ára valin í gríska landsliðið og yngsta sundknattleikskonan sem tók þátt í Ólympíuleikunum í Peking, þar sem Grikkland lenti í áttunda sæti.

MYND/ÚR EINKASAFNI

# Lék lykilhlutverk í sigri Grikkja í sundknattleik

**Grikkir báru sigur úr býtum í Evrópukeppni í sundknattleik á dögunum en þar lék hin átján ára Kristína Tsoukala stórt hlutverk. Kristína er Íslendingur í aðra ætt og er ein af frægari íþróttakonum Grikklands.**

„Það var alveg frábært að vinna bikarinn, sérstaklega þar sem þetta er í annað sinn sem við hömpum honum,“ segir Kristína, sem lék stórt hlutverk í sigri gríska liðsins Vouliagmeni gegn ítalska liðinu Orizzonte Catania í úrslitaleiknum í Evrópukeppni flokksliða í sundknattleik, sem var haldinn á eyjunni Korfú á dögunum. Þar unnu Grikkir Ítali með tólf mörkum gegn níu og átti Kristína heiðurinn að þremur þeirra.

„Þetta er stórkostlegur árangur fyrir liðið. Núna erum við búnar að sanna að við erum besta liðið í Evrópu,“ segir Kristína enn fremur en hún hefur verið viðloðandi sund síðan hún var fimm ára og var farin að iðka sundballett sjö ára. Hún segir reynsluna úr sundballettinum hafa komið að góðu gagni í sundknattleik, sem hún fór að æfa fimm árum síðar. „Þar fann ég íþrótt sem hentaði mér best.“



Sigrinum fagnað.

Eins og fyrr sagði er Kristína íslensk í aðra ætt. Móðir hennar Þóra Valsteinsdóttir giftist Makis Tsoukalas árið 1982 og eignaðist með honum Kristínu og bróður hennar Valstein Konstantín, nítján ára. Spurð hvort hún fylgist með íslensku íþróttafólki játar Kristín því. „Ég er hrifin af íslensku handboltamönnunum, sérstaklega Guðjóni Vali og mér finnst íslensku fótboltastelpurnar frábærar, þær hafa náð svo langt.“

Kristína hefur annars í nógu að snúast. Fram undan eru þrjú mót í sumar, World League í Kaliforníu, Fina Cup á Nýja-Sjálandi og Evrópukeppni landsliða í Zagreb. „Ég verð á æfingum í allt sumar, vegna þess að við erum að reyna að komast inn í þessar keppnir og vonandi tekst okkur að ná einu af efstu sætunum,“ segir hún.

*roald@frettabladid.is*





Orkuhelgi fyrir konur undir Jökli
**Námskeið fer fram helgina 14. - 16. maí**

- Dansjóga / Orkudans
- Styrkjum kvenorkuna
- Hláturjóga
- Dans Gyðjunnar
- Skemmtileg sjálfstyrking
- Leiklist
- Jákvæður máttur hugans
- Hópsöngur
- Sögur
- Jógaleikfimi
- Gönguferðir
- Sund í ölkeldulaug
- Hvíld og slökun
- Varðeldur/kveðja fortíð
- Austurlenskar orkuæfingar
- Útrás og umbreyting
- Tengjast betur innsæinu
- Grænmetisfæði og hreinsun
- Himneskar ilmolíur
- Verða sterk kona

Púlsinn námskeið
**Tryggðu þér pláss fyrir 9.maí!**
Skráning í síma 848 5366 | www.pulsinn.is



# SUMARTILBOÐ

Í tilefni sumarkomu er
**20% AFSLÁTTUR**
af rauðum Kampagne ferðatöskum
frá þriðjudegi til laugardags.



Stór (10.800.-)
**Verð nú 8.640.-**
Mið: (9.300.-)
**Verð nú 7.440.-**
Lítil:(7.200.-)
**Verð nú 5.760.-**

Tösku og hanskabúðin
Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is



# ;ALLT TÍSKA

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is
**sími 512 5473**

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is
**sími 512 5427**

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is
**sími 512 5447**

**Fimmtudaga**

# HÁSKÓLANÁM



Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri

VERTU VELKOMIN/N Í HÁSKÓLANN Á AKUREYRI!



HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Á heilbrigðisvísindasviði er boðið upp á nám í tveimur deildum:

- Hjúkrunarfræði**
- Iðjuþjálfunarfræði*
- Diplómu- og meistaranám í heilbrigðisvísindum
  - M.S. í heilbrigðisvísindum
  - Diplómunám í heilbrigðisvísindum (40 einingar)

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Í boði er nám í þremur deildum á hug- og félagsvísindasviði; félagsvísindadeild, lagadeild og kennaradeild:

- Fjölmiðlafræði
- Kennarafræði* (leik- og grunnskólastig)
- Lögfræði
- Nútímafræði
- Samfélags- og hagþróunarfræði
- Sálfræði
- Þjóðfélagsfræði
- Heimskautalögfræði L.L.M/M.A.
- Kennslufræði til kennsluréttinda
- Menntunarfræði
  - Diplómunám í menntunarfræðum (60 einingar)
  - M.Ed. í menntunarfræðum
  - M.A. í menntunarfræðum

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Á viðskipta- og raunvísindasviði er boðið upp á nám í viðskiptadeild og auðlindadeild:

- Líftækni*
- Sjávarútvegsfræði*
- Umhverfis- og orkufræði*
- Viðskiptafræði*
- M.S. í auðlindafræði
- M.S. í viðskiptafræði

*Einnig í boði í fjarnámi **Í boði í fjarnámi frá Akranesi

Engin skólagjöld, innritunargjald fyrir skólaárið kr. 45 þúsund.

Frelsi - Traust - Framsækni - Jafnrétti

www.unak.is

Umsóknarfrestur til 5. júní




„Það er mjög mikilvægt að fólk geti stundað háskólanám á fleiri en einum stað á landinu," segir Dagmar Ýr Stefánsdóttir.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

# Persónulegt námsumhverfi

**Háskólinn á Akureyri er lítill og persónulegur skóli sem hefur margs konar sérstöðu í námsframboði miðað við aðra skóla.**

„Ein helsta sérstaða Háskólans á Akureyri er persónulegt námsumhverfi. Háskólinn er ekki mjög stór og tengslin sem myndast, bæði milli nemenda og kennara og einnig innan bekkja, eru öðruvísi en gengur og gerist í stærri skólum," segir Dagmar Ýr Stefánsdóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs hjá Háskólanum á Akureyri.

Háskólinn var stofnaður árið 1987 og segir Dagmar að eitt af mikilvægustu hlutverkum hans sé að bjóða upp á ákveðið mótvægi við höfuðborgarsvæðið. „Það er mjög mikilvægt að fólk geti stundað háskólanám á fleiri en einum stað á landinu, að ekki þurfi allir að flytja til Reykjavíkur og eins að fólk á höfuðborgarsvæðinu hafi möguleika á að læra annars staðar. Yfir tuttugu prósent nemenda okkar koma frá höfuðborgarsvæðinu. Margir þeirra vildu prófa eitthvað nýtt án þess að þurfa að flytja til útlanda, enda þykir mörgum slíkt ekki fýsilegt nú um stundir. Þá er tilvalið að söðla um og flytja hingað norður. Stærsti hluti nemenda háskólans kemur af landsbyggðinni og heldur áfram að lifa þar og starfa að námi loknu," segir Dagmar. Hún bætir við að stúdentagarðar skólans séu vinsælir, en einnig búi Akureyri yfir góðum leigumarkaði. Þar sé einnig ódýrara að leigja en í Reykjavík, sem togi vafalaust í marga, ekki síður en frábær aðstaða til iðkunar vetrar- og sumaríþrótta.

Háskólinn á Akureyri hefur ýmiss konar sérstöðu í námsframboði miðað við aðra háskóla hér á landi. Sem dæmi má nefna nám í iðjuþjálfun á heilbrigðisvísindasviði og á félagsvísindasviði er boðið upp á nám í nútímafræði, samfélags- og hagþróunarfræði, þjóðfélagsfræði og fjölmiðlafræði til BA-gráðu, sem ekki er í öðrum skólum. Þá er boðið upp á nám í sjávarútvegsfræði, líftækni og umhverfis- og orkufræði á viðskipta- og raunvísindasviði.

Nemendum býðst einnig sá valkostur að stunda fjarnám við Háskólann á Akureyri óháð búsetu. „Við höfum verið leiðandi í því að koma slíku námi á fót hér á landi og í dag kennum við til yfir tuttugu staða á landinu.

Námið fer mestmegnis fram í gegnum myndfundarbúnað og Netið í samstarfi við fræðslusetur og símenntunarmiðstöðvar. Fjarnemar mæta einnig í staðbundnar lotur hér á Akureyri einu sinni til tvisvar yfir önnina," segir Dagmar.

## UMSAGNIR NEMENDA Í HÁSKÓLANUM Á AKUREYRI



### PERSÓNULEGUR HÁSKÓLI

„Mér finnst Háskólinn á Akureyri vera mjög góður skóli. Hann er persónulegur, þjónustan er til fyrirmyndar og svo er ég sérstaklega ánægð með símatið sem er í sálfræðinni. Í vetur hef ég verið í tímum sem eru teknir upp og kenndir í fjarkennslu. Það er frábært að geta horft aftur á tímann heima ef maður vill eða nota upptökurnar til að rifja upp námsefnið fyrir próf."

*Barbara Helgadóttir, nemandi í sálfræði.*

### MIKLIR MÖGULEIKAR Á SKIPTINÁMI

„Ég fór í skiptinám til University of Manitoba í Winnipeg í Kanada en það veitti mér ómetanlega reynslu og víkkaði sjóndeildarhringinn til muna. Winnipeg er einstakur staður og tengslin við Ísland mjög sterk þar sem margir eiga rætur sínar að rekja til Íslands. Ég kynntist frábæru fólki alls staðar að úr heiminum, fann fyrir ótrúlegri góðvild í garð Íslendinga og áttaði mig á að þrjátíu stiga frost er ótrúlega fljótt að venjast! Ég mæli hiklaust með því að stúdentar kynni sér kosti skiptináms."

*Hafdís Huld Björnsdóttir, nemandi í viðskiptafræði.*



**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Bjarni Sigurðsson bjarnithor@365.is s. 512 5471



Ágúst segir algengt að fólk komi í Háskólann á Bifröst eftir að hafa lokið öðrum köflum í lífinu. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Hér ríkir góður andi og fólk binst vináttuböndum

**Við Háskólann á Bifröst hafa þrettán hundruð manns stundað bæði stað- og fjarnám í vetur í fjölmörgum greinum.**

Háskólinn á Bifröst er félagsvísindaskóli og umhverfis hann er stærsta háskólaþorp Íslands. Hann var stofnaður á grunni Samvinnuskólans sem reisti menntasetur í hinu margslungna Grábrókarhrauni fyrir rúmlega hálfri öld. Umhverfið er sannarlega heillandi enda hefur fólk flykkst að háskólanum og í vetur búa um 700 manns á staðnum að sögn rektorsins Ágústs Einarssonar. „Við höfum reynt að sérhæfa okkur á ýmsum sviðum og bjóða upp á nám sem ekki er hægt að stunda annars staðar,“ segir hann og lýsir bæði nýjungum í skólastarfinu og því sem lögð hefur verið mest áhersla á.

„Við byrjuðum með línu í fyrra sem heitir alþjóðafræði, til viðbótar við svokallað HHS nám hjá okkur sem er heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði. Alþjóðafræðinámið hefur gefist vel og við teljum að það muni festa sig í sessi. Það byggir meðal annars á starfsnámi erlendis og samstarfi við samtök sem starfa erlendis og undirbýr fólk til starfa á alþjóðavettvangi. Við munum líka byrja með meistaranám í lögfræði með haustinu, svokallað LLM nám, í evrópskum félagarétti. Það er líka nýjung og er hvergi kennt hér á landi, frekar en alþjóðafræðin.“

Viðskiptalögfræði til BS-gráðu er eitt af því sem Háskólinn á Bifröst er þekktur fyrir og þar geta menn farið í meistaranám í sama fagi ef menn vilja. „Þetta er örugglega nálgun en almennt gerist í lögfræðinni, meira viðskiptatengt,“ lýsir Ágúst. Skólinn er líka með nám í hefðbundinni viðskiptafræði og í rúmt ár hafi nemendum staðið til boða að læra hana eingöngu á ensku. „Það er hugsað fyrir útlendinga,“ segir hann og segir nokkra erlenda nemendur dvelja á staðnum og stunda slíkt nám. Eitt af því sem Bifröst býður einnig upp á og er einsdæmi hér á landi er nám í menningarstjórnun. „Við vorum að gera samning við Háskóla Íslands um samstarf í þverfaglegu námi í menningarfræðum,“ upplýsir rektorinn.

Auk hefðbundins háskólanáms er frumgreinadeild á Bifröst til undirbúnings þeim nemendum sem ekki hafa lokið stúdentsprófi. Einnig er verslunarstjóranám og námsleið sem heitir Máttur kvenna. Öflugt fjarnám er við skólann eins og Ágúst lýsir. „Meirihluti af okkar nemendum er í blöndu af staðnámi og fjarnámi. Þeir koma á vinnuhelgum hingað að Bifröst,“ segir Ágúst. „Við erum með sumarönn líka sem er umfram það sem gerist hjá öðrum háskólum, þannig að flestir af okkar nemendum ljúka BS-gráðu á þremur árum og sumir á enn skemmri tíma. Hér er kennt meira og minna allt árið og fólk situr vel við. Skólinn byggir á mikilli verkefnavinnu og hópastarfi. Brottfall er lítið því utanumhaldið er gott og mikil samkennd skapast meðal nemenda. Í þessu samfélagi ríkir góður andi og hér binst fólk oft traustum vináttuböndum.“



**●JAFNRÉTTI Á BIFRÖST** Háskólinn á Bifröst stendur framarlega þegar jafnrétti kynjanna er annars vegar. Sjálfsagt þykir að flétta jafnréttissjónarmið í alla starfsemi skólans og þess gætt að kynbundinn launamunur eigi sér ekki stað innan stofnunarinnar. Jöfn kynjahlutföll eru þar bæði í starfsmannaliði skólans og í nemendahópum.



**●SKÝRSLAN KRUFIN** Á Bifröst sátu í síðustu viku 20 háskólakennarar í tvo daga við að lesa skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og fara yfir hana.

Þetta voru fræðimenn á sviðum lögfræði, viðskiptafræði, siðfræði, hagfræði og heimspeki úr þremur háskólum, í Reykjavík, Akureyri og Bifröst.

Skýrslan var krufin til undirbúnings ráðstefnu sem haldin verður nú á næstu dögum í Reykjavík og á Akureyri og verður opin öllum.




**Opinn dagur í Háskólanum á Bifröst á sumardaginn fyrsta kl. 14 – 17.**

Komdu í heimsókn og fáðu persónulega leiðsögn um skólann og allar upplýsingar um námið. Nemendur og kennarar kynna námsleiðir, verkefnavinnu, vinnubrögð og þá góðu aðstöðu sem er í boði, t. d. íbúðirnar, barnaaðstöðuna, líkamsræktarstöðina, baðsvæðið o.fl. Einnig kynnir Skólafélagið hið litríka félagslíf sem setur svip sinn á námið á Bifröst.

**Skemmtidagskrá og grill fyrir alla fjölskylduna**

- Nytjamarkaður með hönnun, handverk og góðgæti beint frá býli
- Fótboltakeppni
- Dýfukeppni
- Kubba-kast
- Sérstök barnadagskrá
- Grillmatur fyrir alla



**Hljómsveitin Dikta leikur fyrir gesti kl. 17.**

Sjáumst á Bifröst!

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY




ORKU- OG TÆKNISKÓLI

Keilir og Háskóli Íslands bjóða upp á nám í tæknifræði við framúrskarandi aðstæður hjá Keili á Ásbrú undir leiðsögn sérfræðinga í fremstu röð. Nemendur útskrifast með B.S. gráðu frá Háskóla Íslands.

Orkutæknifræði veitir sterkan grunn í beislun og nýtingu jarðvarmaorku og virkjun á öðrum grænum, endurnýjanlegum orkugjöfum. Í mekatrónik (e. mechatronics) fá nemendur þverfaglega menntun í hönnun og smíði rafeinda- og tölvustýrðs vélbúnaðar.

Lögð er áhersla á verklegar æfingar í rannsóknarstofu og samstarf við fyrirtæki sem undirbýr nemendur fyrir atvinnulífið, þar sem vaxandi þörf er fyrir sérfræðinga á þessu sviði.

OPINN DAGUR HJÁ KEILI
SUMARDAGINN FYRSTA
KL. 12:00 – 16:00

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

ÁSBRÚ - SÍMI: 578 40 00 - WWW.KEILIR.NET



# Óendanlegir möguleikar

**Orku- og tækniskólinn er einn af fjórum skólum Keilis á Ásbrú, hinu gamla varnarsvæði Bandaríkjahers á Íslandi. Þar eru í boði tvær spennandi námsleiðir.**



Rúnar Unnþórsson er forstöðumaður Orku- og tækniskólans sem hóf starfsemi sína á Keili í fyrrahaust. Þar má meðal annars leggja stund á mekatróník-nám, sem margir hafa beðið með óþreyju en þurftu að fara utan til að læra áður. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Tæknifræðinámið hjá Orku- og tækniskóla Keilis er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Keilis – miðstöð, vísinda, fræða og atvinnulífs. Nemendur útskrifast með BS-gráður frá HÍ og ljúka einnig viðbótarnámi sem uppfyllir skilyrði til umsóknar um að verða tæknifræðingur,“ segir Rúnar Unnþórsson, forstöðumaður Orku- og tækniskóla Keilis – miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs.

„Í náminu er mikil áhersla lögð á verklegar æfingar, að nemendur sannreyni fræðin og æfi sig í að beita þeim. Markmiðið er að skila nemendum sem hæfustum út í atvinnulífið og því eru verklegar æfingar mikilvægar. Skólinn er vettvangurinn til að gera mistök og prófa sig áfram.“

Í boði eru tvær námsleiðir: Orku- og umhverfistæknifræði og mekatróník tæknifræði. Námið er skipulagt sem þriggja ára nám en það má taka á lengri tíma.

„Orku- og umhverfistæknifræðin snýst um vistvæna, endurnýjanlega orku, tæknina á bak við hana og þær aðferðir sem hægt er að nota til að beisla hana. Í því samhengi er umhverfið mikilvægur þáttur. Nemendur læra að meta umhverfisáhrifin sem felast í virkjun mismunandi orkuauðlinda. Megináherslan er á jarðvarmaorku og að nemendur öðlist skilning á tæknilegum atriðum ofan og neðan yfirborðs jarðar,“ segir Rúnar og bætir við að efnafræði sé gert hátt undir höfði í náminu þar sem hún spili stóran þátt í nýtingu jarðvarma og lífræns eldsneytis.

„Orkugeirinn á Íslandi hefur vaxið mjög að undanförnu og aukin þörf fyrir tæknimenntað starfsfólk við undirbúning og mat verkefna, hönnun og framkvæmd, eftirlit, viðhald og rekstur. Því hafa kröfur aukist um starfsfólk með þverfaglegan bakgrunn í orkufræðum og jarðvísindum, ásamt þekkingu á vélbúnaði.“

Hitt námskeið Orku- og tækniskólans er mekatróník. Það er hugtak sem nær yfir stjórnun vélbúnaðar með rafmagni og hugbúnaði, og segir Rúnar vaxandi þörf fyrir tæknimenntað fólk sem hannað getur, smíðað og viðhaldið vélbúnaði sem er búinn rafeinda- og hugbúnaðarstýringum, en þess má geta að hingað til hafa Íslendingar þurft að sækja þá menntun til útlanda.

„Mekatróník snýst í hnotskurn um að létta okkur lífið og ná sem bestri nýtni úr kerfum. Í náminu er lögð áhersla á sambland af hreyfifræði, sjálfvirkni og nýsköpun, en hreyfifræði tengist öllu sem hreyfist eins og vélmennum, færiböndum og jafnvel mannslíkamanum eins og þekkist vel í starfi fyrirtækjanna Össurar og Marels. Sjálfvirkni er mikilvæg í öllum iðnaði því aukin sjálfvirkni minnkar mistök, eykur afköst og nákvæmni, og auðveldar gæðastjórnun. Þá er nýsköpun innifalin í hugtakinu mekatróník og í náminu er lögð rík áhersla á að nemendur tileinki sér skapandi hugsun, læri markviss vinnubrögð við útfærslu hugmynda og geti útbúið frumgerðir að lausnum.“

Að sögn Rúnars er aðstaða Orku- og tækniskólans fyrsta flokks, en verkleg aðstaða er í þúsund fermetra húsnæði. Þá er efnafræðistofa og smíðaaðstaða fádæma vel búin og á næstu dögum bætast við tveir stórir sjö ása iðnaðarþjarkar, líkt og notaðir eru í bílaframleiðslu, og gefa óendanlega möguleika í verkefnum.

„Hér er einstakt að stunda nám. Háskólasamfélagið er orðið það stærsta á Íslandi, með 1.800 manns í afar hagkvæmu húsnæði og frítt í rútu á milli Reykjavíkur og Ásbrúar. Stemningin er frábær og allir una vel við sitt.“

Flug og þjálfun

Keilir býður upp á hagnýtar starfsmenntabrautir í flugi og þjálfun, sem notið hafa mikilla vinsælda.



Flugtengdar námsbrautir:
- Einkaflug
- Atvinnuflug
- Flugumferðarstjórn
- Flugþjónusta
- Flugrekstrarfræði

Allt flugtengt nám hjá Keili veitir starfsréttindi. Lögð er áhersla á nútímalega kennsluhætti og kennsluumhverfi. Flugfloti Keilis er nýstárlegur og hátækniflugvélar notaðar til kennslunnar.

Þjálfunartengdar námsbrautir:
- ÍAK einkaþjálfun
- ÍAK íþróttaþjálfun

ÍAK þjálfaranám hjá Keili er hagnýtt og metnaðarfullt. Markmiðið með námsbrautunum er að skapa framúrskarandi þjálfara sem hafa hæfni til að búa til einstaklingsmiðaðar þjálfunaráætlanir á sviði styrktar- og ástandsþjálfunar. ÍAK-íþróttaþjálfarar eru sérhæfðir í að vinna með styrktar- og ástandsþjálfun íþróttamanna.



„Félagslíf er líka ágætt – bæði innan skólafélagsins og utan þess. Það er ekki langt að fara til Reykjavíkur ef svo ber undir," segir Guðmundur. MYND/LBHÍ

# Gott að búa í strjábýlinu

**Guðmundur Freyr Kristbergsson hóf nám við Landbúnaðarháskóla Íslands síðastliðið haust og unir hag sínum vel.**

„Ég skoðaði námsframboð við Landbúnaðarháskóla Íslands eftir að kennari við MS benti bekknum mínum á hann sem raunhæfan möguleika. Ég var fljótur að komast að því að nám í umhverfisskipulagi væri eitthvað sem höfðaði til mín," segir Guðmundur Freyr Kristbergsson, sem hóf nám við Landbúnaðarháskólann síðastliðið haust. Guðmundur lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Sund vorið 2008 með áherslu á umhverfisfræði. „Í framtíðinni langar mig að mennta mig enn frekar í skipulagsfræðum en hvað verður fyrir valinu er óráðið. Sem betur fer er námið mjög fjölbreytt og margar greinar sem snerta þetta fag. Ef maður veit ekki alveg hvert á að stefna er það mikill kostur."

Hvernig er fyrir þéttbýlisbúa eins og þig að koma að Hvanneyri og búa hér?

Guðmundur brosir breitt og segist kunna vel við sig í strjálbýlinu. „Hér er ekkert stress og maður röltir bara á milli húsa og hittir vini og kunningja. Félagslíf er líka ágætt – bæði innan skólafélagsins og utan þess. Það er ekki langt að fara til Reykjavíkur ef svo ber undir."

Guðmundur leigir herbergi hjá Nemendagörðum á Hvanneyri. „Ég bý í húsi sem heitir Árgarður og þar leigjum við fjögur saman íbúð. Við deilum saman eldhúsi og stofu," segir Guðmundur og bætir því við að þau eldi saman mat einu sinni í viku. Þá fá tvö það hlutverk að búa til matinn en hinir sleppa af. „Við náum alveg ótrúlega vel saman. Ég var mjög heppinn með sambýlinga og maður lærir mikið í mannlegum samskiptum við þessar aðstæður."

Guðmundur játar strax að hann hafi ekki haft mikla reynslu af matargerð. „Þetta tekst nú alltaf. Stelpurnar hjálpa mér að búa til sósuna með kjötinu. Ég get alveg sett saman matseðil eftir reynsluna í vetur. Fram til þessa hefur móðir mín búið til matinn en það að sjá um sig sjálfur er ákveðið skref. Þó skal tekið fram að ég hef verið í sveit á sumrin í Reykhólasveit og þar þurfti ég að hjálpa til í öllum verkum."

Aðspurður segir Guðmundur að það sé betra að búa á Hvanneyri en til dæmis í Reykjavík og aka á milli. „Skólagögnin sem fylgja þessu námi eru svo umfangsmikil að því fylgir bara vesen að keyra alltaf á milli. Ég nýti mér líka aðstöðuna hérna í skólanum frekar en að læra heima."

Guðmundur er mikill áhugamaður um hesta og þegar hann uppgötvaði að þarna er hægt að leigja ódýrt pláss fyrir hesta ákvað hann að koma með hestinn með sér. „Það er ekki eins bindandi og hefði mátt ætla að taka hestinn með sér. Hér eru allir reiðubúnir til að hjálpa ef maður þarf að skreppa frá. Það er hægt að leigja pláss fyrir hesta á tveimur stöðum en ég valdi gamla fjárhúsið, en þar hitti ég líka margt fólk sem býr hér allt árið. Mér sýnist að hesturinn kunni bara álíka vel við sig þarna og ég í mínu námi!"



Guðrún Óskarsdóttir útskrifaðist frá Menntaskólanum í Kópavogi í árslok 2008. „Ég er hér í skógfræði og landgræðslu, enda hef ég alltaf haft mikinn áhuga á íslenskum umhverfismálum. Þarna sá ég tækifæri til að læra um það og það réð vali á háskóla. Ég er afar sátt með að hafa komið í LbhÍ og ég stefni á frekara nám landgræðslu," segir Guðrún.



● **LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS** Aðsetur háskólanámsins er á Hvanneyri í Borgarfirði þar sem á undanförnum árum hefur risið myndarlegt háskólaþorp. Á Hvanneyri eru nemendagarðar með einstaklingsherbergjum og fjölskylduíbúðum. Íbúðir og herbergi eru tengd tölvuneti skólans. Leikskóli og grunnskóli eru á staðnum. Borgarnes er í 14 km fjarlægð og frá Hvanneyri til Reykjavíkur eru um 80 km. Við skólann eru sérhæfð bókasöfn, rannsóknastofur og tilraunabú.

Í starfsmenntanámi Landbúnaðarháskólans eru fimm leiðir í boði. Kennsla í búfræði fer fram á Hvanneyri en fjórar garðyrkjugreinar eru kenndar á Reykjum í Ölfusi.

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur mikla sérstöðu meðal háskóla hérlendis. Þessi sérstaða felst fyrst og síðast í viðfangsefni skólans sem er náttúra Íslands – nýting, viðhald og verndun. Á meðfylgjandi mynd má sjá nemendagarða Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.








SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE
HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is
PIPAR\TBWA SÍA 100999



# Fjölbreytt nám á öllum stigum og fræðasviðum

**Fjölbreytt nám og sveigjanlegar námsleiðir einkenna Háskóla Íslands en þar eru á fjórða hundrað námsleiða í boði.**

„Háskóli Íslands býður fjölbreytt nám á öllum háskólastigum og sveigjanlegar námsleiðir. Hann er jafnframt eini háskóli landsins sem býður grunn- og framhaldsnám á öllum helstu fræðasviðum," segir Jón Örn Guðbjartsson, markaðs- og samskiptastjóri Háskóla Íslands.

Hann segir að Háskólinn hafi skýra framtíðarsýn og stefnu. Allir nemendur hans hljóti framúrskarandi háskólamenntun og öðlist víðtæka þjálfun í gagnrýnni hugsun og sjálfstæðum vinnubrögðum. „Þrátt fyrir niðurskurð er Háskólinn í sókn og núna eru tæplega fimmtán þúsund nemendur við skólann. Námsframboðið er hvergi fjölbreyttara á Íslandi en tæplega fjögur hundruð námsleiðir eru í boði. Innan skólans eru fimm fræðasvið og 25 deildir sem bjóða góða þjónustu við stúdenta og kennara."

Við Háskóla Íslands starfar að sögn Jóns Arnar stór hópur vel menntaðra og þjálfaðra kennara. Mikill meirihluti fastráðinna kennara er með doktorspróf og hefur stundað nám og rannsóknir við virta erlenda háskóla. „Alþjóðleg tengsl kennaranna eru því sterk og margir þeirra eru í fremstu röð í sínum fræðum í alþjóðlegu vísindasamfélagi."

Jón Örn segir Háskólann í samstarfi við mörg hundruð virta erlenda háskóla og rannsóknastofnanir um nemendaskipti og rannsóknir en öllum nemendum Háskólans gefist kostur á að taka hluta af námi sínu við erlenda háskóla. „Hundruð erlendra nemenda stunda nám við Háskóla Íslands ár hvert og fer þeim stöðugt fjölgandi. Við skólann starfar einnig fjöldi erlendra gestakennara og vísindamanna og erlendir fyrirlesarar eru nær daglegir gestir. Háskólinn er því litríkt, alþjóðlegt og fjölbreytilegt samfélag."

Jón Örn segir að við Háskólann séu gerðar miklar kröfur um árangur í námi, kennslu og rannsóknum. „Kennarar skólans og nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi stunda fjölþættar rannsóknir í nánum tengslum við íslenskt samfélag og atvinnulíf. Það má því með sanni segja að dag hvern fari fram öflugt nýsköpunar- og frumkvöðlastarf í HÍ," segir Jón Örn.


Jón Örn segir öflugt nýsköpunar- og frumkvöðlastarf fara fram í HÍ og að fjölmörg fyrirtæki hafi sprottið úr frjóum rannsóknajarðvegi skólans. MYND/ÚR EINKASAFNI

Hann bendir á að fjölmörg fyrirtæki hafi sprottið úr frjóum rannsóknajarðvegi Háskólans. Í hópi þeirra séu meðal annars Marel, sem allir þekkja og CLARA sem hjálpar fyrirtækjum að skilja viðskiptavini sína betur með því að hlusta á umræðu á Netinu. Hann nefnir einnig Oxymap sem var stofnað af vísindamönnum í læknisfræði og verkfræði við Háskólann til að þróa tækjabúnað sem metur blóðþurrðarsjúkdóma í augnbotnum með stafrænni myndvinnslu.

Jón Örn segir að almennt inntökuskilyrði í HÍ sé stúdentspróf eða sambærilegt próf frá erlendum skóla. Sumar deildir hafi til viðbótar ákvæði um lágmarkseiningafjölda í ákveðnum greinum. Jón Örn bendir á að náms- og starfsráðgjöf Háskólans hafi það meginhlutverk að veita nemendum skólans ráðgjöf og stuðning. „Þarna er veitt ráðgjöf um val á námsleiðum og vinnubrögð í háskólanámi."

Jón Örn segir að það að vera í háskóla snúist samt ekki bara um að sitja góða fyrirlestra og læra heima, heldur sé félagslífið einnig afar mikilvægt. „Það er fjölbreytt mannlíf í skólanum og Háskólatorgið okkar er suðupottur samræðu og pælinga. Hér eru tugir nemendafélaga og sjá þau til þess að engum leiðist eftir að heimanámi lýkur."

# Heiðursdoktorar á annað hundrað

Tæplega 180 heiðursdoktorar hafa verið kjörnir við Háskóla Íslands frá stofnun skólans og er frú Vigdís Finnbogadóttir nýjasti meðlimur hópsins. Hún var sæmd heiðursdoktorsnafnbót við deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda á 80 ára afmælisdaginn sinn, hinn 15. apríl síðastliðinn.

Á heimasíðu student.is er farið yfir hvernig staðið er að vali heiðursdoktora. Þeir eru tilnefndir af deildum skólans og fer það gjarnan þannig fram að einhver ber upp tillögu með rökstuðningi þar sem æviágrip viðkomandi fylgir. Það eru síðan deildarmenn sem greiða atkvæði á deildarfundi eða með sérstakri netatkvæðagreiðslu. Þrír fjórðu hlutar þeirra sem eiga rétt á setu á deildarfundi þurfa að samþykkja tillögu um tilnefningu. Ef hún er samþykkt þarf sviðsstjórn að samþykkja hana og síðan háskólaráð.

Heiðursdoktorar eru yfirleitt hættir störfum eða komnir nálægt lokum starfsferils síns. Ef um útlendinga er að ræða er venjulega miðað við að þeir hafi einhver sérstök tengsl við Ísland. Heiðursdoktorar eru oftast háskólamenn en geta einnig verið alþýðufræðimenn eða fólk sem hefur lagt mikið af mörkum til fræðanna.


Vigdís Finnbogadóttir var sæmd heiðursdoktorsnafnbót við deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda.

# Fimm námsbrautir í haust

**Margt spennandi verður í boði hjá Endurmenntun Háskóla Íslands næsta haust en farið verður af stað með fimm námsbrautir. Kynningarfundur um námsbrautirnar verður haldinn 18. maí næstkomandi en umsóknarfrestur rennur út 1. júní.**

„Brautirnar sem verða í boði fyrir nýnema eru Leiðsögunám á háskólastigi, Verkefnastjórnun – Leiðtogaþjálfun, Gæðastjórnun, Pedagogista og Matsfræði,“ segir Kristín Jónsdóttir, endurmenntunarstjóri Háskóla Íslands. „Allar námsbrautirnar eru til eins árs en einingafjöldi er þó misjafn. Nýja námsbrautin okkar, Pedagogistanámið, er fyrir kennara í leikskólum og grunnskólum, en það er í samstarfi við Reggio Emilia Institutet í Stokkhólmi og SARE og er nú í fyrsta sinn boðið á Íslandi.“

Leiðsögunám hófst hjá Endurmenntun haustið 2008 og hefur fengið mjög góðar viðtökur að sögn Kristínar. Námið er svar við þeirri stefnu ferðaþjónustunnar að auka menntun í faginu en hingað til hefur námið ekki verið í boði á háskólastigi. Námið er einnig í boði í fjarnámi og hafa því fjölmargir einstaklingar á landsbyggðinni og erlendis sótt námið.

„Hópurinn sem stendur að baki náminu er sterkur sem er náminu mikils virði. Í fagráði námsins sitja ferðamálastjóri, fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar, fulltrúi frá Félagi leiðsögumanna og samstarfsdeildum innan Háskóla Íslands. Okkur þótti tilvalið að nýta stærð og breidd háskólans þannig að við erum með eftirsótta kennara úr jarðfræði, líffræði, ferðamálafræði, tungumálum, félagsvísindum og menningu.“

Kristín segir leiðsögunámið vera metið inn í deildir háskólans, bæði ferðamálafræðin sjálf og til að mynda nám í hugvísindadeildum. „Þetta ársnám getur því komið til styttingar á öðru námi innan háskólans. Margir sjá kostinn við það að bæta náminu við tungumál og bókmenntir þar sem námið felur líka í sér starfsréttindi leiðsögumanns.“



„Við vitum til dæmis um þrjú ný sprotafyrirtæki sem hafa orðið til í náminu þannig að það er greinilegt að orkan er mikil,“ segir Kristín Jónsdóttir, endurmenntunarstjóri Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kristín segir gaman að finna þá orku sem verður til í fjölbreyttum hópi nemenda en þeir halda vel hópinn eftir útskrift. „Við vitum til dæmis um þrjú ný sprotafyrirtæki sem hafa orðið til í náminu þannig að það er greinilegt að orkan er mikil.“

# Nám í stað Karíbahafsins

Ragna Ólafsdóttir, fyrrverandi skólastjóri, sá umfjöllun um leiðsögunám í Fréttablaðinu á vordögum í fyrra þegar hún var að leita sér að námi sem væri fræðandi og uppbyggjandi í senn, hugsanlega með skemmtilegt starf fyrir augum.

„Mér leist strax vel á námið og ákvað að skella mér eftir frekari eftirgrennslan og sé ekki eftir því. Bæði var þetta gríðarlega skemmtilegt og gott nám sem var vel uppbyggt og svo voru mjög góðir kennarar almennt. Hópurinn var líka afskaplega skemmtilegur sem var extra bónus,“ segir Ragna en námið er tvær annir að lengd. Námið veitir einingar og er því hægt að nýta með öðru háskólanámi.

„Maður fékk víðtæka og góða þekkingu á landi og þjóð, bæði hvað viðkom þjóðinni sjálfri, lífinu í því og náttúrunni. Ég hélt til dæmis að umfjöllunin um náttúruna og jarðfræði myndi síður höfða til mín sem var svo þveröfugt, þannig að ég uppgötvaði líka nýjar hliðar á sjálfri mér.“

Ragna segir að hún hafi verið spurð að því hvort hún hefði efni á því að borga námið hafi hún svarað því til að hún myndi bara sleppa því að sigla á Karíbahafinu í staðinn. „Þetta var mín Karíbasigling. Námið er gott og gefandi og þrátt fyrir að það sé akademískt og geri þar af leiðandi kröfur til okkar, er það við hæfi fullorðins fólks, með meira af verkefnaskilum og ritgerðum en minna af skriflegum prófum.“



Ragna Ólafsdóttir segir leiðsögunámið hafa verið á við siglingu í Karíbahafinu, fræðandi og gefandi í senn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

TAKTU SKREFIÐ



SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

NÁMSBRAUTIR SEM HEFJAST Í HAUST:

Einnig í fjarnámi LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI

GÆÐASTJÓRNUN

MATSFRÆÐI

PEDAGOGISTA

VERKEFNASTJÓRNUN – LEIÐTOGAÞJÁLFUN

Við hvetjum þig til að kynna þér námsbrautirnar

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 1. JÚNÍ

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar:
sími 525 4444 endurmenntun.is



„Maður lærir ótrúlega vel á sjálfan sig og hvernig maður virkar í hóp og viðbrögðum við allskyns uppákomum," segir Steinunn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Mannlegi þátturinn er mikilvægastur

Steinunn Linda Jónsdóttir, nemi í meistaranámi í verkefnastjórnun við Háskóla Íslands og verkefnastjóri hjá upplýsingasviði Arion banka, segir námið vera mjög nytsamlegt. Það nýtist henni mikið bæði í vinnu og einkalífi.

„Námið er frábær blanda af fræðilegum og praktískum hlutum sem maður notar til verkefnastjórnunar. Það lýtur að mörgum ólíkum sjónarhornum starfsins og það er það sem heillaði mig við námið til að byrja með," segir Steinunn.

Steinunn segir námið nýtast sér mjög vel, bæði í starfi og einkalífi. „Ég mæti til vinnu á mánudegi eftir helgartörn í skólanum, uppfull af nýjum hugmyndum," segir hún. „Svo hjálpa kúrsar eins og deilustjórnun vissulega til þegar komið er heim eftir vinnu."

Mannleg samskipti eru lykilatriði í náminu og segir Steinunn að þegar upp er staðið, sé það í raun það eina sem skipti máli í verkefnastjórnun. Að læra að lesa fólk og tala við það. Einnig er mikið lagt upp úr því að vinna með dýnamík í hópum og teymum, samningatækni og þjálfun í samskiptatækni. „Þegar búið er að tína burt Excel-skjölin og áþreifanlegu formin eru það bara samskiptin sem standa eftir. Námið tekur á þessum hlutum og maður lærir ótrúlega vel á sjálfan sig og hvernig maður virkar í hóp og viðbrögðum við allskyns uppákomum," segir Steinunn.

# Nám fyrir mjög breiðan markhóp

Bergur Jónsson er mastersnemi í verkefnastjórnun við Háskóla Íslands. Hann segir samfélagið í dag kalla eftir menntuðu fólki á þessu sviði og námið hafi sýnt honum allar þær hliðar sem lúta að verkefnastjórnun.

Bergur segir þetta tveggja ára nám vera hannað svo að nemendum séu sýndir allir vinklar sem snúa að stjórnun verkefna, bæði þá sem snúa að verkefninu sjálfu og hvernig verkefni innan fyrirtækja virka. Námið tekur á tveim meginpólum: Því faglega og verkfræðilega og svo mannlega þættinum. Nemendur læra hvað auðkennir leiðtoga og hvernig hann getur beitt sér við mismunandi aðstæður.

Námið sé líka áhugavert þegar litið er til stefnumótunar fyrirtækja. „Að móta stefnu fyrirtækja er auðvitað ekkert annað en verkefni út af fyrir sig," segir Bergur. „Þetta nám tengir alla þessa þætti saman sem snúa að stjórnun og mótun fyrirtækja."

Bergur segir námið vera fyrir mjög breiðan markhóp. „Þjóðfélagið er þannig í dag að verkefni eru algeng og fólk er að verða meðvitaðra um hvað þarf til að stýra verkefni með skilvirkum hætti," segir Bergur. „Samfélagið er að taka mjög örum breytingum og aðstæður fyrirtækja eru þannig að þau þurfa stanslaust að vera að



„Að móta stefnu fyrirtækja er auðvitað ekkert annað en verkefni út af fyrir sig. Þetta nám tengir alla þessa þætti saman sem snúa að stjórnun og mótun fyrirtækja," segir Bergur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

aðlagast og breyta sér. Sérstaklega eins og staðan er í dag. Og það er gert með verkefnastjórn.

Bergur starfar hjá Landsvirkjun og segir námið nýtast sér mjög vel í starfinu. „Það er svo margt sem maður lærir í verkefnastjórnuninni sem nýtist manni á hverjum degi," segir Bergur. „Notagildið nær líka út fyrir vinnuna, og ekki veitir af þar sem ég hef ekki annað gert en að læra, vinna og sofa í tvö ár."



„Sterk siðfræðileg áhersla okkar í náminu hefur vakið mikla athygli og orðið til þess að erlendur bókaútgefandi hefur beðið okkur um að skrifa bók, sem kemur til með að heita Project Ethics: The Critical Pass to Development," segir Haukur, til hægri á myndinni, sem hér sést ásamt Helga Þór, en þeir ásamt fjölda kennara, meðal annars frá erlendum skólum eins og MIT, Stanford University og Middlesex University, standa að náminu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Gagnast bæði nemendum og samfélaginu í heild

**MPM, meistaranám í verkefnastjórnun, hefur verið kennt við Háskóla Íslands síðustu fjögur ár og hentar þeim sem hafa áhuga á mjög hagnýtu stjórnunarnámi með sterka fræðilega tengingu.**

Dr. Haukur Ingi Jónasson, sálgreinir og lektor við verkfræði og náttúrufræðisvið, og Dr. Helgi Þór Ingason, dósent við verkfræði- og náttúrufræðisvið Háskóla Íslands, halda utan um MPM-meistaranám í verkefnastjórnun og eru öllum hnútum kunnugir um skipulag þess.

„Þetta er tveggja ára nám, fjórar annir, samhliða starfi. Nemendur öðlast mikla færni í stjórnun flókinna verkefna þar sem þeir beita jöfnum höndum verkfærum verk- og hugvísinda í þágu fyrirtækja og samfélags. Rík áhersla er á að læra að takast á við flóknar mannlegar aðstæður eins og koma oft upp í teymum og innan skipulagsheilda," upplýsir Haukur og bætir við að námið veiti alþjóðlega vottun í verkefnastjórnun í umboði alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA) og auki mjög á starfsmöguleika á Íslandi og erlendis.

„Á fyrsta misseri kennum við námskeið í stefnumótun og gerð sóknaráætlana. Ofan á það byggjum við námskeið sem er inngangur að verkefnastjórnun, þar sem nemendur læra grunnhugtök verkefnastjórnunar og það sem best er vitað um vandaða áætlanagerð. Á þessu misseri beinum við líka sjónum að innra lífi nemenda, en við teljum að það sé nauðsynlegt, áður en þeir læra að takast á við aðra. Þetta gerist í námskeiðinu Verkefnaleiðtoginn: sjálfsskilningur, þroski og þróun. Þetta námskeið er bæði skemmtilegt og mikil áskorun fyrir marga," segir hann og gefur Helga orðið.

„Námskeið um upplýsingar og upplýsingatækni er á öðru misseri þar sem fjallað er um upplýsingaþörf og hvernig halda má utan um hana. Á námskeiði um raunhæft verkefni, velja nemar sér verkefni til að vinna með öðrum yfir misserið og skila niðurstöðu í lok þess. Siðferðileg álitamál eru til skoðunar á námskeiðinu Verkefnaleiðtoginn: Siðfræði verkefnastjórnunar. Siðfræðin er í reynd fagið sem fjallar um mannlegar athafnir og því mikilvægt öllu athafnalífi sem vill standa undir nafni," segir Helgi og bendir á að einnig sé kennt námskeið sem fjallar um samningatækni, deilustjórnun og hvernig takast má á við áföll í verkefnum.

Á þriðja misseri eru kennd námskeið um arðsemi og fjármögnun stórra og flókinna verkefna, námskeið í stjórnun verkefnateyma og aflfræði hópa og námskeið um stjórnun, ráðgjöf og þróun skipulagsheilda. „Á fyrsta misseri er áherslan á eitt tiltekið verkefni, en þarna eru fleiri verkefni og skipulagsheildin sem heild til skoðunar," segir Helgi svo um námskeiðið Verkefnadrifnar skipulagsheildir og verkefnastofur. „Í námskeiðinu Háþróuð verkefnastjórnun er sjónum beint að stjórnun stórra og flókinna vöruþróunarverkefna," segir hann.

„Á fjórða og síðasta misseri er boðið upp á fjölbreytileg valnámskeið," segir Haukur. „Meðal annars er fjallað um verkefnastjórnun í alþjóðlegu menningarumhverfi en þar er meðal annars fjallað um hvernig innsýn úr helstu trúarbrögðum heims geti nýst í nútímalegri verkefnastjórnun." Helgi nefnir að í öðrum valnámskeiðum sé sjónum beint að stjórnun verkefnastofna (e. program) og verkefnaskráa (e. portfolio) sem og verkefnastjórnunarlegum þroska skipuheilda (e. project management maturity) og agile-aðferðir í verkefnastjórnun sem sprottið hafa upp í hugbúnaðariðnaði á seinni árum. „Ekki má gleyma lokaverkefninu," segir hann að lokum. „Þar fjöllum við um nýjungar á sviði verkefnastjórnunar og þar kemur margt skemmtilegt upp úr krafsinu."

## VERKEFNASTJÓRNUN SÍÐUSTU ÁR

Upphaflega var verkefnastjórnun (e. project management) þróuð ytra sem aðferð til að halda utan um stærri, tæknileg verkefni hjá stofnunum eins og NASA, eða utan um stórar framkvæmdir, svo sem byggingaframkvæmdir. Á Íslandi fóru menn að beita þessum aðferðum þegar umfangsmiklar framkvæmdir í byggingaiðnaði áttu í hlut. Í framhaldi varð mönnum ljóst að þær komu einnig að góðum notum á öðrum sviðum og sem dæmi hefur áhugi á þeim stóraukist innan hugbúnaðargeirans síðasta áratug.

Með MPM-náminu hefur tekist að dýpka skilning manna á þessari grein og fjölga í hópi Íslendinga sem beita aðferðum hennar, svo sem innan menntakerfis, heilbrigðis- og listageira og fjármálastofnana. Námið hefur verið lyftistöng fyrir fagið og atvinnulífið gerir aukna kröfu um menntun á þessu sviði. Nú er áhugi á verkefnastjórnun á öllum sviðum samfélagsins og eftirspurn hefur myndast erlendis eftir Íslendingum með sérfræðiþekkingu í þessari grein.



Verkefnastjórnunarfélagið sér um að votta verkefnastjóra samkvæmt alþjóðlegum verkefnastjórnunarsamtökum IPMA og hérlendis hafa verið vottaðir 470 verkefnastjórar frá upphafi, eða síðan 1997.

Með vottun er verið að votta þekkingu og reynslu verkefnastjóra, sem skiptist í fjögur stig eftir fenginni reynslu verkefnastjóra. Sjá nánar á www.vsf.is.



**Í náminu er þekkingu og færni miðlað með kröftugum fyrirlestrum, markvissum æfingum og í hópvinnu.**

# Hvað er MPM?

MPM-námið er hagnýtt 90 ETCS einingar sem er sniðið að síauknum kröfum samfélags og athafnalífs um árangur í verkefnum og eftirspurn eftir fagmenntuðum verkefnastjórum. Rík áhersla er lögð á þátttöku nemenda. Þekkingu og færni er miðlað með kröftugum fyrirlestrum, markvissum verklegum æfingum og í hópvinnu þar sem unnið er með raunveruleg viðfangsefni sem oft eru sótt í starfsumhverfi nemenda. Kennt er í lotum og er eitt námskeið tekið fyrir í einu.

Markmið námsins:

- Að mennta og þjálfa nemendur í að takast á við margvísleg viðfangsefni með aðferðum verkefnastjórnunar og beita tæknilegum aðferðum við undirbúning, framkvæmd og frágang verkefna.
- Að mennta og þjálfa nemendur í sjálfstjórn, samskiptum, forystu, teymisvinnu og eflingu liðsheilda.
- Að mennta og þjálfa nemendur til leiðandi starfa á fjölbreytilegum starfsvettvangi á Íslandi og erlendis.
- Að viðhalda og efla þekkingu á verkefnastjórnun og skapa nýja þekkingu á sviðinu.
- Að samþætta innsýn úr hug-, félags-, viðskipta- og verkvísindum með hagnýtum hætti.

Tekið er við umsóknum í MPM-námið frá fólki með B.A./B.S./B.Ed. gráðu (eða sambærilegu) og þriggja ára reynslu af því að starfa í verkefnum. Nánari upplýsingar og umsóknir á www.mpm.is.

**● KENNARAR Á HEIMSMÆLIKVARÐA** Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á það að kennarar í MPM-námi séu viðurkenndir fræðimenn og búi yfir mikilli reynslu í verkefnastjórnun.

Stundum fer þetta tvennt saman. Um þriðjungur kennara eru útlendingar og þeir eru ýmist frá Bandaríkjunum eða Evrópulöndum. Sem dæmi um erlenda lykilfyrirlesara má nefna Dr. Steven Eppinger, prófessor við Sloan-viðskiptaskóla MIT-tækniháskólans í Boston. Mark Morgan er ráðgjafi og kennari í hinu virta Stanford Advanced Project Managent-námi við Stanford-háskólann í Kaliforníu. Dr. Morten Fangel er ráðgjafi og heimsþekktur fyrirlesari um verkefnastjórnun og hefur oft komið til Íslands til að halda lengri og skemmri námskeið. Florence Kennedy er skoskur sérfræðingur og ráðgjafi í samningatækni og Dr. Darren Dalcher er prófessor við Middlesex-háskóla í London og virtur fræðimaður á sviði verkefnastjórnunar í hugbúnaðariðnaði.

# Ráðstefnan Vor í íslenskri verkefnastjórnun

Á fjórða og síðasta misseri MPM-náms vinna nemendur að lokaverkefnum undir handleiðslu fræðimanna innan og utan háskólans. Verkefnin fela í sér úttektir á afmörkuðum sviðum sem nemendur hafa áhuga á þar sem beitt er viðurkenndum rannsóknaraðferðum, megindlegum eða eigindlegum.

Ráðstefnan Vor í íslenskri verkefnastjórnun er vettvangur nemenda til að kynna niðurstöður sínar. Hún endurspeglar þann metnað nemenda og MPM-námsins að taka þátt í uppbyggingu þekkingar í verkefnastjórnun. Sem dæmi um nokkur verkefni sem kynnt verða á ráðstefnunni má nefna hönnun stjórnkerfis fyrir verkefnaskrá fyrirtækis í upplýsingatækni, samkeyrslu scrum- og kanban-aðferðafræði, mat á umhverfisáhrifum frá sjónarhorni verkefnastjórnunar og verkefnastjórnun í hinum ört vaxandi fatahönnunariðnaði á Íslandi.

Alls verða 30 verkefni kynnt á ráðstefnunni og hún fer fram í þremur samhliða straumum. Ráðstefnan er öllum opin og án aðgangseyris. Hún er haldin 21. maí á Hótel Sögu milli klukkan 13 til 17.



**Nemendur MPM-náms kynna niðurstöður úr lokaverkefnum sínum á ráðstefnunni Vor í íslenskri verkefnastjórnun.**





- Spennandi kostur fyrir þá sem hafa áhuga á mjög hagnýtu stjórnunarnámi.
- Alþjóðleg vottun í verkefnastjórnun í umboði alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA).
- Skemmtilegir nemendur og heimsþekktir kennarar.
- Opnar starfsvettvang víða í íslensku samfélagi og um allan heim.
- Tveggja ára nám samhliða starfi.

Inntökuskilyrði:
B.A./B.S./B.Ed. eða sambærilegt
Minnst þriggja ára reynsla úr atvinnulífinu
Reynsla við verkefnavinnu æskileg

**Umsóknarfrestur er til 17. maí**

**Vor í íslenskri verkefnastjórnun**

Við vekjum einnig athygli á ráðstefnu um verkefnastjórnun sem fram fer á Hótel Sögu föstudaginn 21. maí kl. 13–17.

**Nánari upplýsingar um MPM-námið færðu á mpm.is**

PIPAR\TBWA\ SÍA 100982

www.mpm.is

MPM MASTER OF PROJECT MANAGEMENT

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ



Skoraðu á þig og taktu skrefið

MBA-nám við Háskóla Íslands

Kynningarfundur um MBA-námið miðvikudaginn 21. apríl kl. 11.40–12.30 á Háskólatorgi, stofu 101.

**Return on Strategy**



Á undan námskynningunni, eða milli 10.30 og 11.30, heldur Flemming Poulfelt, prófessor við CBS í Kaupmannahöfn (Copenhagen Business School), fyrirlestur í stofu 104.

Fyrirlesturinn ber yfirskriftina Return on Strategy. Þar fjallar Poulfelt um framkvæmd nýrra viðskiptamódela sem fela í sér óvenjulega þætti, nýja sýn eða áætlanir án fordæma. Hann skoðar ástæður á bak við gott og slæmt gengi fyrirtækja og hvað þau geta gert til að stefna þeirra skili sem mestum árangri.

Fyrirlesturinn er á ensku og öllum opinn. Aðgangur er ókeypis.

**Næsti kynningarfundur** um MBA-námið verður mánudaginn 3. maí kl. 11.40–12.30, í stofu 101.

www.mba.is HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA SÍA 100989


# Öflugur hópur nemenda

**Um 300 manns hafa lokið MBA námi við Háskóla Íslands undanfarin ár. Mikil ánægja er með námið sem endurspeglast í litlu brottfalli nemenda.**

„MBA er stjórnunarnám fyrir fólk sem er annaðhvort stjórnendur eða stefnir á að verða stjórnendur í fyrirtækjum eða stofnunum," segir Eiríkur Hilmarsson, forstöðumaður MBA-náms við Háskóla Íslands.

„Þetta er nám sem gengur þvert á sérsvið meistaranáms í viðskiptafræði svo þarna er komið inn á öll helstu sviðin eins og fjármál, reikningsskil, stjórnun, stefnumótun, mannauðsstjórnun og markaðsmál," segir hann og útskýrir að námið sé skipulagt þannig að fólk geti stundað það meðfram vinnu.

Eiríkur segir nemendahópinn mjög öflugan og með fjölbreyttan bakgrunn. Um þriðjungur sé viðskiptafræðimenntaður en hinir komi af sviðum á borð við verkfræði, bókmenntafræði, listir og allt þar á milli. „Þetta er því fínt tækifæri fyrir þá sem vilja opna nýja möguleika til starfsframa eða vilja skipta um starfsvettvang," segir Eiríkur.

Flestir nemendur eru um fertugt og hafa þar af leiðandi talsverða reynslu af vinnumarkaðnum. Þá hafa margir verið stjórnendur í fjöldamörg ár. „Fólk horfir til þess að geta verið í svo öflugum hópi," telur Eiríkur og bendir á að mikið sé lagt upp úr hópavinnu sem gagnist verðandi stjórnendum sem verði að vera færir á því sviði.

Námið er mjög vinsælt enda hafa um 300 nemendur farið í gegnum MBA-námið í Háskóla Íslands undanfarin ár. „Þá gerðum við könnun fyrir ári síðan á ánægju nemenda. Þar kom í ljós að nemar sem höfðu farið í gegnum MBA-námið í HÍ voru gríðarlega ánægðir með það og töldu að það hefði nýst þeim mjög vel í þeirra störfum. Aukið færni þeirra, getu og sjálfstraust."



„Þetta er fínt tækifæri fyrir þá sem vilja opna nýja möguleika til starfsframa eða vilja skipta um starfsvettvang," segir Eiríkur Hilmarsson, forstöðumaður MBA-náms við Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þeir sem mega sækja um MBA-námið þurfa að vera með háskólagráðu eða starfsreynslu og nám sem er sambærilegt. Námstíminn er fjögur misseri og hverju misseri er skipt niður í tvær lotur. Í hverri lotu eru síðan kennd tvö námskeið. „Þrjú fyrstu misserin er farið í gegnum fyrirfram ákveðin námskeið en á fjórða misseri eru valnámskeið sem nemendur velja miðað við sín áhugasvið og þá stefnu sem þeir vilja taka."

Og hvað kostar námið? „Hvert misseri kostar 650 þúsund krónur," segir Eiríkur. Hann viðurkennir að mörgum þyki það dýrt en bendir á að þar sem fólk geti áfram stundað vinnu verði það ekki fyrir tekjumissi eins og svo margir sem fara í nám. Þá sé einnig hægt að fá námslán.

Eiríkur segir námið krefjandi og mikið reyni á nemendur í þessi tvö ár. „Þeir verða því að skipuleggja tímann vel og hafa gott samráð við sína fjölskyldu. Þetta er þó alls ekki óyfirstíganlegt enda hefur sýnt sig að brottfall nemenda í náminu er nánast ekkert."

# Langoftast skemmtilegt

Kristinn Óskarsson hóf MBA-nám við Háskóla Íslands árið 2007 og lauk náminu fyrir einu ári. „Ég var búinn að vera kennari í Heiðarskóla í Keflavík í nokkuð mörg ár og fann hjá mér töluverða þörf til að breyta til," segir hann. Kristinn hefur alltaf haft áhuga á mannlegum samskiptum og ákvað því að fara í diplómanám í mannauðsstjórnun við Endurmenntun HÍ. Námið var þrjár annir sem teknar voru með vinnu. „Að því loknu fann ég að mig skorti aðeins meiri dýpt sérstaklega hvað varðar rekstur. Þá fannst mér MBA-námið liggja beinast við."

Þegar Kristinn er inntur eftir því hvað standi upp úr eftir námið er hann fljótur til svars. „Það er vinskapurinn við bekkjarsystkini og samstaðan í hópnum," svarar hann en mikil hópavinna er unnin í MBA-náminu.

Hefur námið nýst í starfi? „Þegar ég var búinn með fyrra árið



**Kristinn Óskarsson, framkvæmdastjóri gæslusviðs Securitas, var grunnskólakennari en útskrifaðist úr MBA-námi HÍ árið 2009.**

sótti ég um starf og fékk stöðu hjá Securitas í viðskipta- og vöruþróun. Það hefði ég aldrei fengið nema af því ég var kominn vel á veg með MBA-námið," segir Kristinn en þegar hann útskrifaðist fyrir ári fékk hann stöðuhækkun og gegnir nú stöðu framkvæmdastjóra. „Ég var með sérhæfða menntun og MBA-námið var lykillinn til að víkka mína starfsmöguleika. Með þessu námi var ég kominn með aðgöngumiða til að sækja um alls konar störf," útskýrir Kristinn sáttur við ákvörðunina um að skella sér í frekara nám.

Námið er talsvert dýrt en Kristinn telur það hafa borgað sig. „Ég var í láglaunastarfi og setti upp viðskiptaáætlun um á hversu löngum tíma ég ætlaði að greiða námslánið til baka með því að komast í hærra launað starf og það hefur gengið eftir."

MBA-námið er tímafrekt og nemendur hafa því lítinn tíma til að sinna fjölskyldu sinni. Kristinn segist eiga skilningsríka konu og hafa fengið góðan stuðning frá fjölskyldunni. „Auðvitað var þetta erfitt en langoftast var þetta skemmtilegt."



Kristjáni þótti iðnaðartæknifræði við Háskólann í Reykjavík krefjandi og skemmtileg. „Rjóminn af flestum tæknilegum fögum er tekinn, eins og byggingar- og burðarþol, véla- og orkufræði, rafmagn og stýringar. Þarna eru komin þrjú grunnsvið verkfræðinnar," segir Kristján. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Nýtist vel á vinnumarkaði

**Kristján Haukur Flosason hjá Iðnaðartækni, lagði stund á iðnaðartæknifræði hjá Háskólanum í Reykjavík. Hann segir námið vera skemmtilegt og krefjandi, en umfram allt fjölbreytt og nýtast vel á vinnumarkaðnum.**

„Ég var að leita mér að tæknilegu námi og sá ekki neitt sem var jafn fjölbreytt og iðnaðartæknifræðin. Ég hafði hug á verkfræði til að byrja með, en þá hefði ég þurft að sleppa úr mörgum spennandi áföngum. Þetta var skemmtileg blanda," segir Kristján Haukur Flosason hjá Iðnaðartækni, en hann lærði iðnaðartæknifræði hjá Háskólanum í Reykjavík.

Kristján segir námið hafa verið krefjandi og veitt góða innsýn í flest svið tæknifræðinnar. „Rjóminn af flestum tæknilegum fögum er tekinn, eins og byggingar- og burðarþol, véla- og orkufræði, rafmagn og stýringar. Þarna eru komin þrjú grunnsvið verkfræðinnar," segir Kristján. „Svo tókum við líka forritunar-, lögfræði- og rekstraráfanga, sem er skemmtilegt krydd í svona tæknilegt nám."

Eftir að Kristján útskrifaðist 2001 hóf hann strax störf sem þróunarstjóri hjá litlu hugbúnaðarfyrirtæki. Hann segir námið hafa nýst þar mjög vel, þar sem hann hafði fengið innsýn í flestar hliðar iðnaðartækni. Hann ákvað þó nokkrum árum síðar að víkka sjóndeildarhringinn frekar og fluttist til Danmerkur til þess að sérhæfa sig í rafmagnsverkfræði.

Kristján segir iðnaðartæknifræðina hjá HR vera frábæran bakgrunn fyrir hvers konar framhaldsnám í iðngreinum. Hægt sé að sérhæfa sig í nánast hvaða sviði sem er: hugbúnaðarfræðum, bygginga- og tæknifræðum eða rekstrarfræðum. Nemar séu komnir með mjög góðan og breiðan grunn og sé hvötin fyrir hendi sé hægt að fara mjög fjölbreyttar leiðir í sérhæfingu.

„Þessi grunnur er ómissandi fyrir þá vinnu sem ég stunda í dag," segir Kristján, en hann er hönnuður og forritari hjá Iðnaðartækni. „Starfið snýst mikið um að þróa og prófa iðnaðarstýringar. Þá er ég að stýra vélum og tækjum eftir einhverjum ákveðnum skilyrðum. Við vinnum mikið loftræstikerfi og svo alls kyns kerfi fyrir sundlaugar, varðandi hitastig og sjálfvirka hreinsun. Einnig erum við að þróa ýmis hússtjórnarkerfi sem stýra tækni í byggingum," segir Kristján.

Iðnaðartækni sér um stýringu í nýbyggingu Háskólans í Reykjavík. Nýja tónlistarhúsið tekur svo við eftir það. „Námið nýtist mér mikið. Ég fæ góða æfingu í stýritækni og bæði forritun á iðntölvum og skjámyndakerfum," segir Kristján.

„Vinnan er þess eðlis að ég er mikið að vinna við hluti þar sem maður verður að hafa sterka innsýn í öll svið iðnaðartækninnar. Námið veitir manni hana svo sannarlega."

# Aukin eftirspurn eftir sérfræðingum

Skapti Valsson er rafmagnstæknifræðingur að mennt og aðstoðarforstjóri Mannvits. Hann segir námið í rafmagnstæknifræðinni vera nauðsynlegt fyrir samfélagið og eftirspurnin eftir menntuðu fólki á því sviði alltaf að aukast.

„Þetta nám hentaði mér mjög vel. Það er skemmtilegt og krefjandi og gott framhald fyrir iðnaðarmann og rafvirkja," segir Skapti. „Ég valdi mér það vegna þess að mér fannst það áhugavert og þekkti til fólks sem hafði farið í það. Í þá daga þurfti maður reyndar að fara erlendis, en í dag er hægt að leggja stund á þetta hérna heima."

Skapti segir að það sé skortur á rafmagnstæknifræðingum á markaðnum. „Það er alltaf mikil eftirspurn eftir sérhæfðu fólki á þessu sviði," segir hann. „Það eru mjög fáir sem útskrifast á hverju ári og eftirspurnin eftir þeim er alltaf að aukast. Sérstaklega eftir þeim sem eru með iðnaðarmannabakgrunn fyrir."

Námið er að sögn Skapta mjög gott tækifæri og frábært undirbúningsnám fyrir vinnumarkaðinn eða frekara nám. Hann segir kröfuna eftir menntuðum einstaklingum vera alltaf að aukast og fólk vilji almennt meiri menntun. Ef hugurinn stefnir til frekara náms sé um að gera að sérhæfa sig enn frekar eftir rafmagnstæknifræðina.



Skapti Valsson, aðstoðarforstjóri Mannvits, segir vaxandi eftirspurn eftir rafmagnstæknifræðingum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skapti segir einnig að það sé lykilatriði að hafa nóg af fólki í samfélaginu sem er menntað á þessu sviði. „Verkefnin sem rafmagnstæknifræðingum stendur til boða eru alltaf að aukast. Verkefni Mannvits eru alltaf að stækka og fjölbreytnin mikil, sem kallar eftir fólki með mismunandi bakgrunn. Þó að vissulega séu aðstæður í samfélaginu í dag að mörgu leyti erfiðar, þá er framtíðin björt," segir Skapti.




UMSÓKNARFRESTUR
ER TIL 31. MAÍ

BSc-PRÓF Í
TÆKNIFRÆÐI
VIÐ TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD HR

- Byggingartæknifræði
- Rafmagnstæknifræði
- Vél- og orkutæknifræði
- Iðnaðartæknifræði

Nám í tæknifræði er 210 ECTS einingar og tekur 3½ ár. Megináhersla er lögð á að nemendur vinni hagnýt og raunhæf verkefni sem byggja á þekkingu úr atvinnulífinu. BSc-nám í tæknifræði veitir full starfsréttindi og fjölbreytt tækifæri í atvinnulífinu. Möguleikar á framhaldsnámi eru margir, sem dæmi MSc-nám í verkfræði.

**Kynntu þér námið á www.hr.is/tvd**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

**● NÁMSKYNNING Á GLERÁRTORGI**

Laugardaginn 24. apríl verður Háskólinn á Akureyri með kynningu á Glerártorgi á námsframboði fyrir haustið 2010. Þeir sem eru að hugleiða háskólanám eru hvattir til að líta við, spjalla við nemendur og starfsfólk háskólans og fá kynningarefni. Kynningin fer fram frá klukkan 13 til 16.



# Opinn dagur á Bifröst

Sumardaginn fyrsta verður haldinn opinn dagur í Háskólanum á Bifröst. Þar kynnir skólinn námsleiðir sem eru í boði auk þeirrar aðstöðu sem nemendur njóta á staðnum. Þar á meðal eru vel búnar íbúðir, líkamsræktarstöð og baðsvæði auk þess sem börn nemenda hafa aðgang að góðum leik- og grunnskólum. Háskólinn á Bifröst býður upp á fjölbreyttar og hagnýtar námsleiðir. Samkvæmt könnun sem lögð var fyrir útskriftarnema vorið 2009 höfðu yfir 90 prósent þeirra fengið vinnu eða ætlað í áframhaldandi nám eftir útskrift, 90 prósent voru ánægð með námið og 95 prósent sögðu að þau myndu hiklaust mæla með námi og búsetu á Bifröst.

Á opna deginum á fimmtudaginn verður gestum boðið upp á grillmat og eru allir velkomnir, sérstaklega þeir sem eru að útskrifast úr framhaldsskólum. Sumarleg dagskrá verður frá 14 til 17 og mun hljómsveitin Dikta meðal annars spila.



**Opinn dagur verður haldinn í Háskólanum á Bifröst á sumardaginn fyrsta.**



**Hádegisfyrirlestur verður haldinn á vegum lagadeildar HR á morgun.**

# Ofbeldi í nánum samböndum

Lagadeild Háskólans í Reykjavík stendur fyrir hádegisfundi á morgun frá klukkan 12.15 til 13.15 í stofu 101 að Ofanleiti 2.

Elva Dögg Ásu- og Kristinsdóttir, meistaranemi við lagadeild Háskólans í Reykjavík, mun kynna niðurstöður rannsóknar sem er hluti af meistaraprófsritgerð hennar við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Rannsóknina vann hún úr gögnum Kvennaathvarfsins og fjallar um fremjendur ofbeldis gegn konum sem leita á náðir athvarfsins. Fundurinn er öllum opinn og aðgangur ókeypis.

# Hagaganga hreindýrahjarða

Rannsóknarnámsnemar við Landbúnaðarháskóla Íslands flytja í dag fyrirlestra í Ársal á Hvanneyri. Fyrirlestrarnir hefjast klukkan 14.30.

Bryndís Ósk Haraldsdóttir flytur erindi sem hún nefnir Vistkerfi lághitasvæða í Borgarfirði; flokkun, ástand og endurheimt. Þá mun Skarphéðinn Þórisson fjalla um staðsetningartæki, sem notuð eru til að kanna hagagöngu tveggja hreindýrahjarða á Austurlandi. Enn fremur ætlar Skarphéðinn að kynna reynslu sína af námsáfanganum Tropical Wildlife í Tansaníu, en hann tók þátt í þessu námskeiði í gegnum samstarf LbhÍ við háskólann í Hedmark í Noregi. Var það hluti af MS-námi Skarphéðins við skólann.








UMSÓKNARFRESTUR
ER TIL **31. MAÍ**

# NÁM
## VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK

Háskólinn í Reykjavík er framsækinn rannsóknarháskóli sem býður nemendum og starfsfólki kraftmikið alþjóðlegt starfsumhverfi. HR hefur skapað sér sérstöðu sem háskóli atvinnulífsins og er í dag stærsti tækni- og viðskiptaháskóli Íslands. Við skólann starfa margir af fremstu vísindamönnum landsins, auk þess sem fjölmargir kennarar skólans koma frá virtum erlendum háskólum. Mikil áhersla er lögð á persónuleg tengsl nemenda og kennara, en þau hafa frá upphafi verið grundvallarþáttur í starfi Háskólans í Reykjavík.

**NÁMSLEIÐIR Á GRUNNNÁMS-, MEISTARA- OG DOKTORSSTIGI:**

**TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD**
- MSc í verkfræði:
  - Byggingarverkfræði
  - Ákvarðanaverkfræði
  - Fjármálaverkfræði
  - Rekstrarverkfræði
  - Heilbrigðisverkfræði
  - Véla- og rafmagnsverkfræði
  - Orkuverkfræði
- MSc í skipulagsfræði og samgöngum
- MSc í framkvæmdastjórnun
- MSc í verkfræðilegum lífvísindum
- BSc í tæknifræði
  - Byggingartæknifræði
  - Iðnaðartæknifræði
  - Rafmagnstæknifræði
  - Vél- og orkutæknifræði
- BSc í verkfræði
  - Fjármálaverkfræði
  - Hátækniverkfræði
  - Heilbrigðisverkfræði
  - Rekstrarverkfræði
  - Vélaverkfræði
- BSc í byggingafræði
- Diplómanám í iðnfræði

**TÖLVUNARFRÆÐIDEILD**
- PhD í tölvunarfræði
- MSc í tölvunarfræði
- MSc í hugbúnaðarverkfræði
- BSc í hugbúnaðarverkfræði
- BSc í tölvunarfræði
- Diplómanám í kerfisfræði

**KENNSLUFRÆÐI- OG LÝÐHEILSUDEILD**
- MSc í íþróttafræði
- MEd í íþrótta- og uppeldisfræði
- MPH meistaranám í lýðheilsufræðum
- Diplómanám í kennslufræði
- BSc í íþróttafræði
- BSc í sálfræði

**VIÐSKIPTADEILD**
- PhD í viðskiptafræði
- MSc í alþjóðaviðskiptum
- MSc í fjárfestingarstjórnun
- MSc í fjármálum fyrirtækja
- MSc í reikningshaldi og endurskoðun
- MSc í stjórnun rekstrarbókhalds
- BSc í viðskiptafræði
- MBA
- Diplómanám í viðskiptafræði

**LAGADEILD**
- PhD í lögfræði
- ML í lögfræði
- BA í lögfræði

**Kynntu þér grunn- og framhaldsnám á www.hr.is**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

**HUGMYNDASAMKEPPNI** verður haldin um nafn á nýjan skóla í Úlfarsárdal. Skilafrestur er 10. maí 2010. Tilkynnt verður um nafn nýja skólans áður en hann tekur til starfa síðsumars. www.rvk.is





Öll 6 til 9 ára börn Háteigsskóla taka þátt í Barnaóperunni en Gospelkór HR tekur undir í tveimur lögum. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Ákall til mannfólksins

**Barnaóperan Jörðin okkar, sem 1.-4. bekkir Háteigsskóla hafa æft saman síðan um áramót, verður flutt á Barnamenningarhátíð Reykjavíkurborgar síðasta vetrardag. Um 140 börn taka þátt í sýningunni.**

Elín Halldórsdóttir, tónmenntakennari í Háteigsskóla, stýrir barnaóperunni Jörðin okkar ásamt Rannveigu Þorkelsdóttur, leiklistarkennara skólans. Elín segir verkið vera eins konar ákall til mannfólksins um að snúa við neikvæðri þróun sem á sér stað í heiminum, til dæmis hvað mengun og græðgisvæðingu varðar.

„Þetta hefur verið mjög skemmtileg vinna en síðan um áramótin hafa börnin æft verkið þótt þeim sjálfum finnist þau jafnvel búin að æfa verkið enn lengur. Þannig svöruðu nokkur börn í 1. bekk því til, þegar kennaranemar spurðu þau hvað þau væru búin að æfa lengi, að þau hefðu æft óperuna í tvö ár,“ segir Elín og hlær. „Þeim líður auðvitað þannig, búin að leggja allt í þetta.“

Jörðin okkar er flutt tvisvar á morgun, síðasta vetrardag, í Hallgrímskirkju klukkan ellefu um morguninn og svo tveimur klukkutímum síðar, klukkan eitt, en verkið tekur um hálftíma í flutningi. Ólíkar menntastofnanir og aldurshópar mætast í flutningnum og Gospelkór Háskólans í Reykjavík bætist í sönghópinn í síðustu tveimur lögunum. Í lokin taka allir saman lag úr smiðju Michaels Jackson, Earth Song, sem hefur verið þýtt og staðfært.

„Boðskapurinn er mikill í verkinu og manni líður svolítið eins og verkefnið hafi komið til manns. Ég hef tekið þátt í ýmsum verkefnum, sem óperusöngkona, leikstjóri, undirleikari og fleira til, og ég held þetta sé eitt skemmtilegasta verkefni sem ég hef unnið að hingað til. Þetta byrjaði út frá einni lítilli sögu sem varð að risastórum óð til mannfólks um að breyta hugsun sinni og hugsa betur hvert um annað og dýrin,“ segir Elín.



Aðstandendur Barnaóperunnar Jörðin okkar, frá vinstri: Elín Halldórsdóttir tónmenntakennari, Þorsteinn Gíslason, fulltrúi barnanna, og Rannveig Þorkelsdóttir leiklistarkennari. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sumardaginn fyrsta verða haldnar hverfahátíðir víðs vegar um borgina. Auk hverfahátíða verður barnamenningarhátíð í fullum gangi og þar er einnig fjölbreytt dagskrá. Til dæmis verður ratleikur fyrir börn um borð í varðskipinu Óðni frá klukkan 13 til 16 þar sem börnin fá að kynnast einstakri veröld varðskipsmanna.



www.itr.is
















ALHLIÐA GARÐAÞJÓNUSTA
• HELLULAGNIR
• SNJÓBRÆÐSLUR
• MALBIKSVIÐGERÐIR
• DRENLAGNIR
• HLEÐSLUR
HRINGIÐ Í SÍMA 661 2288
WWW.EDALVERK.IS
EDALVERK

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

**Trjáklippingar / fellingar / sláttur**
Öll almenn lóðaumhirða. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

## Bókhald

**FRAMTAL 2010**
**Góð og traust þjónusta fyrir einstaklinga og verktaka. Vönduð vinna. Ódýr þjónusta. Sæki um viðbótarfrest fram í maí.**
**Opið einnig um helgar.**
**Framtalsþjónustan, Ármúla 19, S: 533 1533.**

**Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.**
Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

**Skattaframtal 2010**
Bókhald,framtöl,stofnunfél,ársreikn.VSK uppgj, erfðarfjárskýrslur o.fl.HAGSTÆTT VERÐ. s. 517-3977,framtal@visir.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

**Strúctor byggingaþjónusta ehf**
**Tökum að okkur flísalögn, múrverk, málningu, pípulögn, raflögn og annað tengt viðhaldi á húsnæði.**
**Vönduð og góð vinnubrögð.**
**Uppl. s. 893 6994**

**N & V Verktakar ehf**
Flísar - parket - gifs- steinslípun - gifsmúr - mála og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

**Ryð og lekavarnir á þökum!**
Við sérhæfum okkur í viðgerðum og málun á öllum stærðum og gerðum þaka. Varist kostnaðarsamar framkvæmdir. Byggingarfélagið Reisir. S. 773 4441.

LP VERK
SÍMI: 698 6738
Allar almennar húsaviðgerðir !!
Múrarar
Smiðir
Flísalagnir
Málarar
Rafvirkjar
Píparar
Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu !
WWW.LP-VERK.IS

**Húsaviðgerðir**
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

**vandvirkur.is**
Vantar þig smið? Vandvirkir fagmenn. Tilboð eða tímavinna. vandvirkur.is. Uppl. í s. 663 0518 & 898 0771.

Málarameistari, múrarar, flísalagnir, parket, svo sem málun utan sem innan og steypumúr og margt fleira. s. 771 6673.

**Múrverktakar**
Múrvertakar geta bætt við sig öllu almennu múrverki og húsaviðgerðum. Einnig flísalagnir og hellulagnir. Margt kemur til greina. Tilboð eða tímavinna. S. 865 2782 og 699 0887.

## Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Vantar þig að láta gera við tölvu? Þá erum við rétta fólkið! Hafðu þá samband við okkur í síma 8665000 eða á netfangið asdisjenna@simnet.is

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s: 845-9969

**NUDD**
Whole body massage. S. 841 8529.

Whole body massage. S. 849 5247.

Good relaxing massage for men!!! S. 692 3219.

A whole body massage S. 895 6753.

Gott nudd - good massage. S. 844 0329 & 857 4850.

## Spádómar

**Spásímar Daddýar 846 6364 og 908 1888 - 250mín**
**Þegar þér hentar.**

**Steinunn 908 6060**
**Tarot, miðlun, trúnaður. Aðgát skal höfð í nærveru sálar.**
**Opið 12-23 S. 894 9228**
**Steinunn visa/euro**

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211

Þú átt skilaboð í svarboxinu á www.spamidill.is

Spái í spil, ræð drauma einnig í gegnum síma. Ekkert mínutugjald. S. 891 8727, Stella.

## Viðgerðir



**Reiðhjóla og sláttuvélaþjónustan - enginn biðtími !**
Tek við öllum gerðum af reiðhjólum og sláttuvélum. Einnig aðrar smávéla viðgerðir. Vagnhöfða 6, S. 821 0040.

Byggingarfélagið Fljót getur bætt við sig verkefnum. Erum með áratuga reynslu í smíðum og rafmagnsvinnu. Uppl. í s. 844-8741.

## Önnur þjónusta



**GreenHouse**
vor -sumarvaran er komin. Verið velkomin að sækja frían bækling. Eldri vara seld með miklum afslætti. Opið í dag þriðjudag 13-19 GreenHouse Rauðagerði 26.

## KEYPT & SELT

## Til sölu

Rí VERSLUN



Hillukerfi á frábæru verði
Rí verslun | Hamarshöfða 1, 110 RVK | sími: 511 1122 | riverslun@riverslun.is
www.riverslun.is

**Gámar til sölu:**



Eigum til sölu flestar stærðir og gerðir gáma, nýja og notaða á góðu verði s.s stálgáma, einangraða gáma, frystigáma, gámafleti, tankgáma og fl.
Stólpi-Gámar ehf, Klettagörðum 5, RVK. Uppl. í s. 568 0100 & 841 2040 eða stolpi@stolpiehf.is

**Inneign Gluggasmiðjan og VN**
**VN til sölu kr 1.000.000. (1 milljón) inneign á viðskiptanetinu, tilboð óskast.**

**Til sölu inneign hjá Gluggasmiðjuni ehf, Viðarhöfða kr. 490.000. tilboð óskast.**
**Uppl. s. 690 5161**



Stamping Nail Art. Sími 897 0584 & 578 5520. Heimilisfang Smiðjuvegi 4(Græn Gata).

Ísskápur á 10þ. Þvottavélar á 20-30þ. Stór amerískur þurrkari á 30þ. Þurrkari á 20þ. Barkalaus á 30þ., Uppþvottavél á 20þ.Bílahátalarabox á 5þ. CD á 4þ. Sófar á 10þ. Brauðrist á 2þ. Eldhúsborð á 5þ. Glerborð á 5þ. 28" tv á 10þ. Stólar á 3þ. Grill á 2þ. Teppi á 5þ. Línuskautar á 2þ. Rúm á 5 og 10þ. Flott klukka á 10þ. Stór vaskur á 3þ. Stál bakaraofn á 25þ. Bakaraofn með hellum á 10þ. S. 896 8568.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is**

**í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**Amerísk þvottavél**
Vantar ameríska þvottavél og ísskáp. Má vera bilað. Uppl. í s. 847 5545.

Reiðhjól eða fjallahjól óskast, má vera notað. Uppl. i s. 659 0576.

## Tilkynningar

**AÐALFUNDUR HÚSEIGENDAFÉLAGSINS**

Aðalfundur Húseigendafélagsins 2010 verður haldinn fimmtudaginn 29. apríl n.k. í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14, Reykjavík og hefst hann kl. 16:15

**Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.**

Stjórnin.

## Heimilistæki

**Þvottavélar, varahlutir.**
Til sölu yfirfarnar þvottavélar og þurrkarar. Tökum bilaðar upp í. Einnig mjög ódýrir VARAHLUTIR í þvottavélar. S. 847 5545.

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is



LAGERSALA Á ELDRI VÖRUM!!! 1.000-3.000.kr 1.000-3.000.kr. Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

## Fasteignir

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA / LEIGUMIÐLUN
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**Berjavellir - Hf - 2ja**



Vönduð 71,4 fm.2ja herb. íbúð í vönduðu lyftuhúsi. Laus strax. Rúmgóð forstofa m/skáp. Baðh. flísalagt með vandaðri innr. Rúmgott svefnh. m/góðu skápaplássi. Rúmgóð stofa m/útg á svalir. Eldhús er með vandaðri viðarinnr. Rúmgott þvottahús er innan íbúðar m/glugga. Stutt í verslanir og skóla. Létt kaup, fæst gegn yfirtöku lána auk sölulauna. Áhvílandi ca. 17,3 millj

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

EIGNAMIÐLUN Reykjavík



Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali
Frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins
Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is

**Háteigsvegur 3 - efsta hæð**




Vönduð endurnýjuð 3ja herb. enda íbúð á efstu hæð í nýlega endurnýjuðu húsi á frábærum stað við Háteigsveginn. Nýlegar innréttingar, gólfefni, fataskápar, flísar og fl. Laus strax. Mikil lofthæð. Íbúðin er undir súð að hluta og er því gólfflötur íbúðinar einhvað stærri. Glæsilegt útsýni. V. 23,9 m. 5601
**OPIÐ HÚS Í DAG (ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17:00 - 18:00**

**Gnitakór 7 - glæsilegt hús**




Vel skipulagt 386 fm einbýlishús á 2.hæðum á góðum útsýnisstað. Húsið er fokhelt en komnir gluggar og gler (að mestu leiti), útihurðir og svalahurðir (utan bílskúrshurð). Húsið er til afhendingar strax í því ásigkomulagi sem það er í. V. 36,4 m.5587 **OPIÐ HÚS Í DAG (ÞRIÐJUDAG) FRÁ KL. 17:00 - 18:00**

Auglýsingasími 512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

## Til bygginga




Til sölu Undirsláttarefni undir plötu, dregarar, járnstoðir, dokar, setur, 2*4, 1*6 og vinnuskúr. S. 663 4736

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Eðalnudd. Veldu það besta. S. 659 6019.

**NUDD**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net




**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Ýmislegt



Ertu með verki? Ný lyflaus verkjameðferð. 50-100% árangur í 85% tilfella. Uppl. og tímapantanir 772-0075, 772-5077 og 772 6816

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




**NORSKA - NORWESKI - ICELANDIC ANGIELSKI dla POLAKÓW**
ICELANDIC: Level I: 4 weeks Md to Fr; 10-11:30/18-19:30, start 26/4, 31/5, 5/7, 2/8. Level II: 4 w. Md to Fr; st. 19:45-21:15, st 26/4. Level III: 4w. 13-14:30 st: 26/4. Level V 4w. Mnd-Fri 8-9:30 st 26/4. NORSKA: 4 vikur, mán til fös 19:45 -21:15, stig I: 26/4 og stig II 31/5 ANGIELSKI dla POLAKÓW: 5 weeks: Md to Thu; st. 26/4, 31/5. Level I: 10:30-12 or 17:30-19:00. Level II: 9-10:30 or 17:30-19. Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu glæsilegur bókaskápur, 24 hillur áfastar við hornskáp. Mahogany viður. S. 587 6605.

## Dýrahald

**Labrador Hvolpar**
Ættbókafærðir frá H.R.F.Í. Tilbúnir til afhendingar. S. 863 8550

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði




**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
**Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Falleg 3ja herb. 75fm íbúð í Breiðholti, 110þ + húss. Laus. Uppl. i s. 842 2600.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

2 herb. íbúð í einbýlishús í Seljahverfi til leigu uppl. s. 6982261

Stúdíóíbúðir í hverfi 101. Til leigu. Uppl. í S. 866 7511.

Vantar meðleiganda 24-40ára, Seljbraut,aðgangur að baði,eldhú,þvottav. 35þ. S:8453379,amalía

Snyrtil kjallaraíbúð í 110. 2herb+ og þvottah. Reyklaus. 100þ m/öllu. kjallari@visir.is

**SKAMMTÍMALEIGU**
SKAMMTÍMALEIGU-ÍBÚÐIR-RVÍK Í miðbænum DRA.is/fyrirspurn á info@dra.is næg bílast 2-10 manna íbúðir

ROOM f/RENT w/FURNITURE IN 108 NEAR KRINGLA AND IN 109 AND 111 BREIÐHOLT 8973611

2 herb. íbúð í 108 Vogahv. fyrir reglus., reykl. og barnlaust par eða einstakl. 78 þ. Eldri en 26 ára. Uppl. í s. 898 7868 milli kl. 13-16.

Til leigu 125 fm einb. í 220. 120þ. á m. S 844 1247.

## Húsnæði óskast

Óska eftir húsnæði undir ísbúð. 150-200 fm. Uppl. í s. 892 7375.

## Fasteignir



120 m² ferðþjónustuhús til sölu , áður Kaffi Grindavík, gæti einnig hentað sem sumarh.,verslun, aðstöðuh. eða m.fl.. 300 m² sólp.. Hús sem er auðvelt að flytja. Gott verð. Uppl. í s: 8976302

## Sumarbústaðir

**Sumarbústaðarlönd til sölu.**
**Fallegar lóðir í landi Kílhrauns á Skeiðum, 19km austan Selfoss. Vegur, kalt vatn, rafmagn og sími að lóðamörkum. Lóðirnar eru frá 5000fm-11.600fm og kosta frá 1.800.000kr Hafið samband í síma 824 3040 Hlynur. Heimsíðan er: www.kilhraunlodir.is**

Aukin eftirspurn - Frí skoðun og verðmat. Jón Rafn hjá Valhöll s. 695 5520.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Heimilishjálp / Au pair í Kaupmannahöfn, Danmörku.**
**Leitum eftir stúlku til að sjá um almenn þrif á húsnæði c.a 30 klukkustundir á viku. Möguleiki á dönskunámskeiði. Reynsla af þrifum er kostur, í boði er eigið herbergi með baðherbergi og sérinngangi, Í þægilegur hverfi í Hellerup. Vinsamlegast hafið samband við Preben scheel, Aurehøjvej 24, 2900 Hellerup E-mail preben@bowling.dk**

**Kökuhornið Bæjarlind**
**Óskum eftir starfsfólki á tvískiptar vaktir 06:30-13:00 og 13:00-18:30 (ca. 73,43% starfshlutfall). íslenskukunnátta skilyrði. kokuhornid@kokuhornid.is S. 866 0060, Ingibjörg**

Ráðskona óskast á ferðaþjónustubýli á Suðurlandi. Um heilsárs starf gæti verið að ræða. Góð laun í boði. Uppl í s. 487 6666 eða mail: hestheimar@hestheimar.is

## Atvinna óskast

Smiðir geta bætt við sig verkefnum. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 862 7657 - 865 5795.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál




Karlmaður, tæplega fimmtugur, ríflega 120 kg, vill kynnast karlmanni með eitthvað nýtt og spennandi í huga. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8403.

Konur: Ríflega fertug kona vill kynnast konu með ljúfar stundir í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8318.

Kona á besta aldri vill kynnast karlmanni með ljúfa stund í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8607

Vel útlítandi kona á miðjum aldri, fjárhagslega sjálfstæð, vill kynnast vel útlítandi, fjárhagslega sjálfstæðum karlmanni. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8664.

# Tjónamatsmaður

**Tjónasvið Sjóvá óskar eftir að ráða tjónamatsmann ökutækja til starfa.**

Við leitum að aðila með fagmenntun í bílgrein, s.s. bifvélavirkja, bifreiðasmið eða bílamálara, sem hefur starfað við tjónaviðgerðir. Viðkomandi þarf að vera góður í mannlegum samskiptum, vera þjónustulundaður og ákveðinn. Tölvukunnátta er skilyrði og þekking á CABAS tjónamatskerfinu er kostur.

Vinsamlegast fyllið út umsókn á sjova.is undir **starfsumsóknir** merkt „Tjónamatsmaður" fyrir 26. apríl 2010. Nánari upplýsingar veitir Guðrún Inga Guðlaugsdóttir fræðslustjóri, í síma 440 2327.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 10-0467

SJÓVÁ

SJÓVÁ | KRINGLUNNI 5 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 440 2000 | FAX 440 2020 | SJOVA.IS | SJOVA@SJOVA.IS




# HÁGÆÐA MARGMIÐLUNAR SPILARAR

**TViX margmiðlunarspilarar** komu fyrst á markað á Íslandi árið 2005 og vöktu strax athygli fyrir gæði, hönnun og gott verð. Í gegnum árin hafa TViX margmiðlunarspilarar selst í tugþúsunda tali hér á landi. TViX er í dag leiðandi í hágæða margmiðlunarspilurum sem hafa unnið til fjölda verðlauna á borð við **EISA**, **red dot** ofl. Þegar leitað er að vönduðum margmiðlunarspilara sem spilar allar gerðir skráarsniða, og gerðar miklar kröfur til mynd- og hljóðgæða, þá er TViX það sem málið snýst um.



720P
HDMI
REC
LAN

## SJÓNVARPS FLAKKARI

### TViX R-3300

3.5" sjónvarpsflakkari með PVR/DVR upptökumögleika fyrir uppáhalds efnið þitt. HDMI, USB, LAN, AV tengi inn og út. Hægt að tengja við sjónvarp eða spila efni í gegnum USB eða net með tölvu. Getur einnig spilað af USB minnislyklum, öðrum USB flökkurum eða tölvum yfir LAN heimanet. Fullkomin fjarstýring. Tilvalinn til að geyma og spila allt margmiðlunarefni heimilisins.

**29.990kr.**

NÝ VARA



1080P
HDMI
H.264
LAN

## MARGMIÐLUNAR SPILARI

### TViX N-1 H.264

Nýr H.264 háskerpu margmiðlunarspilari sem spilar alla staðla í gegnum USB, nettengdar tölvur eða í sjónvarp. Spilar af USB minnislyklum, öðrum USB flökkurum eða tölvum yfir LAN heimanet. HDMI, Component og A/V tengi. USB, 10/100 Ethernet og SD/MS/MMC minniskortalesari. Fullkomin fjarstýring. Tilvalinn spilari til að spila allt efni af öðrum flökkurum í bestu mögulegu gæðum.

**39.990kr.**



1080P
HDMI
H.264
WiFi

## HÁSKERPU FLAKKARI

### TViX M-6600N

Nýr H.264 háskerpu sjónvarpsflakkari sem spilar alla staðla. LED skjár sem sýnir alla virkni, takkar til að stjórna án fjarstýringar, LAN, HDMI, Optical tengi. Má tengja við sjónvarp eða spila efni í gegnum USB eða net með tölvu. 10/100 Ethernet og **þráðlaust net**. SD/MS minniskortalesari. Spilar af USB minnislyklum, öðrum USB flökkurum eða tölvum yfir LAN heimanet. Frábær spilari til að geyma og spila allt efni í bestu mögulegu gæðum.

**64.990kr.**

## ÞRÁÐLAUST NETKORT

### TViX N-draft

Þráðlaust N-draft 300 Mbps netkort fyrir TviX spilara til að tengjast heimaneti þráðlaust. Passar fyrir R-2230, R-3300, N-1 og M-6600 spilarana. USB tengt.

WiFi CERTIFIED



**7.990kr.**

*Allar margmiðlunarflakkarar koma án harðs disks.Tölvulistinn býður upp á mikið úrval af hörðum diskum frá merkjum á borð við Western Digital, Samsung og Seagate. Við mælum sérstaklega með Western Digital Green diskunum sem eru mjög hljóðlátir og henta því vel í margmiðlunarflakkara.*

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |

**HAROLD LLOYD (1893-1971) FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI.**

*„Gamanleikur kemur að innan. Hann kemur frá andliti þínu og líkama.“*

***Kvikmyndaleikarinn og framleiðandinn Harold Lloyd var frægastur fyrir þöglar gamanmyndir sínar. Hann gerði tæplega tvö hundruð kvikmyndir á árunum 1914 til 1947. Margar skörtuðu áhættuatriðum sem hann framkvæmdi gjarnan sjálfur.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 20. APRÍL 1999**

## *Fjöldamorð í framhaldsskóla*

Á þessum degi árið 1999 réðust tveir drengir inn í Columbine-framhaldsskólann í Colorado-ríki Bandaríkjanna og skutu á nemendur og kennara. Tólf nemendur og einn kennari létu lífið í árásinni og 24 til viðbótar særðust. Drengirnir tveir, Eric Harris sem var átján ára og Dylan Klebold sem var sautján ára, voru nemendur við skólann og frömdu þeir sjálfsvíg að skothríðinni lokinni.

Upphaflega áætlun drengjanna var að sprengja tvær sprengjur í matsal skólans. Þeir komu sprengjunum fyrir og biðu þess að þær spryngju í bíl fyrir utan skólann. Þegar sprengjan sprakk ekki gengu þeir berserksgang með skotvopn á göngum skólans með fyrrgreindum afleiðingum.

Árásin vakti mikla athygli og hrylling um



allan heim. Þremur árum síðar sendi leikstjórinn Michael Moore frá sér heimildarmyndina Bowling for Columbine, þar sem kastljósinu var meðal annars beint að atvikinu í skólanum og almennri skotvopnaeign Bandaríkjamanna.

**MERKISATBURÐIR**

- **1602** Einokunarverslun Dana hefst á Íslandi.
- **1706** Miklir jarðskjálftar á Suðurlandi. 24 bæir falla til grunna í Ölfusi og Flóa. Ein gömul kona deyr á Kotferju en manntjón verður ekki víðar.
- **1912** Fenway Park er opnaður í Boston.
- **1916** Víðavangshlaup ÍR fer fram í fyrsta sinn.
- **1950** Þjóðleikhúsið er vígt. Framkvæmdir við það hófust 1928, en stöðvuðust vegna fjárskorts og síðar vegna hernámsins.
- **1968** Pierre Elliott Trudeau er kosinn fimmtándi forsætisráðherra Kanada.

**AFMÆLI**



**GRO HARLEM BRUNDTLAND** stjórnmálamaður er 71 árs.



**RYAN O'NEAL** leikari er 69 ára.



**JESSICA LANGE** leikkona er 61 árs.



**CARMEN ELECTRA** fyrirsæta er 38 ára.



†

*Okkar elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Áslaug Hannesdóttir,**

Grashaga 3c, Selfossi,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurlands að morgni 16. apríl sl. Útförin fer fram föstudaginn 23. apríl kl. 13.30 frá Selfosskirkju.

| | |
|---|---|
| Valdimar Jónsson | |
| Steingerður Katla Harðardóttir | Óskar Þorsteinsson |
| Hildur Harðardóttir | Bragi Birgisson |
| Haukur Harðarson | |
| Sveinn Harðarson | Sigurrós Ásta Jakobsdóttir |
| Sigrún Helga Valdimarsdóttir | |
| Guðrún Jóna Valdimardóttir | Ole Olesen |
| Steinar Ingi Valdimarsson | Jóhanna Guðjónsdóttir |

barnabörn og barnabarnabörn.



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hólmfríður Pálmadóttir**

frá Drangsnesi, Hrafnistu Reykjavík,

lést sunnudaginn 11. apríl. Útför hennar verður gerð frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 21. apríl klukkan 13.00.

| | |
|---|---|
| Steingrímur Einarsson | Sigrún Jóhannsdóttir |
| Jón Einarsson | Ingibjörg Hjörvar |
| Pálmi Einarsson | María Teodora Mumoz |
| Garðar Einarsson | Guðbjörg Bárðardóttir |
| Smári Einarsson | Bára Reynisdóttir |

barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**SPURT OG SVARAÐ** Þeim Steinþóri og Ölvi þótti vanta spurningaspil fyrir yngri kynslóðina á markaðinn og einhentu sér því í verkefnið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

HÖFUNDAR SPURT AÐ LEIKSLOKUM: GEFA ÚT FJÖGUR NÝ SPURNINGASPIL

# Spyrja börnin um plokkfisk

„Okkur þótti vanta tilfinnanlega spurningaspil fyrir yngri kynslóðina á markaðinn og ákváðum því að ráðast í þetta. Mörgum krökkum þykir auðvitað leiðinlegt að vera reknir í háttinn þegar foreldrarnir spila, en nú þurfa þeir ekki að örvænta lengur. Í barnaspilinu er spurt um allt milli himins og jarðar. Þarna eru til að mynda spurningar um Kardimommubæinn, plokkfisk, lönd á borð við Þýskaland, Jóhönnu Guðrúnu, Ingó, Veðurguðina og svona gæti ég haldið áfram endalaust,“ segir Ölvir Gíslason og hlær, en Ölvir er framkvæmdastjóri Ekki spurningar ehf. og annar höfunda að spurningaspilinu Spurt að leikslokum, sem kom út á síðasta ári.

Á sumardaginn fyrsta kemur út nýtt spurningaspil á vegum Ekki spurningar og er þar um að ræða spurningar sem eru sérhannaðar fyrir yngri kynslóðina, eða börn á aldrinum sjö til tólf ára.



**BARNALEIKUR** Hér sjást dæmi um spurningar sem finna má í barna-spurningaspilinu.

Ölvir og Steinþór Steingrímsson ákváðu að stofna Ekki spurningu ehf., sem Ölvir segir búa yfir alhliða spurningalausnum, þegar þeir misstu báðir vinnuna í kjölfar bankahrunsins haustið 2008. Þeir sjá ekki eftir því í dag, því að sögn Ölvis vakti Spurt að leikslokum-spilið mikla lukku og seldist upplagið upp fyrir jólin. „Við erum auðvitað ánægðir með viðtökurnar, en aðdáendur spilsins óskra á meira og við kunnum ekki við annað en að hlýða kallinu. Þess vegna sendum við frá okkur fjóra nýja spurningastokka. Með þeim fylgja líka spilaspjöld, þannig að bæði er hægt að nota þá eina og sér og sem viðbót við Spurt að leikslokum,“ segir Ölvir.

Á sama tíma og barnaspilið kemur í verslanir kemur svo út stokkur sem er tileinkaður HM í knattspyrnu. Í júníbyrjun koma svo seinni tveir stokkarnir út, annars vegar einn með spurningum úr öllum áttum, í sömu flokkunum og fólk þekkir úr Spurt að leikslokum og hins vegar stokkur með spurningum um popptónlist, kvikmyndir, útvarp og sjónvarp. „Maður vill auðvitað ekki taka of stórt upp í sig, en ég held að það sé alveg óhætt að fullyrða að engum eigi eftir að þurfa að leiðast framar,“ segir Ölvir glettinn á svip. **kjartan@frettabladid.is**

# Gróska í Garðabæ

Gróska eru nýstofnuð samtök myndlistarmanna og áhugafólks um myndlist í Garðabæ og á Álftanesi. Megintilgangur samtakanna er að efla stöðu myndlistar og stuðla að samvinnu félagsmanna. Gróska einsetur sér að standa fyrir einum til þremur listviðburðum á ári með hugsjónina „Myndlist er fyrir alla“ að leiðarljósi.

Dagana 22. apríl til 2. maí stendur yfir fyrsta samsýning 42 Gróskufélaga í Garðabæ. Heiti og þema sýningarinnar er BERNSKA og verður hún haldin í hinu opna rými göngugötunnar á Garðatorgi. „Þegar Gróska sýnir þá sýna saman byrjendur sem lengra komnir, lærðir sem leiknir,“ segir í tilkynningu.

Sýningin opnar klukkan 14 sumardaginn fyrsta og er opin alla dagana frá 10-18. **- ve**



**FJÖLSKIPUÐ SAMTÖK** Fjölmenni var á stofnfundi Grósku.

# Andrésar andar-leikarnir 35 ára

Andrésar andar-leikarnir verða settir á Akureyri í 35. sinn á morgun 21. apríl. Um 800 keppendur á aldrinum 7-14 ára eru skráðir til leiks og keppt verður í svigi og stórsvigi. Einnig verður keppt í göngu, bæði hefðbundinni og með frjálsri aðferð, auk ógleymdri keppni í þrautabraut.

Fjölmargir skíðamenn eiga ljúfar minningar frá leikum liðinna ára og ekki er óalgengt að sjá fyrrum keppendur mæta með börnin sín á leikana og margir af bestu skíðamönnum landsins byrjuðu keppnisferilinn þar. Aðstandendur mótsins eiga einnig góðar minningar og margir hafa unnið að mótinu öll þau ár sem leikarnir hafa verið haldnir.

Á annað hundrað manns koma að framkvæmd mótsins. Þeirra á meðal eru tveir sem áttu sæti í fyrstu Andrésar-nefndinni, Gísli Lórenzsson og Ívar Sigmundsson. Þeir, ásamt Leifi Tómassyni, Kristni Steinssyni og Hermanni Sigtryggssyni voru frumkvöðlarnir sem héldu mótið fyrst árið 1976 með góðum árangri.



**ANDRÉS** Leikarnir verða haldnir í 35. sinn.



**SUMRI FAGNAÐ** Kvöldvakan fer fram í Sögufélagshúsinu við Fischersund að kvöldi sumardagsins fyrsta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bjóða til kvöldvöku

Að kvöldi sumardagsins fyrsta, 22. apríl, bjóða Þjóðfræðistofa og Félag þjóðfræðinga til kvöldvöku í Sögufélagshúsinu við Fischersund.

Tiber Falzett, doktorsnemi við þjóðfræðideild Edinborgarháskóla, flytur fyrirlestur um ýmsar gerðir Bjarnasöngva sem varðveist hafa í gelískumælandi Nova Scotia og öðrum svæðum Norður-Ameríku. Þá segir Dr. Giulia De Gasperi frá Edinborgarháskóla frá vettvangsrannsókn sinni meðal íbúa ítalsk-kanadíska samfélagsins í Domion, sem er smáþorp á Bretónhöfðaeyju í Kanada. Dagskráin hefst klukkan 20 og er öllum opin og án endurgjalds.

Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu Þjóðfræðistofu, icef.is.

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurjón Árnason,**

andaðist á Landspítalanum fimmtudaginn 15. apríl. Jarðsungið verður frá Patreksfjarðarkirkju, laugardaginn 24. apríl kl. 13.00.

**Svanhvít Bjarnadóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður minnar, ömmu og langömmu,*

**Kristínar Friðriksdóttur,**
frá Raufarhöfn, Laugarásvegi 1.

**Jenný Lind Þórðardóttir**
**Kristín Þóra Vöggsdóttir**
**Guðrún María Vöggsdóttir**
**Zanný Lind Hjaltadóttir**
**Brynja Hjaltadóttir**
**Rakel Dögg Sigurðardóttir**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Björn Guðmundsson**
bóndi, Miðdalsgröf, Strandasýslu,

lést á Sjúkrahúsinu á Akranesi laugardaginn 17. apríl. Útförin fer fram frá Hólmavíkurkirkju laugardaginn 24. apríl kl. 14.00.

**Guðfríður Guðjónsdóttir**
**Anna Guðný Björnsdóttir** **Einar Páll Gunnarsson**
**Ásta Björk Björnsdóttir**
**Hildur Björnsdóttir**
**Reynir Björnsson** **Steinunn Jóhanna Þorsteinsdóttir**

---



*Okkar ástkæri unnusti, sonur og bróðir,*

**Guðmundur Kristinn Steinsson**
Stekkjargötu 9, Reykjanesbæ,

lést af slysförum laugardaginn 17. apríl. Útförin verður auglýst síðar.

**Berglind Harpa Ástþórsdóttir**
**Steinn Erlingsson** **Hildur Guðmundsdóttir**
**Einar Ó. Steinsson** **Sigríður Dagbjört Jónsdóttir**
**Dagný Alda Steinsdóttir**
**Una Steinsdóttir** **Reynir Valbergsson**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar og afi,*

**Óttar Kjartanson**
kerfisfræðingur,

lést á líknardeildinni í Kópavogi laugardaginn 17. apríl. Útförin verður auglýst síðar.

**Jóhanna Stefánsdóttir, Kjartan Sævar Óttarsson,**
**Oddný Kristín Óttarsdóttir og Karen Birta Kjartansdóttir.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og frænka,*

**Ásdís Sigurðardóttir,**
Stórholti 25,

sem lést á líknardeildinni í Kópavogi 15. apríl sl. verður jarðsungin frá Fossvogskirkju mánudaginn 26. apríl kl. 13.00.

**Christof Wehmeier** **Helga Óskarsdóttir**
**Arne Wehmeier** **María Björk Viðarsdóttir**
**Arne Karl Wehmeier** **Katrín Ýr Kristensdóttir**
**Tómas Helgi Wehmeier** **Daníel Ísak Maríuson**
**Berglind Helga Wehmeier** **Bjartur Christof Wehmeier**
**Hörður Logi Wehmeier**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Mogens Rúnar Mogensen,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi, föstudaginn 16. apríl. Útför hans fer fram þriðjudaginn 27. apríl frá Dómkirkjunni kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vildu minnast hans er bent á ABC barnahjálp, reikningsnúmer: 0344-26-1000, kennitala: 690688-1589.

**Diljá Gunnarsdóttir**
**Regin F. Mogensen** **Sara Lind Þórðardóttir**
**Birta Mogensen** **Jónas Árnason**
**afabörn.**

---

**Oddný Þorvaldsdóttir**
Furugerði 1

lést laugardaginn 17. apríl.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Ragnar Hólmarsson**

---



*Ástkær eiginkona, móðir, amma, dóttir, systir og tengdamóðir,*

**Jóhanna Lovísa Viggósdóttir (Hanna Lísa)**

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 23. apríl kl. 13.00.

**Þorsteinn Barðason**
**Þuríður Þorsteinsdóttir** **Anders Tærud**
**Kolbrún Þorsteinsdóttir** **Arnar Þorvarðsson**
**Barði Freyr Þorsteinsson** **Emelía Dís Torfadóttir**
**Viggó M. Sigurðsson**
**Egill Viggósson** **Sigurður V. Viggósson**
**Guðmundur Björnsson** **Benoní Bergmann Viggósson**
**Kolbrún Viggósdóttir**

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Jón Guðnason**
múrari, Árskógum 8, Reykjavík,

sem andaðist á Landspítalanum mánudaginn 12. apríl sl., verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 21. apríl kl. 15.00.

**Guðni Jónsson** **Guðbjörg Gylfadóttir**
**Kristín Jónsdóttir** **Gísli Vilhjálmsson**
**Gunnar Jónsson**
**Kolbrún Eiríksdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

---



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður minnar, systur, mágkonu og frænku,*

**Kristjönu Hólmgeirsdóttur**
frá Hellulandi, Aðaldal,
Tjarnarlundi 12f, Akureyri.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk öldrunarlækningadeildar Kristnesspítala fyrir einstaka umönnun, umhyggju og vináttu.

**Þorbjörg Aðalsteinsdóttir**
**Sigrún Hólmgeirsdóttir**
**Hermann Hólmgeirsson**
**mágkonur og systkinabörn.**






# Af grárri leðju og dómsdagsspám

**BAKÞANKAR**
**Önnu Margrétar Björnsson**

Ætli það sé ekki neisti innra með flestum okkar sem þrífst á spennu. Adrenalínkikkinu þegar við uppgötvum að við sitjum ekki einráð við stjórnvölinn og að lífið gæti hlaupið með okkur í áttir sem við ætluðum ekki að fara í. Eldgos og náttúruhamfarir kynda í þessum neista og þrátt fyrir að við höfum auðvitað öll áhyggjur af fólki og skepnum og býlum og flugsamgöngum þá er líka eitthvað dálítið spennandi og skemmtilegt við þetta allt saman. Það er öllum hollt að láta hrista aðeins upp í sér og muna eftir því að við erum bara peð í tafli æðri máttarvalda.



**EKKI** eru allir spenntir fyrir eldgosinu eins og gefur að skilja og þá sérstaklega þeir sem þurfa að sitja undir öskufallinu undir Eyjafjöllum. „Dimmt og ömurlegt," sagði safnvörðurinn á Skógum í gær og bætti við að það væri afskaplega dapurt að vera í þessu. Dularfull öskuþokan og grá leðjan sem myndast úr henni rifja jafnvel upp hjá manni kafla úr Hringadróttinssögu Tolkiens og landi hins illa, Mordor, skuggalönd hins illa Saurons þar sem fjöll spúðu eldi og myrkar verur fæddust úr svartri leðju.

**KVIKMYNDIN** 2012 og dómsdagsspár um heimsenda koma til hugar þegar jörðin opnast og ógnvænleg öskuský drottna á himnum. Djöfulleg mynd af gígunum í Eyjafjallajökli og fréttamyndir frá svartnættinu sem myndast þegar askan hylur sólarljósið vekja óneitanlega upp dálítið skrýtnar tilfinningar. Maður hugsar til þess þegar jörðin gerði lítið annað en að hegða sér einmitt svona, þegar eldar geisuðu í fornum heimsálfum og jarðskjálftar skóku allt fast land.

**ÉG** er hissa á því að það hafi ekki komið hrina frá trúarofstækismönnum um reiði guðs í formi spúandi eldfjalls. Sú eina sem ég hef rekist á er frá hægriöfgamanninum Rush Limbaugh sem tekst að túlka gosið á þann stórkostlega langsótta hátt að guð sé að refsa Barack Obama fyrir einhvern vitleysisgang í heilbrigðismálum Bandaríkjanna. Einhverjir sáu kannski andlit djöfulsins í eldgígunum í Eyjafjallajökli og tengdu gosið þar við refsingu guðs á vondum bankakörlum og 2007-sukki og siðleysi landsmanna. Sú kenning stenst ekki nema guð sé absúrdisti þar sem gosið gerði ekkert nema að bjarga neyðarlegri afsökunarbeiðni Björgólfs Thors og hefði lítil áhrif á útrásarvíkingana sem eru nú allir í útlegð erlendis. Ef eitthvert æðra máttarvald er að verki þá held ég frekar að það hafi aumkað sig yfir okkur Íslendinga með þessu kröftuga gosi. Það ákvað að við hefðum gott af því að breyta um umræðuefni og að við ættum skilið dálítið gott „PR- stönt" til að dreifa athyglinni frá óþægilegri málefnum.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Sumardagur á Stokkalæk

Ekki láta allir gjósku og öskustólpa hafa áhrif á sig austan heiða: Sumri verður heilsað í Selinu á Stokkalæk á sumardaginn fyrsta með því að félagarnir Gunnar Guðbjörnsson tenór og Jónas Ingimundarson píanóleikari halda þar ljóðatónleika. Á efnisskránni verða íslensk og skandinavísk ljúflingslög og lög eftir Richard Strauss. Tónleikarnir hefjast kl. 20 og verða kaffiveitingar í hléinu. Miðaverð er kr. 2.000 og miðapantanir í síma 487 5512 og 864 5870.



**TÓNLIST** Gunnar Guðbjörnsson söngvari.

Gunnar og Jónas eru löngu landskunnir en þeir hafa unnið saman á þriðja áratug. Þeir hafa haldið fjölda tónleika hér á landi og erlendis og bæði gert upptökur fyrir útvarp og gefið út geisladiska. Ferðir þeirra um Ísland eru orðnar margar og utan landsteinanna má nefna tónleika í Wigmore Hall í London og í óperuhúsinu í Wiesbaden í Þýskalandi.

Tónleikarnir á Stokkalæk á sumardaginn fyrsta eru upphafið að tónleikaferð þeirra en þeir félagar munu halda sams konar tónleika á næstunni í Reykholtskirkju, Salnum í Kópavogi og að svo búnu í Berlín og Freiburg. - pbb



**TÓNLIST** Álfavísur Jóns Leifs verða fluttar af Háskólakórnum í kvöld. MYND LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Álfavísur í kvöld

Háskólakórinn frumflytur Álfavísur eftir Jón Leifs á tónleikum sínum í Neskirkju í kvöld kl. 20.00.

Verkið var samið árið 1943 og er eitt þriggja kórverka sem tónskáldið nefndi Íslendingaljóð op. 30. Á tónleikunum verður einnig frumflutt kórverkið Til þín eftir Gunnstein Ólafsson við ljóð Birgis Sigurðssonar. Þá verða á efnisskrá kórlög eftir fjölmörg önnur íslensk tónskáld og madrígalar eftir Monteverdi.

Einsöngvarar á tónleikunum eru Aðalsteinn Ólafsson og Guðmundur Davíðsson. Stjórnandi Háskólakórsins er Gunnsteinn Ólafsson. - pbb



**TÓNLEIKAR** Jana María hyllir virtar söngkonur á tónleikum. MYND FRÉTTABLAÐIÐ/

# Lögin hennar Helenu

**Á fimmtudag, sumardaginn fyrsta kl. 20, verður leik- og söngkonan Jana María Guðmundsdóttir með tónleika í gamla samkomuhúsinu á Akureyri sem hún helgar lögum hinnar ástsælu söngkonu Helenu Eyjólfsdóttur.**

**Eru þetta fyrstu tónleikarnir sem hún hélt í röð sinni af tónleikum sem hún helgaði íslenskum dægurlagasöngkonum og er Helenu-dagskráin endurtekin vegna fjölda áskorana.** - pbb

# Barnamenningarhátíð á nesi og við flóa

Barnamenningarhátíð hófst í gær og fram á sunnudag verður viðamikil dagskrá í gangi um Reykjavík alla, nánast viðstöðulaust frá morgni til kvölds. Er best að líta á vef hátíðarinnar til að sjá hvaða er í gangi: http://barnamenningarhatid.is/dagskra/.

Það er víðar en í Reykjavík sem kallað er saman nú í vetrarlok: Listahátíð barna er nú haldin í fimmta sinn í Reykjanesbæ: hún er samvinnuverkefni Listasafns Reykjanesbæjar og allra tíu leikskóla Reykjanesbæjar. Hátíðin hefur vaxið og eflst með hverju ári og segja má að hún hafi orðið kveikjan að þeirri stóru barnahátíð sem nú verður haldin í Reykjanesbæ þar sem virðing fyrir börnum og störfum þeirra og þörfum er höfð að leiðarljósi.

Yfirskrift listahátíðar barna árið 2010 er Hafið og á öllum leikskólum hafa börnin fræðst um hafið með margvíslegum hætti.

Alls kyns listaverk hafa litið dagsins ljós, æfðir hafa verið nýir söngvar um fiska og haf, sjávardýr hafa verið krufin og svona mætti lengi telja.

Hápunkturinn er sjálf listahátíðin sem sett verður með formlegum hætti í Duushúsum á morgun, síðasta vetrardag, kl. 10.30. Það er vel við hæfi að sá viðburður verði einnig upphafsatriði Barnahátíðar í Reykjanesbæ.

Á listahátíðinni verður leitast við að skapa neðansjávarheim í Listasal með öllum þeim undrum sem þar finnast.

Listasmiðja verður starfrækt í Bíósal sem stendur öllum bæjarbúum opin og þar verða einnig myndlistarverk frá öllum leikskólunum.

Dagana 23.-30. apríl koma leikskólarnir í heimsókn og standa fyrir stuttri skemmtidagskrá sem er öllum opin. - pbb



**MENNING** Hátíðahöld barna tengd sumarkomunni eru orðin fastur liður við Faxaflóann með fjölbreyttri dagskrá. MYND LISTASAFN REYKJANESBÆJAR


GILDI
lífeyrissjóður

# Starfsemi á árinu 2009

(Allar fjárhæðir í milljónum króna)

| Efnahagsreikningur: | 31.12.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 79.975 | 70.713 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 120.167 | 106.194 |
| Veðlán | 14.407 | 13.444 |
| Bankainnstæður | 17.937 | 21.809 |
| Kröfur | 1.853 | 1.706 |
| Fasteign, rekstrarfjármunir og aðrar eignir | 232 | 226 |
| Skuldir | -7.265 | -5.150 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | 227.306 | 208.942 |

| Breytingar á hreinni eign: | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 10.840 | 11.354 |
| Lífeyrir | -7.884 | -6.671 |
| Framlag ríkisins vegna örorku | 965 | 614 |
| Fjárfestingartekjur | 14.821 | -34.231 |
| Fjárfestingargjöld | -146 | -138 |
| Rekstrarkostnaður | -272 | -265 |
| Aðrar tekjur | 40 | 47 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 18.364 | -29.290 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 208.942 | 238.232 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **227.306** | **208.942** |

| Kennitölur: | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Nafnávöxtun | 6,8% | -14,8% |
| Raunávöxtun | -1,5% | -26,6% |
| Hrein raunávöxtun | -1,7% | -26,7% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | -1,0% | 2,1% |
| Eign umfram heildarskuldbindingar (%) | -11,6% | -13,0% |
| Eignir í ísl. kr. (%) | 66,1% | 64,7% |
| Eignir í erl. gjaldmiðlum (%) | 33,9% | 35,3% |
| Fjöldi sjóðfélaga | 25.521 | 26.441 |
| Fjöldi launagreiðenda | 4.033 | 4.327 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 14.552 | 12.850 |

## Afkoma

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu 2009 var 6,8% sem jafngildir -1,5% raunávöxtun. Meðaltal raunávöxtunar sjóðsins s.l. 5 ár er -1% og 2% sl. 10 ár. Ávöxtun innlendra hlutabréfa var 0,9% og erlendra hlutabréfa sjóðsins 36% í íslenskum krónum, en til samanburðar hækkaði heimsvísitala hlutabréfa (MSCI) um 34,5%. Raunávöxtun skuldabréfa var -3% og skýrist neikvæð ávöxtun af niðurfærslum á skuldabréfum fyrirtækja og fjármálastofnana.

## Tryggingafræðileg staða - tillaga um lækkun réttinda

Staða sjóðsins er innan þeirra marka sem bráðabirgðaákvæði laga um lífeyrissjóði setur og er því ekki skylt að breyta réttindum sjóðfélaga. Það er hins vegar markmið að reka sjóðinn þannig að staða hans sé sem næst því að vera í jafnvægi. Stjórn Gildis hefur ákveðið að leggja fyrir ársfund tillögu um að áunnin réttindi sjóðfélaga verði lækkuð um 7% frá 1. janúar 2010. Lækkun á greiðslum til lífeyrisþega komi til framkvæmda í tvennu lagi, 3,5% 1. júní 2010 og 3,5% 1. nóvember 2010.

Réttindi voru lækkuð um 10% á árinu 2009 en hækkuð um 10% 2007 og 7% árið 2006 umfram vísitöluhækkanir, en lífeyrisréttindi eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs og breytast lífeyrisgreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölunni.

## Séreign

Árið 2009 einkenndist af útgreiðslum úr séreignardeild vegna breytinga sem gerðar voru á lögum um lífeyrissjóði. Breytingin heimilaði sjóðfélögum yngri en 60 ára að taka allt að 1 milljón króna út úr séreign á 9 mánuðum. Alls voru greiddar úr séreignardeild á árinu 550 milljónir króna og þar af voru 350 milljónir vegna lagabreytingarinnar.

Hrein eign séreignardeildar í árslok 2009 var 2.461 milljón króna og hafði lækkað um 27 milljónir króna frá fyrra ári. Raunvöxtun séreignardeildar sjóðsins var þannig: Framtíðarsýn I 8% (nafnávöxtun 17,2%), Framtíðarsýn II 0,8% (nafnávöxtun 9,5%) og Framtíðarsýn III sem er verðtryggður innlánsreikningur bar að meðaltali 5,2% raunvexti á árinu 2009.

## Ársfundur 2010

Ársfundur sjóðsins verður haldinn miðvikudaginn 28. apríl n.k. kl. 17.00 á Grand Hótel Reykjavík.

## Stjórn sjóðsins.

Vilhjálmur Egilsson, formaður
Friðrik J. Arngrímsson
Heiðrún Jónsdóttir
Sigurrós Kristinsdóttir

Sigurður Bessason, varaformaður
Guðmundur Ragnarsson
Konráð Alfreðsson
Sveinn Hannesson

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Árni Guðmundsson

GILDI
Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is

TUNGLIÐ auglýsingastofa

NÝTT Í BÍÓ!






















SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE CRAZIES | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| THE CRAZIES LÚXUS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 3.40 - 5.50 - 8 | L |
| DATE NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 2D | kl. 3.40 | L |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 | 10 |
| BOUNTY HUNTER | kl. 10.15 | 7 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| DATE NIGHT | kl. 8 - 10 | 10 |
| PRECIOUS | kl. 6 | 12 |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 5.50 - 8 | L |
| CLASH OF THE TITANS 3D | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| DEAR JOHN | kl. 8 - 10.20 | L |
| KÓNGAVEGUR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| THE GOOD HEART | kl. 5.50 | 10 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 10.10 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| BLACK DYNAMITE | kl. 10 íslenskur texti | 16 |
| IMAGINARIUM OF DR. PAR... | kl. 5.40 íslenskur texti | 12 |
| DIALOG | kl. 6 enskur texti | L |
| CRAZY HEART | kl. 8 - 10.15 íslenskur texti | L |
| UN PROPHÉTE | kl. 6 - 9 enskur texti | 16 |
| HACHIKO: A DOGS STORY | kl. 8 íslenskur texti | L |
| THE LAST STATION | kl. 8 enskt tal | 12 |
| RUDO Y CURSI | kl. 10.10 íslenskur texti | 12 |
| THE COVE | kl. 6 íslenskur texti | L |

SÝNINGARTÍMA BÍÓDAGA ER AÐ FINNA Á MIDI.IS

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE CRAZIES | 6, 8 og 10 | 16 |
| THE SPY NEXT DOOR | 4 | L |
| DATE NIGHT | 6, 8 og 10 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | 6, 8 og 10 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D | 4 | L |
| NANNY MCPHEE THE BIG BANG | 3.40 | L |













SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| KICK ASS | kl. 5:30 - 8 - 8:10 - 10:30 - 10:50 | 14 |
| KICK ASS | kl. 6:30 - 9:40 | VIP |
| CLASH OF THE TITANS | kl. 8(3D) - 10:30(3D) | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50(3D) | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| WHEN IN ROME | kl. 5:50 | L |
| THE BLIND SIDE | kl. 8 | 10 |
| MEN WHO STARE AT GOATS | kl. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KICK ASS | kl. 6 - 8 - 10:20 | 14 |
| CLASH OF THE TITANS - 3D | kl 8 - 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| KICK ASS | kl. 5:40D - 8:10D - 10:40D | 14 |
| CLASH OF THE TITANS 3D | kl. 8:10(3D) - 10:30(3D) | 12 |
| CLASH OF THE TITANS | kl. 5:40 -10:30 | 12 |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8:10 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN 3D M/ ísl. Tali | kl. 6(3D) | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 8 | 12 |
| CLASH OF THE TITANS | kl. 10:10 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 600*
*GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR



# Sjúklega töff nördar

Kvikmyndir ★★★★★

**Kick-Ass**

Leikstjóri: Matthew Vaughn

**Aðalhlutverk:** Aaron Johnson, Mark Strong, Chloe Moretz, Nicolas Cage

Lúðinn Dave er ósköp venjulegur myndasögunörd. Í klassískri tilvistarkreppu fórnarlambsins veltir hann þeirri sjálfsögðu heimspekilegu spurningu fyrir sér hvers vegna í ósköpunum enginn sé löngu búinn að fara að fordæmi ofurhetja myndasögublaðanna, skella sér í grímubúning og hjálpa lítilmagnanum í baráttunni við skúrka og skítmenni.

Hann ákveður að sitja ekki við orðin tóm, pantar sér búning og ræðst gegn glæpaskrílnum í hverfinu í gervi hetjunnar Kick-Ass. Þessi renglulegi unglingur á að vísu ekki mikið í skúrkana en lætur samt ekki deigan síga.

Á sama tíma gera grímuklæddu feðginin Hit-Girl og Big Daddy umfangsmiklum fíkniefnasala í New York skráveifur og ljóst að þau eru í ofurhetjubransanum af fullri alvöru. Hit-Girl er 11 ára en lætur sig ekki muna um að saxa glæpalýðinn í spað með hnífum, spjótum og sveðjum og er ekki síður skæð með skotvopn í höndum.

Feðginin vinna sín verk í kyrrþey þannig að Kick-Ass, sem er orðinn heimsfrægur á Youtube, er eignaður heiðurinn af blóðugum fíkniefnaforvörnum Hit-Girl og Big Daddy.

Mafían fær því vitaskuld mikinn áhuga á að hafa hendur í hári Kick-Ass og ýmissa bragða er beitt til þess að bregða fæti fyrir grímulúðann sem á sér varla viðreisnar von án Hit-Girl og Big Daddy.

Þessi mynd er í einu orði sagt frábær. Hún sprettur beint upp úr sprellfjörugri deiglu þar sem myndasaga og kvikmynd bráðna saman með sérdeilis prýðilegum árangri. Hér er í raun gert góðlátlegt grín að ofurhetjum en samt með fullri virðingu auk þess sem Kick-Ass er um leið fyrirtaks ofurhetjumynd þótt kempurnar búi ekki yfir neinum yfirnáttúrulegum eiginleikum. Þrátt fyrir gáskafullt yfirbragðið er ekkert gefið eftir í ofbeldinu sem er alveg hreint unun á að horfa þegar hasarinn byrjar fyrir alvöru.

Kvikmyndataka, klippingar og tónlistarval eru til stakrar fyrirmyndar og lyfta bardagaatriðum myndarinnar í hæstu hæðir. Þetta er allt svo yfirgengilega töff að um mann fer gæsahúð þegar litla 11 ára stelpuskottið með bleiku hárkolluna brytjar niður heilu herskarana af mafíósum.

Nicolas Cage er upp á sitt allra besta í hlutverki Big Daddy sem á óuppgerðar sakir við mafíósa sem hinn magnaði senuþjófur Mark Strong (Sherlock Holmes, Body of Lies, RocknRolla) leikur. Aaron Johnson er eðalnörd og maður getur ekki komist hjá því að míga á sig af hrifningu yfir Chloe Moretz í hlutverki Hit-Girl sem er aðaldrápsmaskínan í þessari æðisgengnu mynd.

**Þórarinn Þórarinsson**

**Niðurstaða:** Hreint út sagt frábær mynd í alla staði. Sjúklega töff, fyndin, spennandi og skemmtileg og ekki spilla dásamlegir ofbeldisballettar fyrir. Þeir sem missa af þessari fremja glæp gegn sjálfum sér.

## ELDGOSIÐ



Táningsstjarnan **Miley Cyrus** hefur bæst í hóp þeirra frægu sem hafa neyðst til að breyta áætlunum sínum vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Hún getur ekki verið viðstödd frumsýningu kvikmyndar sinnar, The Last Song, sem verður í London í þessari viku.



Miley er ekki eina stjarnan sem getur ekki verið viðstödd frumsýningu kvikmyndar sinnar því **Demi Moore** er í svipuðum málum. Hún átti að koma til London 23. apríl og svara spurningum breskra blaðamanna í kringum frumsýningu kvikmyndarinnar The Joneses en verður væntanlega að svíkja aðdáendur sína.



**Kristján Bjarki Jónasson**, formaður Félags bókaútgefanda, er einnig í miklum vandræðum því hann ætlaði að mæta á bókamessu í London í vikunni. Kristján þurfti að koma við í Barcelona en varð innlyksa og dvelur nú í Alicante.



**Heather Mills**, fyrrverandi eiginkona Sir Pauls McCartney, var í skíðaferðalagi í Austurríki en kemst hvorki lönd né strönd. Og börn nýjustu stjörnunnar í breskum stjórnmálum, Nicks Glegg, eru föst á Spáni. Til allrar blessunar stendur til að senda flugmóðurskip til Spánar svo að sólbrenndir Tjallar komist örugglega heim.



Bandaríski skemmtiþátturinn Saturday Night Live kaus að byrja á brandara um gosið á laugardaginn. Sjónvarpsmaðurinn Larry King og **Björk Guðmundsdóttir** fengu á baukinn í atriðinu þar sem *Björk* lýsti yfir að útflutningur Íslands á eldfjallaösku væri sá umfangsmesti í heimi og að landið væri lítill klettur sem væri að eyðileggja heiminn.




Einkaleyfastofan
Icelandic Patent Office

Alþjóðlegi hugverkaréttardagurinn

miðvikudaginn 21. apríl
í Þjóðmenningarhúsinu, frá kl 13.30 til 16.30

erindi undir yfirskriftinni
„Innovation – Linking the World"

*Setning:* Ásta Valdimarsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofu

Hilmar Janusson, framkvæmdastjóri rannsóknar- og þróunarsviðs Össurar

Einar Stefánsson, prófessor og yfirlæknir

Helga Valfells, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins

Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentors

Einar Mäntylä, yfirmaður hugverkasviðs Orfs Líftækni

Stefán Stefánsson, deildarstjóri einkaleyfadeildar Actavis

*Fundarstjóri:* Ásdís Magnúsdóttir frá Árnason Faktor

*Allir velkomnir*


AVATAR
MIÐNÆTUROPNUN
í Hagkaup Skeifunni og Garðabæ
Vertu fyrst/fyrstur að tryggja þér stærstu mynd allra tíma á DVD og Blu-ray HD!
AVATAR
AVATAR
DVD
KR. 2.799
Blu-ray
KR. 3.799
Árskort í bíó* fyrir besta Avatar búninginn!
Myndir teknar á staðnum og kosning á facebook.com/smarabio
Coca-Cola zero
1 líter af Coke Zero fylgir á meðan birgðir endast.
DVD VIDEO
Blu-ray Disc
50 ára
HAGKAUP
fyrir íslendinga í 50 ár
*Gildir frá 1. maí - 31. desember 2010

## > Framkonur hafa tapað sjö leikjum í röð



Framkonur bíða enn eftir fyrsta sigurleiknum sínum í úrslitaeinvígi um Íslandsmeistaratitilinn en þær geta bætt úr því þegar þær taka á móti Valskonum í Safamýri klukkan 19.30 í kvöld. Þetta er annar leikur liðanna í lokaúrslitum N1 deildar kvenna. Valur er 1-0 yfir eftir 20-19 sigur í fyrsta leiknum á Hlíðarenda á sunnudaginn. Þetta var sjöunda tap kvennaliðs Fram í röð í úrslitum Íslandsmótsins en Fram tapaði öllum þremur leikjum sínum í lokaúrslitum 1995 og 2009.

# sport

sport@frettabladid.is

**JÓNATAN ÞÓR MAGNÚSSON:** GERÐI ÞRIGGJA ÁRA SAMNING VIÐ KRISTIANSUND HK Í NOREGI

## *Líst mjög vel á að vinna með Gunnari*



Akureyringurinn Jónatan Þór Magnússon hefur gert þriggja ára samning við norska C-deildarliðið Kristiansund HK í handbolta. Hann heldur utan í sumar en þá mun núverandi þjálfari HK, Gunnar Magnússon, taka við þjálfun liðsins.

„Ég er mjög spenntur fyrir því að takast á við þetta verkefni og ég er mjög ánægður með samninginn," sagði Jónatan við Fréttablaðið í gær.

Stefnt er að því að fara með félagið upp í efstu deild á aðeins tveimur árum og er því ærið verkefni sem bíður þeirra Gunnars og Jónatans, ekki síst þar sem félaginu mistókst að komast upp í B-deildina nú í vetur.

„Við áttum ef til vill von á því að það myndi takast en það er bara eitt lið sem kemst upp og má því afar lítið út af bregða. En það breytir því ekki að það var alltaf planið að fara upp í efstu deild á tveimur árum og það stendur enn í dag."

Ásamt því að spila með félaginu mun Jónatan einnig sinna þjálfarastörfum samhliða því. „Það gæti verið að ég muni þjálfa meistaraflokk kvenna hjá félaginu en það er allt í bígerð og á eftir að koma betur í ljós. En það er þó ljóst að bæði ég og Gunnar munum vinna í innra starfi félagsins og að því að gera það stærra. Það er mjög gaman að fá að taka þátt í slíkri uppbyggingu."

Hann segist spenntur fyrir því að vinna með Gunnari sem hann hefur ekki gert áður. „Mér líst gríðarlega vel á hann enda greinilega gríðarlega fær þjálfari. Ég hef ekkert nema gott heyrt um hann og treysti honum fullkomlega fyrir því að taka þetta verkefni að sér."

Sjálfur vildi Gunnar ekki útiloka að fleiri íslenskir leikmenn yrðu fengnir til félagsins. „Við viljum bæta einum til tveimur leikmönnum við leikmannahópinn og erum að skoða leikmenn á Íslandi, í Danmörku og Noregi. Það virðist vera mikið úrval enda margir leikmenn nú að leita sér að nýju félagi," sagði Gunnar.





**Íþróttaæfingar fyrir börn með sérþarfir**

**Hefjast laugardaginn 24. apríl kl. 11.00 í Ásgarði í Garðabæ**

Æfingarnar eru ætlaðar öllum börnum sem geta ekki nýtt sér hefðbundið barna- og unglingastarf vegna fötlunar eða þroskafrávika.

Starfsemin er undir merkjum Stjörnunnar en öllum er velkomið að skrá sig til leiks. Æfingagjöld eru **3.000 kr.** fyrir æfingar í **8 vikur**.

Velkomið er að systkini iðkenda, foreldrar eða aðrir aðstandendur taki þátt í æfingunum og er markmiðið að allir njóti boltans með sínu lagi.

Áhugasamir eru beðnir að láta vita af sér á tölvupóstfangi ábyrgðarmanns, Ýrar Sigurðardóttur barnalæknis, yr@lsh.is


# Öruggar Keflavíkurhendur

**Fyrsti leikur Keflavíkur og Snæfells náði aldrei að verða spennandi. Heimamenn voru með leikinn algjörlega í sínum höndum og í seinni hálfleik aðeins spurning hver stór sigurinn yrði. Næst mætast liðin á fimmtudagskvöldið.**

**KÖRFUBOLTI** „Það eru allir búnir að tala um að viðureign Snæfells og KR hafi verið úrslitaserían. Við sýndum fram á annað í dag. Við erum komnir til að spila," sagði Hörður Axel Vilhjálmsson, leikmaður Keflavíkur, eftir að hans lið lagði Snæfell örugglega 97-78 í fyrsta leik liðanna um Íslandsmeistaratitilinn.

Keflvíkingar eru gríðarlega sterkir á heimavelli sínum og voru með leikinn í gær algjörlega í sínum höndum. Stemningin var á þeirra bandi og Snæfellingar áttu engin svör.

„Krafturinn og keyrslan hjá okkur gerði gæfumuninn. Við hefðum þó getað frákastað miklu betur í þessum leik og þá sérstaklega í fyrri hálfleik. Þessi úrslit endurspegla ekki muninn á liðunum. Við eigum von á hörkuleik á fimmtudag," sagði Hörður.

Stemningin í Keflavíkurliðinu var meiri í byrjun leiks á meðan Snæfellingar fundu engan takt í varnarleik sínum. Heimamenn voru með níu stiga forystu að loknum fyrsta leikhluta. Áfram héldu þeir að stjórna leiknum í öðrum fjórðung þar sem þó lítið skorað. Hörður Axel Vilhjálmsson var funheitur.

Snæfell hitti illa og var tólf stigum undir í hálfleik, staðan 53-41. Hlynur Bæringsson var þó að skila sínu og var með 15 stig og 8 fráköst að loknum fyrri hálfleik.

Í þriðja leikhlutanum gerðu Keflvíkingar svo út um leikinn og höfðu 23 stiga forystu fyrir lokaleikhlutann. Eftir það var þetta bara spurning hversu stór sigurinn yrði.

Heimamenn fögnuðu svo vel í leikslok en þó meðvitaðir um að einvígið er bara rétt að byrja. Draelon Burns, Urule Igbavboa og Hörður skoruðu allir tuttugu stig fyrir heimamenn.



**ÖFLUGUR** Uruele Igbavboa átti góðan leik í gær og skoraði 20 stig auk þess sem hann tók tíu fráköst. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Maður er aldrei sáttur við að tapa en við hittum Keflvíkingana í miklum ham og því miður var heildin okkar ekki til staðar," sagði Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells. Fyrir leik var spurningin hvort Sean Burton myndi geta spilað vegna meiðsla. Hann var með en hefði alveg eins getað verið heima.

„Hann var ekki nema skugginn af sjálfum sér en hann tapaði auðvitað ekki leiknum, það var liðsheildin sem gerði það. Hlynur og Siggi (Sigurður Þorvaldsson) áttu góðan leik en annars var liðið ekki að gera það sem það átti að vera að gera. Við þurfum bara að safna kröftum og fara yfir það sem við getum gert betur. Liðið þarf að komast upp á tærnar," sagði Ingi Þór.

elvargeir@frettabladid.is

### KEFLAVÍK–SNÆFELL 97-78

**Stig Keflavíkur:** Draelon Burns 20, Uruele Igbavboa 20 (10 frák.), Hörður Axel Vilhjálmsson 20, Sigurður Þorsteinsson 11, Gunnar Stefánsson 9, Gunnar Einarsson 7, Jón Nordal Hafsteinsson 4, Þröstur Leó Jóhannsson 2, Sverrir Þór Sverrisson 2, Davíð Þór Jónsson 2.

**Stig Snæfells:** Hlynur Bæringsson 22 (13 frák.), Sigurður Þorvaldsson 20, Jón Ólafur Jónsson 6, Sean Burton 6, Sveinn Davíðsson 6, Pálmi Freyr Sigurgerisson 4, Gunnlaugur Smárason 3, Martins Berkis 3, Kristján Andrésson 3, Emil Þór Jóhannsson 3, Páll Fannar Helgason.


*Max1 er 10 ára*

**Afmælistilboð**

**Fáðu 20% afslátt af umfelgun og jafnvægisstillingu, í dag!**

Hjólbarðar
Umfelgun
Jafnvægisstilling

**Sparaðu, láttu skipta um dekk hjá Max1**

**Höldum saman uppá 10 ára afmæli Max1**

Tvö verðdæmi:

**Umfelgun og jafnvægisstilling á fjórum fólksbíladekkjum á 12-16 tommu stálfelgum:**
Fullt verð: 6.240 kr.
Afmælistilboð: 4.992 kr.

**Umfelgun og jafnvægisstilling á fjórum fólksbíladekkjum á 12-16 tommu álfelgum:**
Fullt verð: 6.945 kr.
Afmælistilboð: 5.556 kr.

*Engar tímapantanir - komdu bara!*

Spurðu um hvað við getum gert meira fyrir þig og öryggi þitt. Komdu á Max1 í dag.

**Nýttu þér betri þjónustu á Max1**
- Max1 Smurþjónusta
- Max1 Hjólbarðaþjónusta
- Max1 Demparaþjónusta
- Max1 Rafgeymaþjónusta
- Max1 Bremsuþjónusta
- Max1 Peruskipti
- Max1 Rúðuvökvaþjónusta
- Max1 Þurrkublaðaþjónusta
- Max1 Þrifþjónusta

**Reykjavík:** Bíldshöfði 5a og 8, Jafnasel 6, Knarrarvogur 2, sími 515 7190.
**Hafnarfjörður:** Dalshraun 5, sími 515 7190.
**Akureyri:** Tryggvabraut 5, sími 462 2700.

MAX1 BÍLAVAKTIN

*Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is*


Barcelona mætir Inter í Meistaradeildinni í kvöld:

# Við erum betri núna

**FÓTBOLTI** Undanúrslit Meistaradeildar Evrópu hefjast í kvöld en Inter tekur þá á móti Evrópumeisturum Barcelona. Hið stjörnum prýdda lið Börsunga, með Lionel Messi innanborðs, varð að sætta sig við að ferðast með rútu til Mílanó í fjórtán klukkustundir þar sem flug liggur víða niðri í Evrópu vegna íslensku öskunnar úr Eyjafjallajökli sem nú liggur yfir meginlandi Evrópu.

„Þetta var ekki auðvelt ferðalag en ég hefði alltaf kosið að ferðast í fjórtán tíma með rútu fremur en að sitja heima og horfa á undanúrslit Meistaradeildarinnar í sjónvarpinu," sagði Pep Guardiola, stjóri Barcelona.

„En við munum mæta frábæru liði Inter enda þjálfari liðsins líklega sá besti í heimi," bætti hann við og átti þar við hinn portúgalska José Mourinho.

Sjálfur sagði Mourinho að Barcelona mætti búast við öðru og betra liði en þegar liðin mættust í riðlakeppninni í haust. Þá skildu liðin jöfn, 0-0, í Mílanó en Barcelona vann öruggan 2-0 sigur á heimavelli.

„Barcelona átti skilið að vinna þar sem okkur skorti getuna til að koma í veg fyrir þeirra yfirburði. En það var í nóvember. Þeir eru núna jafn góðir og þeir voru þá en við erum orðnir miklu betri," sagði Mourinho.

- esá



**JOSE MOURINHO** Er líklega sá besti í heimi, segir Pep Guardiola. NORDIC PHOTOS/AFP



**GÓÐIR SAMAN** David Ngog og Maxi Rodriguez fagna marki þess fyrrnefnda í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Liverpool í sjötta sætið:

## West Ham í miklum vanda

**FÓTBOLTI Liverpool endurheimti í gær sjötta sætið í ensku úrvalsdeildinni með 3-0 sigri á West Ham. Yossi Benayoun og David Ngog skoruðu mörk Liverpool í fyrri hálfleik en þriðja markið var sjálfsmark Roberts Green. West Ham hefur nú ekki unnið á Anfield í 47 ár og er þremur stigum frá fallsæti þegar þrjár umferðir eru eftir.** - esá

# BT Betra verð í BT

## PACKARD BELL EASYNOTE
TJ65

Intel Dual Core T4400 2.2GHz
4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
500GB SATA 5400RPM diskur
8xDVD SuperMulti DL skrifari
15.6'' HD LED CrystalBrite 1366x768
512MB Intel X4500HD skjástýring
300Mbps þráðlaust Draft-N net
0.3MP innbyggð vefmyndavél
Windows 7 Home Premium 64-BIT




129.999

## SAMSUNG R530
Sanp-r530-ja03se

15,6" LED HD 1366 x 768
Intel® Pentium T4300
NvidiaGF 512mb DDR með CUDA tækni
4Gb DDR3 vinnsluminni
500Gb 5400rpm SATA
300 Mbps Þráðlaust net
1.3 Mpixel vefmyndavél
Windows 7 Home Premium




149.999

## VERBATIM NANO
Þráðlaus mús

Þráðlaus mús
Lítil og nett
Nano USB sendir
Fáanleg í mörgum litum



4.999
6.799

## VERBATIM 320GB 2.5" FLAKKARI

320GB diskur
USB 2.0
Vegur aðeins 150GR
Fáanlegur í mörgum litum




14.999
17.999

## HP DESKJET D5560 WIFI

Þráðlaus ljósmynda-prentari

Þráðlaus ljósmyndaprentari
Upplausn 4800 x 1200 dpi
Allt að 28 bls á mín
USB 2.0 / WiFi 802.11 G



Kaupauki 4.999

17.999

## ION USB DJ GRÆJA

Fullkomin USB DJ græja
Crossfader
Bass og treble
Hugbúnaður fylgir



24.999
29.999

## ION PLÖTUSPILARI
Ion ptusb

Flottur USB plötuspilari
Innbyggðir hátalarar
RCA tengist við græjurnar
Hugbúnaður fylgir



10.000 kr verðlækkun

19.999
29.999

## ION FILMUSKANNI
FILM2SD

Skannar filmur og slides
Beint á tölvu eða á SD kort
5.0 MP upplausn
Hugbúnaður fylgir



24.999

## ZANUSSI ÞVOTTAVÉL OG ÞURRKARI

ZTK123



Barkalaus
þurrkari með
rakaskynjara
Þvottamagn 7kg
Kerfi fyrir
viðkvæman þvott
844x600x80mm

79.999

ZWH6125



1200 snúninga
þvottavél
Þvottamagn 7kg
Orkunýtni A/A/B
Fjöldi þvottakerfa

89.999

## ZANUSSI UPPÞVOTTAVÉLAR

ZDF511



12 manna
uppþvottavél.
5 kerfi
4 hitastillingar
A/A/A orkunýting
Hljóð 47 db(a)
85x60x61cm

89.999

ZWG3105



12 manna
uppþvottavél.
5 kerfi
4 hitastillingar
A/A/A orkunýting
Hljóð 47 db(a)
85x60x61cm

99.999

Með fyrirvara um prentvillur,myndbrengl og uppseldar vörur. Tilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum.

**BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444**

## > Neil Patrick Harris

„Ég er eirðarlaus manneskja. Sem betur fer er ég í þannig starfi að þegar mér er farið að leiðast þá get ég fært mig um set, tekið að mér annað hlutverk og fundið sjálfan mig upp á nýtt.“

*Neil Patrick Harris fer með hlutverk í þáttunum How I Met Your Mother sem sýnd-ir eru á Stöð 2 í kvöld.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON KVEÐUR SPAUGSTOFUNA

# *Merkileg tímamót í íslensku sjónvarpi*

Spaugstofan flutti hálfkveðna vísu á laugardaginn þegar kveðjulag hennar skildi áhorfendur eftir í lausu lofti. Svipmyndir frá gömlum þáttum liðu yfir skjáinn og maður fékk það óneitanlega á tilfinninguna að fjórmenningarnir hefðu nú sagt sinn síðasta brandara.

Spaugstofan er ákaflega merkilegt fyrirbæri í íslensku þjóðfélagi. Hún hefur verið spéspegill þjóðarinnar í rúma tvo áratugi og eflaust kann einhverjum að þykja það undarleg tilhugsun að sjá fyrir sér laugardagskvöld án Spaugstofunnar. Þjóðin virðist hafa haft óþrjótandi þörf fyrir að hlæja að opinberum persónum og efniviðurinn hefur svo sannarlega verið fyrir hendi. Og stundum hefur gustað um þá sjálfa, þeir hafa verið kærðir fyrir guðlast, sakaðir um kvikindisskap í garð borgarstjóra og svo felldi maður næstum tár þegar Randver Þorláksson kvaddi og hélt sína leið. Þættir á borð við Spaugstofuna eru mikilvægt sjónvarpsefni og svona þættir mega ekki falla í gleymskunnar dá. Á þeim tímamótum sem Ísland stendur nú er spéspegillinn lífsnauðsynlegur, þjóðin þarf að hlæja sig í gegnum þær hremmingar sem spillta embættismannakerfið, blindu stjórnmálamenninir og gjörspilltu auðjöfrarnir hafa kallað yfir hana.



Örn, Pálmi, Sigurður og Karl eiga hrós skilið en þeir geta ekki leyft sér að daga uppi í þessu djobbi eins og stjórnmálamennirnir sem þeir hafa gert grín að í öll þessi ár. Þeirra verður alltaf minnst fyrir einstök afrek í íslenskri sjónvarpssögu en nú er einfaldlega kominn tími á nýja sýn. Sjónvarpið verður að finna arftaka þeirra, hugsanlega leynast erfðaprinsarnir í síðasta áramótaskaupi sem með flugbeittri hæðni tókst að fanga andrúmsloft leikhúss fáránleikans. Sem Ísland óneitanlega er.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **19.45 How I Met Your Mother** STÖÐ 2



▶ **20.00 Into The Wild** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.05 Nýtt útlit** SKJÁREINN



▶ **21.40 Leiðin á HM** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.20 American Idol** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Jimmy Tvískór** (1:13)
**17.52 Sammi** (3:52)
**18.00 Múmínálfarnir**
**18.25 Meistaradeildin í hestaíþróttum 2010**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Íslandsmótið í handbolta** Bein útsending frá leik í úrslitakeppninni í handbolta.
**20.55 Skólahreysti 2010**
▶**21.40 Leiðin á HM** (9:16) Upphitunarþættir fyrir HM í fótbolta sem hefst í Suður-Afríku 11. júní. Í þáttunum er sýnt úr leikjum liðanna sem keppa í Suður-Afríku í undanriðlum keppninnar, leið þeirra á HM, helstu leikmenn og þjálfarar kynntir.
**22.10 Tíufréttir**
**22.20 Veðurfréttir**
**22.25 Whitechapel** (2:3) (Whitechapel) Breskur sakamálaflokkur. Í Whitechapel-hverfinu í London eru konur myrtar á hrottalegan hátt. Lögreglan stendur ráðþrota frammi fyrir vandanum en á daginn kemur að morðinginn hermir nákvæmlega eftir morðum Kobba kviðristu á 19. öld. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.15 Njósnadeildin** (7:8) (Spooks VII) (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.40 Fréttir** (e)
**00.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími:** Strumparnir, Bratz
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Einu sinni var** (8:22)
**10.55 Numbers** (10:23)
**11.45 Cold Case** (21:23)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 We Are Marshall**
**15.05 Sjáðu**
**15.30 Barnatími:** Ben 10, Risaeðlugarðurinn, Strumparnir
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (3:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (18:24)
▶**19.45 How I Met Your Mother** (2:20)
**20.10 How I Met Your Mother** (9:24)
**20.35 Modern Family** (12:24) Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerða nútímafjölskyldna.
**21.00 Bones** (11:22)
**21.45 Entourage** (12:12) Fimmta þáttaröðin um framabrölt Vincents og félaga í Hollywood.
**22.15 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft.
**22.40 Louis Theroux: Behind Bars** Athyglisverð heimildarmynd með Louis Theroux þar sem hann ferðast til Kaliforníu og lætur loka sig inni í San Quentin-fangelsinu og kynnir sér líf hinna illræmdu fanga þar og fangavarðanna sem leggja líf sitt og limi í hættu á hverjum einasta degi til þess að halda uppi lögum og reglu þar.
**23.45 Southland** (3:7)
**00.30 The Fixer** (1:6)
**01.15 We Are Marshall**
**03.25 Bones** (11:22)
**04.10 Modern Family** (12:24)
**04.35 Louis Theroux: Behind Bars**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## BÍÓ

**08.35 Fjölskyldubíó: The Wiches**
**10.05 French Kiss**
**12.00 Are We Done Yet?**
**14.00 Fjölskyldubíó: The Wiches**
**16.00 French Kiss**
**18.00 Are We Done Yet?**
▶**20.00 Into the Wild**
**22.25 Tomorrow Never Dies**
**00:25 Hot Rod**
**02.00 Half Nelson**
**04:00 Tomorrow Never Dies**
**06:00 Reign Over Me**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Iceland Express-deildin 2010** (Keflavík - Snæfell)Útsending frá leik Keflavíkur og Snæfells í Iceland Express-deildinni í körfubolta.
**15.20 Bestu leikirnir** Það var búist við hörkuleik þegar stórveldin tvö, FH og KR mættust í lok ágúst árið 2007. FH-ingar sýndu aftur á móti allar sínar bestu hliðar í leiknum og tóku KR-inga í sannkallaða kennslustund.
**15.50 Iceland Express-deildin 2010** Útsending frá leik Keflavíkur og Snæfells
**17.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem skyggnst er á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**18.00 Meistaradeild Evrópu** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
**18.30 Meistaradeild Evrópu** Bein útsending frá leik Inter og Barcelona í Meistaradeild Evrópu.
**20.40 Meistaradeild Evrópu**
**21.00 PGA Tour Highlights**
**21.55 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Inter og Barcelona í Meistaradeild Evrópu.
**23.35 Meistaradeild Evrópu**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Liverpool og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.
**15.10 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Man. City og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.
**16.50 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Birmingham og Hull í ensku úrvalsdeildinni.
**18.30 Coca Cola-mörkin**
**19.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Wigan og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
**20.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Portsmouth og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 Premier League Review**
**23.15 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Stoke og Bolton í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.25 Matarklúbburinn** (5:6) (e)
**07.55 Dr. Phil** (e)
**08.40 Pepsi MAX tónlist**
**11.55 Matarklúbburinn** (5:6) (e)
**12.25 Pepsi MAX tónlist**
**17.10 Dr. Phil**
**17.55 Worlds Most Amazing Videos** (10:13)
**18.40 Girlfriends** (10:22) (e) Gamanþáttur um vinkonur í blíðu og stríðu.
**19.00 Still Standing** (20:20) **Bandarísk gamansería um hina skrautlegu Miller-fjölskyldu.**
**19.20 America's Funniest Home Videos** (37:50)
**19.45 King of Queens** (19:25)
**20.10 Accidentally on Purpose** (13:18) Bandarísk gamanþáttaröð um konu á besta aldri sem verður ólétt eftir einnar nætur kynni með ungum kvennamanni.
**20.35 Með öngulinn í rassinum** (3:6) Ný, íslensk þáttaröð þar sem tvíburabræðurnir Gunnar og Ásmundur Helgasynir keppa í laxveiði og öllu sem viðkemur veiðinni.
▶**21.05 Nýtt útlit** (8:11)
**21.55 The Good Wife** (15:23)
**22.45 Jay Leno**
**23.30 CSI** (8:23) (e)
**00.20 Heroes** (16:26) (e)
**01.05 Heroes** (17:26) (e)
**01.50 Battlestar Galactica** (8:22)
**02.35 The Good Wife** (15:23) (e)
**03.25 King of Queens** (19:25) (e)
**03.55 Pepsi MAX tónlist**

## INN

**18.00 Úr öskustónni** Guðjón Bergmann fær góða gesti og ræðir málefni sem snerta alla.
**18.30 Golf fyrir alla** Nýr golfþáttur með Ólafi Má og Brynjari Geirssyni.
**19.00 Frumkvöðlar** Elínóra Inga fær góða gesti.
**19.30 Í nærveru sálar**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.35

### Modern Family



Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum alltof vel.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Whitechapel
### Sjónvarpið kl. 22.25



Bresk sakamálasyrpa í þremur þáttum sem gerist árið 2008 í Whitechapel-hverfinu í London. Þar eru konur myrtar á hrottalegan hátt. Lögreglan stendur ráðþrota frammi fyrir vandanum en á daginn kemur að morðinginn hermir nákvæmlega eftir morðum Jacks the Ripper eða Kobba kviðristu á 19. öld.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Söngfuglar
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Flakk
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Borg
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.05** Víðsjá
**17.00** Fréttir
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Ekkert eins og var
**21.20** Tríó
**22.10** Orð kvöldsins
**22.20** Fimm fjórðu
**23.10** Sumar raddir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## EXTRA

**17.00 The Doctors** The Doctors eru glænýir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**17.45 Ally McBeal** (3:22)
**18.30 Friends** (3:25)Bestu vinir allra landsmanna eru nú komnir aftur í sjónvarpið. Ein vinsælasta sjónvarpssería sem gerð hefur verið og ekki að ástæðulausu. Fylgstu með Ross, Rachel, Joey, Phoebe, Monicu og Chandler frá byrjun.
**19.00 The Doctors** The Doctors eru glænýir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**19.45 Ally McBeal** (3:22)
**20.30 Friends** (3:25)Bestu vinir allra landsmanna eru nú komnir aftur í sjónvarpið. Ein vinsælasta sjónvarpssería sem gerð hefur verið og ekki að ástæðulausu. Fylgstu með Ross, Rachel, Joey, Phoebe, Monicu og Chandler frá byrjun.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 That Mitchell and Webb Look** (1:6)
▶**22.20 American Idol** (30:43)
**23.45 American Idol** (31:43)
**00.30 Supernatural** (7:16)
**01.10 Sjáðu**
**01.40 Fréttir Stöðvar 2**
**02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.40** Sensitive Skin **13.10** The Weakest Link **13.55** New Tricks **14.45** Allo, ,Allo! **15.15** Only Fools and Horses **15.45** The Black Adder **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** Absolutely Fabulous **18.00** After You've Gone **18.30** Waterloo Road **19.20** Ashes to Ashes **20.10** After You've Gone **20.40** New Tricks **21.30** Jonathan Creek **22.30** Waterloo Road **23.20** Ashes to Ashes

## DR 1

**11.00** Aftenshowet med Vejret **11.30** Seinfeld **12.00** Soren Ryge præsenterer **12.30** Verdens vildeste tog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Family Guy **14.30** Splint & Co. **14.55** Minisekterne **15.00** Magnus og Myggen **15.15** Benjamin Bjorn **15.30** Lille Nord! **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Det sidstestik **18.00** Hammerslag **18.30** Spise med Price **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Talismanen **20.50** Kodenavn Hunter II **21.50** Dodens detektiver **22.10** Mission Ledelse

## NRK 1

**11.00** Aftenshowet med Vejret **11.30** Seinfeld **12.00** Soren Ryge præsenterer **12.30** Verdens vildeste tog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Family Guy **14.30** Splint & Co. **14.55** Minisekterne **15.00** Magnus og Myggen **15.15** Benjamin Bjorn **15.30** Lille Nord! **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Det sidste stik **18.00** Hammerslag **18.30** Spise med Price **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Talismanen **20.50** Kodenavn Hunter II **21.50** Dodens detektiver **22.10** Mission Ledelse

## SVT 1

**11.25** Bubblan **12.30** Spöket på Bragehus **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Skavlan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Kören - killar kan sjunga **19.00** Åh, Herregud! **20.00** Dox. Bananas **21.30** Kommissarie Winter **22.30** Bubblan **23.00** Det kungliga bröllopet **00.00** Il Postino




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég er að hlusta á Allt mitt líf með Ellý Vilhjálms, yndislegur diskur til að hlusta á meðan maður er að teikna.“*

Aron Bergmann, listamaður og leikmyndahönnuður.

# Garðar og Ásdís bíða eftir 17 milljónum

„Við verðum að sitja á rassgatinu og bíða eftir að eitthvað gerist. Þeir fá peninga annað slagið og greiða út og við erum að bíða eftir að það komi að okkur,“ segir fyrirsætan og athafnakonan Ásdís Rán Gunnarsdóttir.

Garðar Gunnlaugsson, eiginmaður Ásdísar, hefur ekki fengið greidd laun frá fótboltaliðinu CSKA Sofia í Búlgaríu svo mánuðum skiptir. Garðar spilar núna með LASK Linz í Austurríki og bíður eftir að búlgarska liðið greiði þeim hjónum um 100.000 evrur, eða um 17 milljónir íslenskar.

„Þetta var meira. Við gáfum þeim helmingsafslátt. Þetta voru 200.000 evrur,“ segir Ásdís. Hún segir launaleysið hafa skapað talsverð vandræði þar sem fjölskyldan lifir ekki á tekjum hennar til lengri tíma. „Það hefur mikil áhrif að fá ekki laun í marga mánuði,“ segir hún. „Ég er náttúrulega með mín laun en ég næ ekki að halda okkur uppi. Við erum með eignir og lán í þremur löndum: á Íslandi, í Svíþjóð og Búlgaríu. Við þurfum að borga mikið og ef við fáum ekki borgað fer allt í skít.“

CSKA Sofia er í miklum fjárhagserfiðleikum og hefur fengið frest fram að mánaðamótum til að greiða úr sínum málum, áður en viðurlögum verður beitt. „Ef þeir ná ekki að borga þá fer félagið líklegast á hausinn,“ segir Ásdís. „Þetta er stærsta liðið hérna og ef það færi á hausinn myndi það hafa alveg hræðilegar afleiðingar. Ég trúi ekki að þeir finni ekki peninga til að greiða upp skuldirnar.“

- afb



**FÁ EKKI GREITT** Fótboltafélagið CSKA Sofia á í miklum vandræðum og hefur ekki greitt Garðari milljónalaun sem hann á inni.



**LÁRÉTT**
**2.** eyja í asíu, **6.** persónufornafn, **8.** lengdarmál, **9.** veiðarfæri, **11.** guð, **12.** erfiði, **14.** togleður, **16.** tveir eins, **17.** mas, **18.** stykki, **20.** á fæti, **21.** há bygging.

**LÓÐRÉTT**
**1.** umdæmis, **3.** frá, **4.** verðgildi, **5.** maka, **7.** tilgátu, **10.** traust, **13.** bókstafur, **15.** skál, **16.** hylli, **19.** íþróttafélag.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** java, **6.** ég, **8.** fet, **9.** net, **11.** ra, **12.** streð, **14.** gúmmí, **16.** áá, **17.** mal, **18.** stk, **20.** tá, **21.** turn.
**LÓÐRÉTT: 1.** léns, **3.** af, **4.** verðmat, **5.** ata, **7.** getgátu, **10.** trú, **13.** emm, **15.** ílát, **16.** ást, **19.** kr.




BÚI BALDVINSSON: ELDGOSIÐ FARIÐ AÐ SKYGGJA Á BANKAHRUNIÐ

# Tuttugu beinar útsendingar á dag frá eldgosinu á Íslandi

Stærstu fréttastöðvar heims hafa verið að koma sér upp aðstöðu við rætur Eyjafjallajökuls og mikið aukaálag hefur verið á starfsmönnum íslensku fréttastofanna við að þjónusta erlendu stöðvarnar. Útsendingarbílar RÚV og Stöðvar 2 hafa verið í sólarhringsnotkun frá því fyrir helgi. Magnið af umfjöllun erlendra miðla um gosið er farið að nálgast þann mikla fjölmiðlasirkus sem ríkti í kringum efnahagshrunið og blaðamannafundina frægu í Iðnó. Fjöldi beinna útsendinga frá Íslandi er yfir tuttugu á dag.

Óðinn Jónsson, fréttastjóri RÚV, segir RÚV þjónusta evrópsku sjónvarpsstöðvarnar í samræmi við samstarfssamning EBU, Samtök evrópskra sjónvarpsstöðva. „Útsendingarbíllinn okkar hefur verið í nánast stanslausri notkun og við erum bara að redda þeim með hina og þessa hluti,“ segir Óðinn og bætir því við að tveir menn frá RÚV séu í fullri vinnu við að aðstoða erlendar sjónvarpsstöðvar. Óskar Hrafn Þorvaldsson, fréttastjóri Stöðvar 2, tekur í sama streng. „Útsendingarbíllinn hjá okkur hefur verið upppantaður allan sólarhringinn frá því fyrir helgi. Við erum einnig að senda út talsvert af myndefni og aðstoða þetta fólk við að koma sér upp aðstöðu þarna fyrir austan,“ útskýrir Óskar.

NBC, ITN, ABC, Sky News, BBC, Al Jaazera og ZDF eru í þessum ört stækkandi hópi erlendra fjölmiðla enda hefur eldgosið í Eyjafjallajökli lamað flugsamgöngur um allan heim. Búi Baldvinsson hjá framleiðslufyrirtækinu Kukli segist ekki muna eftir öðru eins en Kukl hefur séð um að aðstoða erlendu fréttastofurnar við beinar útsendingar. Askan úr Eyjafjallajökli sé farin að skyggja á bankahrunið. „Hér er búið að koma upp húsbíl, klippisvítu og það er mikil samkeppni um þjónustu,“ segir Búi og telur að nánast allur framleiðslubransinn hafi vinnu við að þjónusta erlendu fréttastöðvarnar.

Þótt flugsamgöngur séu lamaðar beita fréttastöðvarnar öllum brögðum til að geta flutt fréttir af hamförunum. „Já, það voru einhverjir erlendir fréttamenn sem voru bara hérna í fríi en þar sem þeir eru hvort eð er innlyksa þá voru þeir bara fengnir til að sinna fréttaflutningnum. Svo veit ég að norrænu stöðvarnar hafa grafið upp einhverja fréttaritara í Ameríku og sent þá hingað til að geta sinnt þessu,“ segir Búi.

freyrgigja@frettabladid.is



**GRÍÐARLEGUR FJÖLDI** Fréttastöðvar frá öllum heimshornum hafa verið með beinar útsendingar frá Íslandi undanfarna daga. Búi Baldvinsson hjá Kukli segir um tuttugu beinar útsendingar vera frá Eyjafjallajökli á dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Dorrit Moussaieff**, forsetafrú okkar Íslendinga, var meðal þeirra fyrirmenna sem heiðruðu Margréti Þórhildi með nærveru sinni á afmælisdegi Danadrottningar. Vegna eldgossins í Eyjafjallajökli urðu töluvert margar konungsfjölskyldur að afboða sig en Dorrit komst í tæka tíð. Dorrit er nú stödd í Bretlandi en þangað komst hún með því að nota bíl, lest og ferju.



Íslenskar fyrirsætur hafa verið að gera það gott undanfarið og setið fyrir hjá virtustu tískublöðum heims. Nýverið hóf síðan undirfatalínan The Lake & Stars nýja herferð sem þykir í erótískari kantinum en þar er **Elísabet Davíðsdóttir**, ein fyrsta íslenska ofurfyrirsætan, í aðalhlutverki.

**Ómar Eyþórsson** hefur verið ráðinn dagskrárstjóri X-ins 977, en útvarpsstöðin hefur verið dagskrárstjóralaus undanfarin misseri. Ómar ku ekki vera með stórar breytingar í farvatninu, en ætlar þó að skerpa á áherslunum og horfir til útvarpsstöðva í Bretlandi og Bandaríkjunum í því samhengi. Ómar hefur starfað á X-inu í nokkurn tíma og stjórnar morgunþættinum á virkum dögum. Hann er mikill tónlistargrúskari svo að dagskrárstjórnin er í góðum höndum. - fgg, afb






# Flíkur innblásnar af gosinu

„Þetta er allt í vinnslu núna en vonandi verða flíkurnar komnar í verslanir eftir rúman mánuð. Þetta var upprunalega hugmynd hönnuðarins Hörpu Einarsdóttur, sem hefur verið að hanna fyrir okkur upp á síðkastið. Hún heillaðist af þessum jarðhræringum og varð fyrir miklum áhrifum eftir að hafa skoðað gosið,“ segir Ásta Kristjánsdóttir, annar eigenda E-label, en verið er að hanna sérstakar flíkur fyrir merkið sem innblásnar eru af gosinu. Goslínan nýja mun innihalda bæði kjóla og boli og má búast við allt að fimm mismunandi stílum innan hennar.

Auk Hörpu Einarsdóttur hafa hönnuðirnir Eygló Lárusdóttir, Sara María Júlíudóttir og Erna Bergmann gengið til liðs við E-label. „Við fengum fleiri hönnuði til liðs við okkur í haust því við vildum fá aukinn ferskleika inn í hönnunina. Hugmyndafræðin að baki E-label verður þó enn sú sama og vinna hönnuðirnir innan þess ramma.“ Ásta segir gott að geta nýtt gosið til að koma hönnun E-label á framfæri í erlendum fjölmiðlum og segir fólk eiga að grípa tækifærin þegar þau gefast. „Við gátum tengt hönnun okkar við gosið í Eyjafjallajökli og með því vakið athygli á því sem við erum að gera. BBC fjallaði til dæmis um þessa línu síðastliðinn laugardag. Það er mjög erfitt og dýrmætt að fá ókeypis umfjöllun erlendis og því verður maður að grípa tækifærið þegar það gefst,“ segir Ásta. -sm



**NÝ GOSLÍNA** Harpa Einarsdóttir hannar nýja goslínu sem væntanleg er frá E-label. Hún sótti innblástur til eldgosins í Eyjafjallajökli. MYND/HARPA EINARSDÓTTIR



**GÓÐ MARKAÐSSETNING** Ásta Kristjánsdóttir, annar eigenda E-label, segir nýju línuna væntanlega í verslanir eftir mánuð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




SMÁRÉTTIR
Í HLÉI AÐ HÆTTI
SIGGA HALL
Pantaðu í miðasölunni
AÐEINS 1.500 kr.

Tryggðu þér miða á fyrstu sýningar

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim 22/4 | kl. 19:00 | U | Fös 30/4 | kl. 19:00 | U | Mið 12/5 | kl. 19:00 | Ö |
| Fös 23/4 | kl. 19:00 | U | Lau 1/5 | kl. 19:00 | U | Fös 14/5 | kl. 19:00 | Ö |
| Þri 27/4* | kl. 13:00 | Ö | Fös 7/5 | kl. 19:00 | U | Fös 21/5 | kl. 19:00 | Ö |
| Mið 28/4* | kl. 13:00 | Ö | Lau 8/5 | kl. 19:00 | Ö | Lau 22/5 | kl. 19:00 | Ö |

* Sýning fyrir 60 ára og eldri

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

SÍMI 5511200 LEIKHUSID.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS
**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst húsið
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Var með í atinu

Atgangur var mikill við rýmingu þegar gos hófst í Eyjafjallajökli í síðustu viku. Rýmdar voru sveitir og sumarhúsabyggðir, en meðal þeirra sem bústað eiga í Fljótshlíð er Björn Bjarnason, fyrrverandi dómsmálaráðherra. Hann ræddi stöðu mála í vegasjoppu á Hvolsvelli fyrir hádegi daginn sem gosið hófst fyrir alvöru, og um hádegisbil sást hann koma út úr varðstofu lögreglunnar á Hvolsvelli þaðan sem aðgerðum Almannavarna var stýrt. Þar hefur honum sjálfsagt verið vel tekið þrátt fyrir að vera nú hluti af almúganum, en ekki yfirvald.



### Sjúkir flokkar

„Flokkarnir eru sjúkir og þeir verða ekki læknaðir með því að verja þá," skrifar Kristinn H. Gunnarsson, fyrrverandi þingmaður, á vef sinn. „Framsóknarflokkurinn gekk kannski flokka lengst þegar hann rak þingmann sinn fyrir það að spila ekki með liðinu," segir Kristinn, sem hefur setið á þingi fyrir Alþýðubandalagið, Framsóknarflokkinn og Frjálslynda. Hann segir flokka eiga að vera samtök þar sem skynsemi og dómgreind ráði för. Spurning hvort nýr flokkur er í burðarliðnum…



### Ný tónlistarhátíð

**Marcel Deelen** og félagar í Reykjavík to Foundation hyggjast standa fyrir tónlistarhátíð í Reykjavík í júní. Óvíst er hvaða hljómsveitir koma fram á hátíðinni og eru aðstandendurnir þöglir sem gröfin. Það er þó ljóst miðað við blómstrandi tónlistarlíf landsins að margar frábærar hljómsveitir koma til greina. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stendur til að halda hátíðina í miðbæ Reykjavíkur, en akkúrat hvar hefur ekki fengist upp gefið. - afb



### Mest lesið vísir.is

1. Neyddur til þess að drekka stíflueyði – liggur á gjörgæslu
2. Dæmdur nauðgari einn þeirra sem var handtekinn
3. Alþjóðleg rannsókn á kókaíninnflutningi
4. Rauði krossinn veitir áfallahjálp á gossvæðinu
5. Bretar senda flotann til að sækja ferðamenn

Auglýsingasími
512 54 01




Allt sem þú þarft…





# Ávísun á lestur

Næstu daga fá allir landsmenn senda heim ávísun á lestur. Með hana í höndum geta allir fengið afslátt í bókabúðum ef keyptar eru bækur gefnar út á Íslandi fyrir 3.500 krónur að lágmarki.

**Þú gerir góð kaup … En ekki bara það.**

Þú tekur líka þátt í að styðja við lestur barna og unglinga á Íslandi. Bókasöfn grunnskólanna hafa orðið illa fyrir barðinu á kreppunni. Til að styðja við bókakaup þeirra hefur Félag íslenskra bókaútgefenda stofnað sérstakan sjóð, Skólasafnasjóð.

**Í hvert sinn sem þú notar Ávísun á lestur renna 100 krónur í sjóðinn.** Og þú getur haft áhrif á hvaða skóli fær úthlutun úr sjóðnum með því að skrifa nafn þíns skóla á ávísunina þegar þú notar hana.

**Lestur er undirstaða alls námsárangurs. Við viljum öll að íslenskir námsmenn séu í fremstu röð.**

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

DYNAMO REYKJAVÍK